

Var ekki tilbúinn í borgarstjóran

Gísla Marteini Baldurssyni þykir vænna um Reykjavík en Sjálfstæðisflokkinn. Hann segir meirihlutann sýna linkind í umhverfismálum. 80 manns deyi á ári af völdum loftmengunar í Reykjavík. ➔24



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Alinn upp í heimi tákna
Dan Brown rithöfundur um uppvöxtinn. ➔32



Enginn ósigur að vera lifandi
Ed Viestures segir að litlu fjöllin séu ekkert síðri en þau stóru. ➔22



Gyðjutrú á Íslandi
Valgerður Bjarnadóttir um femíniska trúarspeki. ➔34



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

MARKAÐURINN

Vettvangur viðskiptafrétta

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum



Veður



Hæg norðlæg eða breytileg átt í dag og víða dálítill skúrir eða él. Hiti víða 2 til 8 stig að deginum, mildast sunnan- og suðvestanlands.

SJÁ SIÐU 48



Endurnýja þarf gamla kvennaklefan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vilja setja 120 milljónir í gamla kvennaklefan

FRAMKVÆMDIR Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar hefur óskað eftir heimild borgarráðs til að bjóða út framkvæmdir við endurnýjun eldri búnings- og baðaðstöðu kvenna í Sundhöll Reykjavíkur. Er talið að framkvæmdirnar geti kostað allt að 120 milljónir króna.

Í greinargerð kemur fram að með opnun nýrrar útilaugar í desember hafi aðsókn að Sundhöllinni stórkostur og að mikið mæði nú á innviðum. Núverandi aðstaða dugi ekki til að anna aðsókn á álagstímum.

„Með endurnýjun gömlu kvennaklefan á jarðhæð Sundhallarinnar er hægt að mæta aukinni aðsókn. Aðstaðan getur nýst hvort heldur fyrir konur eða karla þar sem unnt er að stýra notkun eins og best þykir henta hverju sinni.“

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í júní og standi í fimm mánuði. Meðal annars sem þarf að gera er að endurnýja flisalögn kvennabaða gömlu Sundhallarinnar og stiga upp að innilaug. Þá eru flisar í sturtuklefa orðnar mattar, múr milli flisa farinn að losna og rakaskemmdir sjáanlegar á máludum flötum.

Viðgerðirnar eiga að vera í samráði við hönnuði, Minjastofnun Íslands og notendur. Sundhöllin var friðuð árið 2004. – smj



Allt að gerast



Verðandi stúdentar settu lífligan svip á höfuðborgina í gær þegar lokaársmenningar framhaldsskóla fóru í fríðum flokkum um götur og torg og skemmtu sjálfum sér og öðrum með innilegu gleðisprelli dimittantanna. Þessar stúlkur slógu ekki slöku við í fögnuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Bilun breytir Fréttablaðinu

FRÉTTABLAÐIÐ Glöggir lesendur Fréttablaðsins taka eflaust eftir því að blað dagsins er ögn stærra en venjulega. Þrjú af fimm prentturnum í prentsmiðju Ísafoldar biluðu um miðjan dag í gær. Þar með þurfti að færa prentun Fréttablaðsins övænt til Arvakurs.

Blaðamenn og annað starfsfólk Fréttablaðsins er alvant því að vinna undir álagi og mæta skilafresti klukkan tíu að kveldi. Hins vegar þurfti að flýta loka-skilum blaðsins í gær til klukkan 18.00.

Ritstjórn Fréttablaðsins nýtir tækifærið hér og óskar lesendum sínum góðrar helgar. – khn

Íslenskar bækur verða í nýju hljóðbóka-appi

Forlagið gefur í dag út hljóðbókar-app. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, segist vonast til þess að sem allra flestar bækur annarra útgefanda verði aðgengilegar í appinu. Hægt verður að kaupa stakar bækur.

BÆKUR Forlagið gefur í dag út hljóðbókar-app sem gerir notendum mögulegt að hlusta á bækur frá fjölda íslenskra bókaútgefanda í sínum og öðrum snjalltækjum.


„Við höfum fundið fyrir mikilli eftirspurn eftir lausn sem þessari og erum afskaplega ánægð með að geta loksins boðið bókaunnendum upp á þessa lausn,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Egill Örn segir nýja appið ekki sérstakt viðbragð við sænsku hljóðbókaveitunni Storytel sem haslaði sér völlu á íslenskum hljóðbókamarkaði í febrúar. „Við erum að selja allt aðra vöru. Hér kaupirðu einstakar hljóðbækur án skuldbindinga á meðan Storytel býður upp á áskrift,“ segir Egill Örn.

Þegar sú Storytel var opnuð lýstu nokkrir íslenskir rithöfundar, meðal annars Forlagshöfundar, efasemdum og óánægju með. „Þessar óánægjuraddir snerust fyrst og fremst um áhyggjur af því hvernig gert er upp í svona hlaðborðsfyrirkomulagi. Það er ekki vandamál þegar við erum að selja stök eintök og ég veit að margir höfundar sem voru óánægðir á sínum tíma biða spenntir eftir þessu appi.“

Fréttablaðið hefur haft spurnir af óánægju annarra útgefanda með app Forlagsins. Egill Örn kannast ekki við slíkt.

„Nei, alls ekki. Ég hef ekki heyrt um neina kergju og dettur ekki neitt



Appið, „Forlagið – hljóðbók“, má nálgast í App Store og Play Store. Bækur í appinu verða á sérstöky kynningarverði út maí.

annað til hugar en að hún muni þá stafa af ranghugmyndum um að þeim yrði ekki hleypt inn í þetta app.

Það er alls ekki tilfellið. Ég vil, þvert á móti, hafa sem allra flestar bækur

Ég hef ekki heyrt um neina kergju og dettur ekki neitt annað til hugar en að hún muni þá stafa af ranghugmyndum.

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins



annarra útgefanda þarna, rétt eins og í bókabúð Forlagsins á Fiskisloð.

Appið stendur galopið öðrum útgefendum og engum einum útgefanda verður hampað umfram annan.“

Meðal þeirra bóka sem koma út sem hljóðbækur í fyrsta sinn í dag eru Amma best eftir Gunnar Helgason, Ekki vera sár eftir Kristínu Steinsdóttur, Elin, ýmislegt eftir Kristínu Eiríksdóttur, Stofuhiti eftir Berg Ebba, Myrkríð veit og fleiri bækur Arnalds Indriðasonar eru nú einnig fáanlegar sem hljóðbækur á íslensku í fyrsta sinn.

Aðspurður hvort ekkert óeðlilegt sé við að stór útgefandi sé einnig efnisveita af þessu tagi bendir hann á nágrannalöndin. „Þvert á móti. Ef við horfum til nágrannalöndanna, svo sem í Svíþjóð og Noregi, þá eru hljóðbókaverslanir stórra útgefanda meðal stærstu endursöluáðilanna.“ thorarinn@frettabladid.is

Vina- hópur

olis

Höfum gaman af 'essu

Kynntu þér Vínahópin á olis.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

TOYOTA
C-HR
SJÁLFLAÐANDI HYBRID

ISLENSKASÍÐSTOV 81 153 0018



Verð frá:
C-HR – 3.940.000 kr.
C-HR Hybrid – 4.390.000 kr.

HYBRID Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Í fullkomnu flæði

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþrúðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 22.05.2018 TIL 28.05.2018


134 milljónir rúmar kvaðst Guðmundur Ingi Þóróddsson, formaður félagsfanga, hafa kostað skattgreiðendur þegar 15 ára afpláning hans lýkur.



82 prósent var hækkun á tekjum Errea á Íslandi milli árunna 2015 og 2016. Errea er fyrirtækið sem seldi EM-treyju íslenska landliðsins.

500

erlendir keppendur taka þátt í Fossavatnsgöngunni á Ísafirði. Alls verða keppendur um 1.000 í skiðagöngunni.




70,1%

var herbergjanýting á hótélum í mars sem er lækkun um 4,3 prósentustig frá mars 2017 þegar hún var 74,4%. Á sama tíma hefur framboð gistirýmis aukist um 8,3% mælt í fjölda herbergja.

1,9 milljónir

gistinátta keyptu ferðamenn í gegnum vefsíður á borð við Airbnb árið 2017. Tekjur gististaða sem seldu gistingu í gegnum Airbnb voru 14,7 milljarðar árið 2017 og jukust um 25% miðað við árið 2016.



24.700

voru launþegar í ferðaþjónustu í febrúar síðastliðnum. Hafði þeim fjölgað um 700 frá því í febrúar árið áður.

Þrjú í fréttum Horn, sigur og meistarar

Kjartan Ólafsson

lektor og hornleikari í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

sagði Sinfóníuhljómsveit Norðurlands standa á tímamótum því loksins gæti hún boðið sömu laun og fyrir samþættingu starfa í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kjartan er með alls konar hljóðfæri í sínum höndum. Eitt er horn sem John H. Burden blés í fyrir margar frægustu kvikmyndir allra tíma.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir

formaður Öryrkjandalags Íslands

fagnaði þegar Alþingi samþykkti lög sem festa persónulega notendastýrða aðstoð (NPA) í sessi sem eitt af meginþjónusturformum við fatlað fólk. „Við viljum árétta að sveitarfélögin hafa fullt frelsi til að gera eins marga samninga og hægt er og viljum auðvitað hvetja þau til að vinna sér strax í það mál.“ sagði Þuríður.



Karen Knútsdóttir

landliðskoná í handbolta

vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil með æskufélaginu, Fram, en Framkonur unnu 26-22 sigur á Val.



Karen kom heim í Fram úr sex ára atvinnumennsku fyrir tímabilið. „Tilfinningin er auðvitað bara frábær, hér ólst ég upp og náði loksins að vinna titil með uppeldisfélaginu.“ sagði Karen.

Harpa tapað 3.400 milljónum

Eigendurnir, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, hafa sett 8,2 milljarða króna í framlög frá því Harpa hóf starfsemi 2011. Hörpu blæðir peningum, segir borgarfulltrúi sem gagnrýnt hefur óskhyggju við rekstur hússins.

STJÓRNSÝSLA Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf., skilaði 243 milljóna króna tapi á síðasta ári samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins. Samanlagt tap rekstrarfélagsins frá því Harpa hóf starfsemi árið 2011 nemur nú rúmum 3,4 milljörðum króna. Þá hefur verið tekið tillit til framlaga eigendanna, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, á tímabilinu upp á ríflega 8,2 milljarða króna.

Annars vegar er um að ræða alls 7,1 milljarð króna í framlag ríkis og borgar vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar á tímabilinu og hins vegar ríflega 1,1 milljarð í bein framlög til reksturs Hörpu, sem farið var að greiða árið 2013. Rekstrarfélagið hefur aðeins einu sinni skilað hagnaði á fyrstu sjö árum starfseminnar í Hörpu. Það var árið 2013 þegar hagnaður nam 172 milljónum.

Viðvarandi taprekstur Hörpu hefur skilað sér í neikvæðri eiginfjárstöðu félagsins. Eigið fé félagsins var neikvætt um 47,5 milljónir króna í árslok 2017. Í skýrslu stjórnar Hörpu ohf. í ársreikningnum segir að fyrirsjáanlegt sé að eigið fé muni verða sífellt neikvæðara á næstu árum þó svo að sjóðstreymi og EBITDA verði áfram jákvæð en að unnið sé að því að tryggja Hörpu eðlilegan efnahagsreikning í samstarfi við eigendur. Í maí í fyrra samþykktu ríkið og borgin að veita Hörpu 450 milljónir króna í viðbótarrekstrarframlag. Í janúar síðastliðnum var að auki samþykkt að leggja móðurfélagi samstæðunna til 400 milljónir króna á árinu 2018.

„Samþykkt eigenda leiðir til þess að lausfjárstada félagsins er tryggt til ársloka 2018,“ segir í ársreikningnum.

Einn þeirra borgarfulltrúa sem



Nær samfelldur taprekstur hefur verið á Hörpu frá upphafi, eða sem nemur 3,4 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Taprekstur Hörpu ohf. í milljónum króna

	Tap/Hagnaður	Framlög eigenda*	Rekstrarframlag eigenda
2011	-320	794	
2012**	-1.419	982	
2013	172	1.025	171
2014	-545	1.053	167
2015	-442	1.069	170
2016	-606	1.087	191
2017	-243	1.106	450

Alls: 3,4 milljarðar kr. 7,1 milljarðar kr. 1,1 milljarðar króna

*Vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar **Fyrsta heilla rekstrarárið

hvað mest hafa varað við og gagnrýnt fjárustöðu eigenda í Hörpu er Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Hann segir að frá upphafi hafi honum þótt ljóst að forsendur fyrir byggingu og rekstri hússins hafa einkennst af óskhyggju. „Eftir hrúnið, þegar farið var af

stað á ný í þetta, var fullt við okkur kjörna fulltrúa, undir mikilli pressu um að halda verkinu áfram, að þeir fjármunir sem hið opinbera hefði lagt til myndu duga til byggingar og reksturs. Ég taldi það ólíklegt og svo fór að það dugði ekki til. Síðan hafa verið farnir nokkrir björgunarleið-



Kjartan Magnússon

angrar með auknum viðbótarframlögum og nýjum framlögum frá ríki og borg. Og mér heyrir í dag að það sé ekki nóg og enn meira þurfi til,“ segir Kjartan, sem fyrir nokkrum árum lagði til að rekstur hússins yrði boðinn út til að ná fram hagræðingu. Húsið gæti áfram sinnt mikilvægu menningarhlutverki sínu fyrir það. En síðan hafi Harpa haldið áfram að blæða peningum.

„Þetta eru gifurlega miklir peningar.“ mikael@frettabladid.is

Geri kröfu um aðhald

„Ég tel að borgin og ríkið eigi að gera þá kröfu til sinna stofnana að þær séu reknar í jafnvægi,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum.

Hann bendir á að einn stærsti útgjaldaliður Hörpu ohf. sé fasteignagjöld og ein ástæða tapsins sé hækkandi fasteignagjöld. Harpa sé ekki ein um það. Harpa hefur lengi deilt um fasteignamat hússins og fasteignagjöldin verið íþyngjandi.



Eyþór Arnalds

„Bæði fyrirtæki og heimili hafa fengið svakalegar hækkanir á fasteignagjöld líka. Húsnæðisvandinn í Reykjavík birtist hjá heimilunum, fyrirtækjunum og stofnunum eins og Hörpu. Það er eitthvað sem menn sáu ekki fyrir þegar farið var af stað, en það er hluti vandans.“

Meta verður hversu lengi verður reynt

„Það hefur verið krafan, en það hefur legið fyrir að það er þungur róður að reka þetta á núlli,“ segir S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, um rekstur Hörpu. Ýmislegt hafi verið rætt í þessu samhengi. Vonir stóðu til upphaflega að samkeppnisreksturinn, ráðstefnuhald og annað, myndi niðurgreiða menningarhlutann en það hafi ekki gengið eftir þó árangur hafi náðst. Horfast verði í augu við að ekki sé gerð sú krafa til margra menningarstofnana að þær standi undir rekstri sínum með sjálfsafhafingum. Staðan sé snúin og nema að einhver meiriháttar viðsnúningur verði muni ríki og borg þurfa að halda

áfram að leggja til viðbótarframlög til rekstursins.

„Við þurfum að skoða samhengið aðeins víðara, hvað þetta sé í raun að gefa af sér því ég leyfi mér að efast um að mikil sátt yrði í samfélaginu um að loka húsinu. Húsið er búið að vera starfandi frá 2011, reksturinn og umsvifin hafa aukist og batnað en það eru ákveðin vonbrigði að það hafi ekki náðst að láta þetta standa undir sér sjálft. Við megum þó ekki gefast strax upp á þeirri hugsun.“

En við verðum að meta hversu lengi á að reyna, áður en einfaldlega er sagt að hér verðum við að breyta strúktúrnum.“



S. Björn Blöndal

15%
afsláttur af

210 stk. Nicorette
nikótínlyfjatyggi, öllum bragðtegundum,
2 mg og 4 mg



Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint

Gildir til 13. maí 2018

nicorette
gerðu eitthvað magnað

lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil



7 ára ábyrgð á öllum
nújum Kia bílum*

www.kia.com

Kia Optima PHEV

– fyrir spennandi ferðalög

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi þeir kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abygd. Uppsættning á hleðslustöð samkvæmt skilmálum.



OPTIMA

ECO plug-in



The Power to Surprise

Komdu þér í stuð til að spara með Kia Optima

Kia Optima Plug-in Hybrid er sparneytinn 205 hestafla rafbíll, hlaðinn aukabúnaði. Þessi rúmgóði bíll fæst nú á enn betra verði og honum fylgir **hleðslustöð með uppsetningu, hleðslukapall og gúmmimotta í skotti** í takmörkuðu magni. Tryggðu þér Kia Optima Plug-in Hybrid í Sportswagon eða Sedan útgáfu með rafmögnum kaupauka.

Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Optima með 7 ára ábyrgð.* Við tökum vel á móti þér.

Kia Optima PHEV EX, á verði frá:

4.290.777 kr.

2,0 bensín/rafmagn, 6 þrepa sjálfskipting



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



AÐALFUNDUR 2018

Aðalfundur Félags íslenskra símamanna verður haldinn mánudaginn 30. apríl kl. 18.00 í húsi Rafiðnaðarsambandsins að Stórhöfða 31 (gengið inn Grafarvogsmegin)

Dagskrá

- Venjulega aðalfundarstörf
 - Skýrsla stjórnar
 - Reikningar félagsins
 - Umræða um skýrslu stjórnar
 - Kosningar
- Önnur mál

Kveðja, stjórn Félags íslenskra símamanna

21. maí í 7 nætur

2 fyrir 1 til

GRIKKLANDS

Ótrúlegt tilboð – allra síðustu sætin

Frá kr. 44.950

Beint flug til Apenu

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Apenu 21. maí í viku. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvöl stendur.

FLUGSÆTI

Frá kr. 44.950

Flugsæti fram og til baka með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 21. maí í 7 nætur.

FLUG & GISTING

Frá kr. 85.145

Netverð á mann m.v. 2 í herbergi á Hótel Flisvos í Tolo með morgunmat 21. maí í 7 nætur.



Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu



S A F T

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Vilja völlinn í Vatnsmýri



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, sem leiddi lista Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík 2014, fer fyrir nýju framboði sem var kynnt í gær. Nýja framboðið ber nafnið Borgin okkar Reykjavík. Hefur framboðið meðal annars á stefnuskránni að halda flugvellinum í Vatnsmýri og að auka framboð á lóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Enginn í velferðarnefnd skoðað gögn um Braga

Enginn í velferðarnefnd hefur skoðað gögn sem velferðarráðuneytið afhenti Alþingi á þriðjudag og varða störf Braga Guðbrandssonar, fráfarandi forstjóra Barnaverndarstofu, og kvartanir barnaverndarnefnda vegna hans.

ALÞINGI Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar Alþingis, hefur kallað Ásmund Einar Daðason, félags- og jafnréttisráðherra, á opinn fund nefndarinnar á mánudaginn. Halldóra sagði í yfirlýsingu í gær að umfjöllun Stundarinnar um mál Braga Guðbrandssonar, fráfarandi forstjóra Barnaverndarstofu, sýndi að ráðherra hefði sagt velferðarnefnd ósatt er hann gerði grein fyrir málinu á fundi með nefndinni í febrúar eftir að kvartanir barnaverndarnefnda vegna afskipta Braga af málum komust í hámaili.

Í umfjöllun Stundarinnar kemur fram að Bragi hafi beitt sér fyrir umgengnisrétti manns sem grundaður var um kynferðisbrot gagnvart dætrum sínum og að ráðherra hafi haldið upplýsingum um þessi afskipti Braga leyndum fyrir velferðarnefnd á fundi hans með nefndinni í lok febrúar. Halldóra segir að reynist þetta rétt sé ráðherra ekki sætt í embætti.

Velferðarnefnd hóf frumkvæðisathugun á kvörtunum barnaverndarnefndanna snemma í mars og í því skyni var kallað eftir öllum gögnum um málið; tölvupóstsamskiptum, minnisblöðum og öðru sem gæti varpað ljósi á málið og hvernig tekið var á því í ráðuneytinu.

Það er enginn búinn að kíkja á þetta ennþá. Gögnin eru bundin þannig trúnaði að við þurfum að fara upp á nefndarsvið og skoða þetta þar.

Halldóra Mogensen, þingmaður Pirata



Ég er ekki alveg búinn að gera það upp við mig hvort ég ætla að gera það og hvort við þurfum yfir höfuð að vera inni í tilteknu máli til að geta tekið þetta samtal við ráðherrann.

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður VG



„Við boðuðum barnaverndarnefndirnar á fund nefndarinnar þegar þetta kom upp og taldi ástæðu í kjölfar þeirra funda til að senda þessa upplýsingabeitni til ráðuneytisins. En það tók rosalega langan tíma fyrir þetta að berast til okkar,“ segir Halldóra en gögnin voru afhent velferðarsviði síðastliðinn þriðjudag, eða þremur dögum fyrir birtingu umfjöllunarinnar í Stundinni.

„Það er enginn búinn að kíkja á þetta ennþá. Gögnin eru bundin þannig trúnaði að við þurfum að fara upp á nefndarsvið og skoða þetta þar,“ segir Halldóra en hún hugðist sjálf kynna sér þau í gær en komst ekki til þess vegna álags á símanum. Halldóra segir óvist hvort nefndarmenn muni hafa kost á því að kynna sér gögnin yfir helgina, en hún hafi borið fram ósk þess efnis við þingið.

Andrés Ingi Jónsson, fulltrúi Vinstri grænna í velferðarnefnd hefur heldur ekki kynnt sér gögnin. „Ég er ekki alveg búinn að gera það upp við mig hvort ég ætla að gera það og hvort við þurfum yfir höfuð að vera inni í tilteknu máli til að geta tekið þetta samtal við ráðherrann.“

Ekki náðist í Ásmund Einar Daðason ráðherra við vinnslu fréttarinnar. adalheidur@frettabladid.is

weatherTM report

**VORLÍNAN
ER KOMIN Í
VERSLANIR**

Weather Report
er sænskur
útvistarfatnaður fyrir
alla fjölskylduna þar
sem lögð er áhersla
á gæði, þægindi,
hönnun og gott verð!



Pollagallar
með og án flís
st. 80-130

verð frá **6.499** kr

ALLIR ÚT AÐ LEIKA



ROSS

16" Ultra

Stell: Stálstell. Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C.
Annað: Hjálpardekk, bretti og karfa. Litir: blár og
appelsínugulur

vnr. 1114704, 1114703

27.999 kr

Sápukúlur

verð frá **149** kr



Fötusett

verð frá **999** kr



Opið allan sólarhringinn
Gardabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*



CITROËN C4 CACTUS
400.000 KR.
AFSLÁTTUR



Í tilefni þess að nýr C4 Cactus verður kynntur í maí þá seljum við síðustu bílana af núverandi gerð með 400.000 kr. afslætti! Keyrðu inn í vorið á nýjum, sparneytnum Citroën C4 Cactus!



Citroën C4 Cactus er nettur en rúmgóður með opið og bjart innra rými. Mælaborðið er stílhreint og 7" snertiskjári gerir allar aðgerðir einfaldar og þægilegar. Citroën C4 Cactus er sparneytnum, með skilvirkri vél og nýrri undurþýðri sjálfskiptingu.



CITROËN C4 CACTUS FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ

2.540.000 KR.

VERÐ ÁÐUR 2.940.000 KR.

KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN C4 CACTUS



citroen.is


Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, S. 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, S. 515 7050

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018 III

Akranes



Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014



Íbúar á Akranesi

1. janúar 2014
6.699
1. janúar 2018
7.259



Skuldir á hvern íbúa
852.745kr.

Skuldahlutfall árið 2014
126%

Skuldahlutfall nú*
94%



*Samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi

Framboðslistar á Akranesi

Framsókn og frjálsir

1. Elsa Lára Arnardóttir, skrifstofustjóri
2. Ragnar Baldvín Sæmundsson, verslunarmaður
3. Liv Áse Skarstad, húsmóðir
4. Karitas Jónsdóttir, verkefnastjóri

Sjálfstæðisflokkurinn

1. Rake! Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi
2. Sandra Margrét Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri
3. Einar Brandsson, bæjarfulltrúi
4. Ólafur Adolffson, bæjarfulltrúi

Samfylkingin

1. Valgarður Lyngdal Jónsson, bæjarfulltrúi
2. Gerður Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður
3. Bára Daðadóttir, félagsráðgjafi
4. Kristinn Hallur Sveinsson, landfræðingur

VG getur ekki mannað framboð á Skaganum

Þrjú flokkar hafa stillt upp framboði til sveitarstjórnar á Akranesi. Athygli vekur að Vinstri græn, flokkur forsætisráðherra, gat ekki mannað lista í þessu stóra sveitarfélagi og býður ekki fram. Fulltrúi meirihlutans segir fjárhaginn góðan.

AKRANES Sjálfstæðisflokkurinn hlaut hreinan meirihluta í síðustu sveitarstjórnarkosningum á Akranesi. Hins vegar ákvað flokkurinn, undir forystu Ólafs Adolffssonar, að taka með Bjarta framtíð við myndun meirihluta. Voru því Framsókn og frjálsir auk Samfylkingar ein í minnihluta á kjörtímabilinu.

Ljóst þykir að Björt framtíð ætlar sér ekki að bjóða fram í komandi kosningum og Vinstri græn, sem buðu fram í síðustu kosningum, bjóði ekki fram að þessu sinni.

Allir flokkarnir þrjú sem boðað hafa framboð eru með nýja oddvita með mismikla reynslu úr pólitiska starfi. Elsa Lára Arnardóttir, oddviti Framsóknar og frjálsra, sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn frá árinu 2013 en ákvað að segja skilið við landsmálin í fyrra.

Rake! Óskarsdóttir hefur verið bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins síðustu fjögur ár og leiðir nú listann og Valgarður Lyngdal Jónsson, oddviti Samfylkingar, leiðir listann í fyrsta skipti en hann hefur jafnframt verið bæjarfulltrúi á kjörtímabilinu.

Ólga í atvinnumálum á Skaganum hefur einkennt bæjarumræðuna síðustu árin eftir að HB Grandi ákvað að færa alla sína starfsemi frá Akranesi yfir til Reykjavíkur. Bæjarfélagið reyndi að fá fyrirtækið til að skipta um skoðun og bauð gull og græna skóga í viðræðum við félagið. En allt kom fyrir ekki og HB Grandi mun flytjast yfir flóann að fullu.

Gengið vel á tímabilinu

Rake! Óskarsdóttir segir kjörtímabilið sem nú er á enda og samstarfið við Bjarta framtíð hafa verið

með eindæmum gott. Uppgangur sé í sveitarfélaginu á sama tíma og skuldir þess lækki.

„Það verður leitt að sjá á eftir Bjartri framtíð. Samvinnan hefur verið góð á kjörtímabilinu og við höfum unnið þar með góðu fólki,“ segir Rake. „Við stefnum á að halda meirihlutunum í bæjarstjórn Akraness og leggjum störf okkar glöð í dóm kjósenda. Þetta hefur verið átakalaust kjörtímabil þar sem engir stórir slagir hafa verið teknir inni í bæjarstjórn og samtal meiri- og minnihluta hefur verið gott.“

Að mati Rake! verða atvinnumál og húsnæðismál í forgrunni í sveitarstjórnarkosningunum.

„Einnig hefur fjárhagur sveitarfélagsins tekið stakkaskiptum. Það var ekki mikill afgangur þegar við tókum við. Nú er aftur á móti að myndast svigrúm til að gera eitthvað spennandi og ætlum við að byggja upp fimleikahús og frístundamiðstöð við golfvöllinn á næsta kjörtímabili. Einnig þurfum við að skipuleggja íbúðabyggingu og auka framboð á húsnæði. Akranes er í sókn,“ segir Rake!.

Verðum að forgangsraða

Valgarður Lyngdal segir Samfylkinguna ætla að bæta við sig manni frá því sem nú er. Samfylkingin tapaði tveimur mönnum í kosningunum 2014 og vill efla stöðu sína aftur. Hann segir mikilvægt að forgangsraða í þágu grunnþjónustu bæjarins.

„Stóra kosningamálið er auðvitað það að núna á næstu árum munum við uppskera af þeirri stefnu sem var tekin í kjölfar hrunsins, að allt var

skorið niður við nögl, og öll áhersla lögð á að greiða niður skuldir bæjarins. Núverandi meirihluti hélt áfram þeirri stefnu sem okkar meirihluti mótaði þar á undan, að lækka skuldir og fara sparlega með fé og verja grunnþjónustu bæjarins,“ segir Valgarður.

„Við viljum forgangsraða til þeirra sem þurftu að taka á sig byrðarnar á þessum þröngu árum sem undangengin eru. við viljum byggja upp í þágu fjölskyldna og barna í bænum. Við þurfum að leggja auknið fé í skólana okkar og í grunnþjónustuna við börn í bænum,“ bætir Valgarður við.

Samfélagslegt verkefni

Elsa Lára Arnardóttir, oddviti Framsóknar og frjálsra, segir bæjarmála-pólitíkina á Akranesi vera ákveðna samfélagsvinnu þar sem allir eru sammála um markmiðin en útfærslan sé eitthvað sem hægt sé að vera ósammála um.

„Það er gott fólk í öllum flokkum og við viljum öll gera vel fyrir okkar sveitarfélag. Ég finn það að miklu jákvæðari andi ríkir í þessu en á þingi þar sem menn skiptast í fylkingar,“ segir Elsa Lára.

„Sveitarstjórnarkosningarnar munu snúast um nærþjónustuna okkar fyrir börn og fyrir aldraða í bland við atvinnumál sem skipa alltaf stóran sess hér. Það hefur gengið ágætlega á Skaganum og við erum með frábær fyrirtæki hér sem við þurfum að hlúa að. Einnig skipta samgöngur okkur máli þar sem fjórðungur íbúa sækir vinnu í höfuðborgina á hverjum morgni.“
sveinn@frettabladid.is

WOW PREMIUM



Fótarymi 94 cm +

WOW PREMIUM KYNNINGARVERÐ



Nú er tækifærið! Bókaðu draumaferðina á enn lægra WOW premium kynningarverði. Með WOW premium færðu enn meiri þægindi á mun betra verði – og það er sko allt innifalið! Tvær innritaðar töskur, handfarangur, veitingar um borð, forfallavernd, breiðara premium sæti með betra fótarymi og hraðleit í gegnum öryggisleit.

Láttu fara vel um þig og bókaðu strax í dag.

LONDON FRÁ
19.999 KR.*

FRANKFURT FRÁ
19.999 KR.*

BERLÍN FRÁ
19.999 KR.*

CHICAGO FRÁ
32.999 KR.*

SAN FRANCISCO FRÁ
39.999 KR.*

LOS ANGELES FRÁ
39.999 KR.*

WASHINGTON, D.C. FRÁ
32.999 KR.*

WOW
air

*Verð miðast við WOW premium aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró og flug bókað fram og til baka frá Keflavík. Tímabil: maí-júní og sept.-okt. Lægsta auglýsta verð miðast við MyWOW aðild.

Auglýsing um kosningu vígslubiskups í Skálholti

Síðari umferð kosningar til vígslubiskups í Skálholti er hafin, en um er að ræða póstkosningu sem fer fram á grundvelli starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017.

Eftirtaldir eru í kjöri:

Séra Eiríkur Jóhannsson,
Séra Kristján Björnsson.

Vegna mistaka sem urðu hjá Íslandspósti við útsendingu kjörgagna hefur kjörstjórn ákveðið að framlengja áður ákveðin frest sem kjósendur hafa til að skila atkvæði sínu til mánudagsins 14. maí 2018.

Kjósendi getur hvort sem er lagt sendiumslag með atkvæði sínu í póst eigi síðar en 14. maí nk. eða afhent það á biskupsstofu fyrir kl. 16:00 sama dag.

Allar nánari upplýsingar eru á vefsíðunni kirkjan.is

Reykjavík, 27. apríl 2018
f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar
Hjördís Stefánsdóttir, formaður.

Stórt skref í átt að friði

Allra augu voru á leiðtogum Norður- og Suður-Kóreu er þeir funduðu í gær. Fundurinn þykir vel heppnaður. Kóreustríðið senn á enda eftir 65 ára vopnahlé.

KÓREA Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, steig yfir landamærin og til Suður-Kóreu í gær og átti fund með Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í Friðarhúsi landamæraþorpisins Panmunjom. Í sameiginlegri yfirlýsingu leiðtoganna hétu þeir því meðal annars að vinna að afkjarnorkuvæðingu skagans.

Þetta var fyrsti leiðtogafundur ríkjanna tveggja frá því 2007 en þá, sem og árið 2000, funduðu leiðtogarnir í Pjongjang. Í þá daga var svokölluð sólskinsstefna höfð að leiðarljósi í Suður-Kóreu, stefna sem miðaði að bættum samskiptum við einræðisríkið, og má segja að hún sé nú snúin aftur eftir tíu ára fjarveru.

Afrakstur þeirra funda var hins vegar litill. Á sameiginlegum blaðamannafundi leiðtoganna sagði Kim þá hafa sammælt um að vinna að því að „hin óheppilega saga, þar sem árangur fjaræði út, endurtaki sig ekki“. „Það gæti komið bakslag. Við gætum lent í erfiðleikum og pírringi. En það er aldrei hægt að ná fram sigri án sársauka,“ sagði Kim.

Hvorki voru gerðir samningar né sáttmálar í viðræðum gærdagsins, enda þær frekar hugsaðar sem fyrsta stóra skrefið í átt að bættum samskiptum á Kóreuskaga. Eftirtektarverðar greinar yfirlýsingarinnar eru þó fjölmargar, þótt ekkert hafi verið um útskýringar á útfærslum loforða.

„Leiðtogarnir tveir lýsa því yfir, fyrir framan heimsbyggðina alla, að stríðinu á Kóreuskaga muni ljúka. Nú tekur við nýtt tímabil friðar,“ sagði í inngangi yfirlýsingarinnar.

Var því heitið að ráðast í annaðhvort þríhliða viðræður, með Bandaríkjunum, eða fjórhliða, með Kína þar að auki, til þess að semja endanlega um frið. Við lok Kóreustríðsins árið 1953 var það ekki gert, þá var samið um vopnahlé.

„Suður- og Norður-Kórea staðfesta sameiginlegt markmið sitt um kjarnorkulausan Kóreuskaga.



Vel fór á með Kim og Moon sem féllust í faðma í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Létt yfir fundinum

Létt andrúmsloft var yfir leiðtogaviðræðunum. Þetta sást strax þegar Kim átti að ganga yfir landamærin. Moon spurði Kim hvenær hann fengi að koma norður. „Hvað með að gera það bara núna?“ spurði Kim og leiddi Moon skref til baka yfir landamærin.

Athygli vakti þegar Moon lýsti yfir áhuga sínum á að skoða hið helga Paektu-fjall í norðri. Kom þá Kim með óvænta viðurkenningu: „Mér finnst nokkuð vandræðalegt hversu lélegir samgönguinviðir okkar eru.“

Kaldar núðlur frá Norður-Kóreu, stálu svo senunni. „Ég hef verið að skoða fréttirnar og fólk er mikið að tala um mat. Þannig að ég kom með kaldar núðlur frá Pjongjang svo Moon forseti geti notið þeirra. Endilega, herra Moon, fáðu þér af þessum gómsætu núðlum.“

Ríkin eru sammála um að skrefin sem Norður-Kórea hefur stigið séu þýðingarmikil fyrir afkjarnorkuvæðingarferlið,“ sagði enn fremur.

Hinn skyndilegi vilji Kim til að losa sig við kjarnorkuvopn sín, sem miklum fjármunum og tíma hefur verið varið í að þróa, hefur komið heimsbyggðinni í opna skjöldu. Enn er þó ekkert ljóst í þessum efnum og ber að minna á að Norður-Kórea hefur áður gefið sams konar loforð, þó ekki með jafn afgerandi hætti.

Þá komust mörg önnur smærri mál inn á borð leiðtoganna. Ætla ríkin að halda áfram að taka saman þátt á íþróttaleikum, sameina aðskildar fjölskyldur og bæta samgöngur yfir landamærin.

Ljóst er að stórt skref hefur verið stigið í átt að friði á Kóreuskaga. Fjölmörg önnur skref eru fram undan. Viðræður sendinefnda ríkjanna tveggja, fundur Kim með Donald Trump Bandaríkjaforseta í sumar og svo mun Moon ferðast til Pjongjang í haust. thorgny@frettabladid.is

ORKUSTOFNUN

Samgönguhjólreiðar - þróun og menning

Fyrirlestur um samgönguhjólreiðar á Orkustofnun, mánudaginn 30. apríl kl. 12:00-13:00.

Sesselja Traustadóttir frá Hjólafærni á Íslandi kemur og talar um þróun síðustu ára og horfir með okkur til framtíðar.

Einnig fjallar hún um öryggi hjólandi, hjólafærni, samvinnu í umferð, hjólaleiðir, hjólamenningu, aðbúnað fyrir hjól og ánægjuna sem fylgir fjölbreyttum samgöngum.

Fyrirlesturinn verður haldinn í Orkuarði, Grensásvegi 9, á vegum Orkustofnunar, í samstarfi við Grænu orkuna - samstarfsvettvang um orkuskipti.

Salurinn opnar kl. 12:00 og verður boðið upp á léttar veitingar í upphafi fundar. Fyrirlesturinn hefst kl. 12:15 og verður góður tími til umræðna að honum loknum.

Við biðjum fólk um að skrá sig á fundinn os.is

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is

OPINN FUNDUR - ALLIR VELKOMNIR

Réttur fatlaðs fólks í sveitarfélögum REYKJAVÍK

Tjarnarsalnum, Ráðhúsinu Reykjavík
fimmtudaginn 3. maí kl. 10-12

Opinn fundur ÖBÍ með framboðum til sveitarstjórnarkosninga.

Hver er réttur fatlaðs fólks í sveitarfélaginu?

Hverjar eru áherslur framboðanna varðandi:

Búsetu, atvinnu, NPA, skólamál, frístund, aðgengi, ferðapjónustu o.s.frv.

DAGSKRÁ

- Áherslur og stefnumál ÖBÍ: Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands
- Kynning á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks: Árni Múli Jónasson, þroskahjálpari
- Niðurstöður Gallup: Halldór Sævar Guðbergsson varaformaður ÖBÍ
- Frambjóðendur kynna sig og sínar áherslur
- Pallborðsumræður / Spurningar úr sal

Fundarstjóri: Þróstur Emilsson, ADHD samtökunum

ÖBÍ - EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!

Šumarverð ŠKODA



ŠKODA



ŠKODA Fabia
Listaverð: 2.230.000 kr.
Afsláttur: -240.000 kr.
Sumarverð: **1.990.000 kr.**

ŠKODA Octavia G-Tec
Listaverð: 3.350.000 kr.
Afsláttur: -360.000 kr.
Sumarverð: **2.990.000 kr.**



Kíktu á hekla.is/skodasumar
og sjáðu öll sumartilboðin!

ŠKODA Á SNILLDARLEGU SUMARTILBOÐI!

Nú bjóðum við takmarkað magn valdra bíla frá ŠKODA á einstöku tilboðsverði. Stundum þarf maður ekki að hugsa sig tvisvar um – gríptu þetta einstaka tækifæri og náðu þér í nýjan ŠKODA á snilldarverði. Hlökkum til að sjá þig!



Ársfundur 2018

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

verður haldinn þriðjudaginn 16. maí kl. 12.00 í húsaáskynnum Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Kynning á sameiningu sjóðsins við B deild Brúar lífeyrissjóðs

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Reykjavík 25. apríl 2018

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

Yfirlit yfir afkomu ársins 2017

Breyting á hreinni eign í m.kr.	2017	2016
Iöggjöld	356	322
Lífeyrir	-502	-437
Hreinar fjárfestingatekjur	318	124
Aðrar tekjur	31	30
Rekstrarkostnaður	-29	-28
Breyting á hreinni eign	174	11
	4.378	4.367
Hrein eign til greiðslu lífeyris	4.552	4.378

Efnahagsreikningur í m.kr.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.094	987
Skuldabréf	3.059	2.974
Veðlán	258	263
Bundnar bankainnviðskipti	10	1
Kröfur	70	56
Handbært fé	86	112
Ýmsar skuldir	-25	-15
Hrein eign til greiðslu lífeyris	4.552	4.378

Kennitölur

Nafnávöxtun	6,7%	2,2%
Raunávöxtun	4,9%	0,1%
Raunávöxtun 5 ára meðaltal	4,6%	4,9%
Raunávöxtun 10 ára meðaltal	2,4%	1,9%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	-5,2%	-3,6%
Virkir sjóðfélagar	80	92
Fjöldi lífeyrisþega	348	308

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinast við B deild Brúar lífeyrissjóðs

Stjórn sjóðsins og stjórn Brúar lífeyrissjóðs hafa samþykkt að sameina sjóðinn við B deild Brúar lífeyrissjóðs miðað við 1. janúar 2018. Það felur í sér að eignasafn B deildar Brúar lífeyrissjóðs og eignasafn sjóðsins verða sameinuð í eitt safn. Skuldbindingum hvers réttindasafns í B deild Brúar er haldið aðgreindum auk þess sem að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga helst óbreytt. Bæjarstjórn Kópavogsbæjar, Starfsmannafélag Kópavogsbæjar og Kennarasamband Íslands hafa samþykkt sameininguna.

Í stjórn sjóðsins sitja:

Gunnlaugur Júlíusson, formaður stjórnar,
Ása Richardsdóttir, Helga Elinborg Jónsdóttir,
Kristinn Sverrisson og Jón Júlíusson

Framkvæmdastjóri er: Gerður Guðjónsdóttir



Lífeyrissjóður
starfsmanna Kópavogsbæjar

Ókeypis í landhelginni

Tíu milljónir norskra eldislaxa í sjókvíum við Ísland eru tímasprengjur, segja landeigendur. Þeir fallist ekki á innblöndun norsku laxanna í íslenska stofna.

STANGVEIDI Félög veiðiréttarhafa í lax- og silungsveiði hafa að undanfögnu hvert á fætur öðrum mótmælt harðlega sjókvíaeldi á laxfiskum á Austfjörðum og á Vestfjörðum.

„Nú þegar eru meira en 10 milljónir norskra eldislaxa komnar í opnar sjókvíar á þessum svæðum og eru eins og tímasprengjur í náttúru landsins samanber stöðugar fréttir frá umhverfisslysum og óhöppum í eldinu,“ segir í ályktun aðalfundar veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár í Vopnafirði. Búnaður sem notaður sé í sjókvíaeldi standist ekki íslenskar aðstæður.

„Fundurinn mótmælir harðlega fyrirætlunum í frumvarpi til breytinga á fiskeldislögum að rekstrarleyfi verði gefin út til eilífðar (ótímabundin leyfi) sem og að innleiða eigi svokallað innra eftirlit, sem þýðir að eldisfyrirtæki hafi eftirlit með sjálfum sér.“ Aðeins verði sátt um lokuð eldiskerfi í landi eða lokuð kerfi í sjó með geldum laxi.

„Enginn veiðiréttarhafi eða náttúruvinnandi getur samþykkt heimild til 4 prósent innblöndunar norskra eldislaxa í villta laxastofna. Engin innblöndun er ófrávikjanleg krafa. Fundurinn krefst þess, að stöðvuð verði innrás útlendinga til ókeypis nýtingar á sjó í íslenski landhelgi.“

Aðalfundur Veiðifélags Vatnsdalsár tók í sama streng.

„Veiðifélagið mótmælir harðlega öllum hugmyndum um laxeldi í Ísa-



Veiðiréttarhavar í laxveiðiám telja sjókvíabúnaði ekki treystandi og segja stórslys óumflýjanlegt. NORDICPHOTOS/GETTY

fjarðardjúpi sökum nálægðar við húnvetnskar laxveiðiár og krefst þess að stjórnvöld standi vörð um íslenska náttúru og láti skammtíma gróðasjónarmið ekki villa sér sýn.“

Stjórn Veiðifélags Þverár í Borgarfirði hefur skorað á Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir stöðvun á frekari útgáfu á leyfum fyrir sjókvíaeldi. Í Noregi hafi ný leyfi fyrir slíku eldi ekki verið veitt um árabil.

„Vísindamenn hafa bent á að allar laxveiðiár landsins eru undir hvar sem sjókvíaeldið er staðsett. Nú þegar eru komnar allt að 10 milljón norskir eldislaxar í opnar sjókvíar á Vestfjörðum og Austfjörðum en

íslenski hrygningarstofninn telur innan við 50 þúsund laxa,“ segja þverármenn.

„Því verður ekki trúað að óreyndu að fólk vilji skapa störf í sínu héraði með því að eyða þeim annars staðar á landsbyggðinni og það með iðnaðareldi sem er bein atлага að náttúru og lífríki Íslands,“ segir í ályktun Þverárfélagsins. „Ísland er síðasta vígi villta Norður-Atlantshafslaxins. Okkur ber skylda til að vernda hann og skila til komandi kynslóða.“

Þá hafa veiðifélög Hafnalónsár í Þistilfirði, Viðidalsár í Húnavatnsýslu og Selár og Vesturdalsár í Vopnafirði mótmælt sjókvíaeldi harðlega. gar@frettabladid.is



Landsvirkjun

Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu **Margar hendur vinna létt verk sumarið 2018.**

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnið lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggja fram vel skilgreind verkefni. Umsóknarform með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir í síma 515 9000 og á netfanginu lettverk@landsvirkjun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2018. Umsóknarform er að finna á landsvirkjun.is.

HELGARTILBOÐ!



ÖLL
ÚTISÓFASETT

20%

AFSLÁTTUR

GILDIR EKKI MEÐ
ÖÐRUM TILBOÐUM

ALLAR STRIMLA-
OG RIMLAGARDÍNUR

20-30%

AFSLÁTTUR



ÖLL ELDHÚS- OG
BORÐSTOFUBORÐ

20-30%

AFSLÁTTUR



 **RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR TIL 29.04

VRUTUR VISA
KORTALÁN
ALLTAD 36 MÁNUÐIR

Netgíró

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN



SUMARGLEÐI BRIMBORGAR

MÖGNUM SUMARTILBOÐ!

PEUGEOT 308 ACTIVE STATION

LÁTTU GÆÐIN HEILLA ÞIG

Verð frá: 3.240.000 kr.

SUMARTILBOÐ:
2.890.000 KR.

AFSLÁTTUR
-350.000 KR.



FORD KUGA TREND EDITION

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

Verð frá: 4.200.000 kr.

SUMARTILBOÐ:
3.690.000 KR.

AFSLÁTTUR
-510.000 KR.



VOLVO V60 CROSS COUNTRY INSCRIPTION D3

VOLVO ÖRYGGI . VOLVO GÆÐI.

Verð frá: 6.104.000 kr.

SUMARTILBOÐ:
5.250.000 KR.

AFSLÁTTUR
-854.000 KR.



AFSLÁTTUR
-250.000 KR.



CITROËN C3 SHINE

MEIRA EN 25 ALPJÓÐLEG VERÐLAUN!

Verð frá: 2.390.000 kr.

SUMARTILBOÐ: 2.140.000 KR.

ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

PEUGEOT 2008 ACTIVE

LÁTTU GÆÐIN HEILLA ÞIG

Verð frá: 2.600.000 kr.

SUMARTILBOÐ:
2.390.000 KR.

AFSLÁTTUR
-210.000 KR.



MAZDA2 SUPERIOR

SUPERIOR PAKKI FYLGIR

Verð frá: 2.610.000 kr.

SUMARTILBOÐ:
2.390.000 KR.

AFSLÁTTUR
-220.000 KR.



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG

Ekki missa af fjörinu!
– Komdu í Brimborg í dag

Fortíðarþrá



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ari Edwald, forstjóri MS og fyrrverandi forstjóri 365 miðla, hélt erindi sem vakti mikla athygli á fundi Viðskiptaráðs á dögunum. Hann var beinskeyttur í gagnrýni sinni á samkeppnisfirvöld og sagðist telja þau iðka „gervivísindi“.

Með því virðist Ari eiga við að ákvarðanir og álit Samkeppniseftirlitsins stangist oft á tíðum á við upplifun þeirra sem starfa á markaði. Þannig hafi Samkeppniseftirlitið til að mynda ekki tekið tillit til veltu af sölu snyrtivara í Fríhöfninni við ákvörðun um samruna Lyfju og Haga.

Við sem starfað höfum á fjölmiðlum könnumst svo við þau dæmi sem Ari tekur af þeim markaði. Þannig hefur eftirlitið ýjað að því að Netflix-streymisveitan starfi ekki á sama markaði og íslensku sjónvarpsstöðvarnar, og virðist heldur ekki telja ólöglegar áskriftir að erlendum stöðvum á borð við Sky sem hluta af markaðsumhverfinu. Sama gildir um RÚV, en Samkeppniseftirlitið telur að áskriftarsjónvarp og opið sjónvarp tilheyri sitthvorum markaðnum.

Í öllum þessum tilvikum hefur niðurstaða Samkeppniseftirlitsins verið á skjön við það sem þeir sem starfa á markaðnum upplifa á degi hverjum. Samkeppniseftirlitið hefur með þessu búið til rísa þar sem engir eru og búið til hindranir að óþörfu í rekstri sem oft á tíðum hefur verið nógu erfiður fyrir.

Ari sagði jafnframt að það væri Samkeppniseftirlitsins að berjast gegn lögbrötum en ekki ráða því hvernig viðskiptalíf er byggt upp. Auðvitað mun Samkeppniseftirlitið alltaf hafa áhrif á það hvernig viðskiptalíf er byggt upp. Því valdi verður hins vegar að beita af ábyrgð, og aðstæður þarf að meta af yfirvegun og kunnáttu.

Upplifunin á markaðnum er sú að Samkeppniseftirlitið sé seint til að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðlegu markaðsumhverfi. Keppnautar Fréttablaðsins um auglýsingasölu eru til að mynda ekki lengur bara Morgunblaðið og nokkrir aðrir miðlar, heldur einnig alþjóðlegir risar eins og Facebook eða Google.

Costco er heldur kannski ekki með mesta markaðshlutdeild á Íslandi en er samt hátt í 200 sinnum stærra að markaðsvirði en Hagar sem þó er stærsta smásölu-fyrirtæki landsins. Costco gæti auðvitað, með smá lagni og þolinmæði, gert út af við innlenda keppnauti í verðstríði. Og setið svo eitt að markaðnum. Smásölu-fyrirtækin þurfa svo líka að glíma við internetrisa eins og Asos, eBay eða Amazon.

Í þessum breytta heimi duga ekki gömlu, góðu aðferðirnar. Eins og Ari bendir réttilega á er víða áhersla á að fyrirtæki á litlum markaðssvæðum fái að hagræða til að geta keppt við alþjóðlega rísa.

Skynsamlegt er að skoða þá samruna sem nú eru til umfjöllunar í því ljósi. Hætta fyrir innlenda verslun er sú að ef staðið er í vegi fyrir eðlilegri hagræðingu muni hún lognast út af og deyja drottinni sínum. Ekki yrði slíkt til að bæta samkeppnisumhverfið.



Samkeppniseftirlitið hefur með þessu búið til rísa þar sem engir eru og búið til hindranir að óþörfu í rekstri sem oft á tíðum hefur verið nógu erfiður.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Stórfyrirtæki og mannúð



Internetið hefur veitt hinum almenna manni forðumaldust vald. Svo hávær getur ein gagnrýnisródd verið á veraldarvefnum að meira að segja stórfyrirtæki skjálfa á beinunum. Af og til gerist það þó að hið jákvæða fær að enduróma um holrúm samfélagsmiðla. Í síðasta mánuði lét móðir Doron Salomon af störfum hjá matvörukeðjunni Sainsbury's í London eftir sex ár hjá fyrirtækinu. Slíkt telst vart í frásögur færandi. Færsla Doron um málið á Twitter hefur hins fengið hvorki meira né minna en fimm þúsund „læk“.

Móðir Doron var rétt rúmlega fimmtug þegar hún greindist með Alzheimer-sjúkdóminn. Hún starfaði sem bókarari en hætti að geta unnið með tölur. Í stað þess að hverfa af vinnumarkaði sótti hún um stöðu í Sainsbury's. Fékk hún starf við að tína saman vörur fólks sem pantaði mat í gegnum vefverslun fyrirtækisins.

Móðir Doron hafði mikla unun af vinnunni. En þegar heilsu hennar hrakaði óttaðist fjölskyldan að dagar hennar hjá Sainsbury's væru taldir. Því fór þó fjarri. Á Twitter segir Doron frá því hvernig verslunin aðlagði starfskröfnar að getu móður hans hverju sinni. „Sainsbury's hefur horft upp á móður minni hnigna svo mjög að hvern einasta dag allt síðasta ár mætti hún til vinnu svo ráðvillt að hún vissi ekki hvar hún var stödd og kannaðist ekkert við verslunina. En alltaf stóð verslunin við bakið á henni, lagði sig í líma við að sjá til þess að hún væri ánægð og sýndi henni að starfsframlag hennar væri mikils metið.“

Doron segir að ítrekað hafi fjölskyldan haldið að tími móður hans hjá fyrirtækinu væri að líða undir lok. „Í hvert sinn sem pabbi var boðaður á fund óttaðist hann það versta. En tilefnið var alltaf það að mömmu hafði hrakað og fyrirtækið vildi vita hvað það gæti gert meira til að létta undir með henni.“

Fyrirtækið bjó ítrekað til nýjar stöður sérstaklega fyrir hana. „Nú síðast sá hún um að þrifa vörusendingarilátin (þótt það hafi áður verið í verkahring annarra starfsmanna),“ segir Doron. „Fyrir mömmu var það mikilvægasta verk í heimi að þrifa ílátin. Hún taldi að

ef hún gerði það ekki gæti verslunin ekki starfað. Sjálfsvirðingin sem starfið hefur gefið henni og stoltið sem það veitir henni hefur án efa hjálpað í baráttu hennar við Alzheimer-sjúkdóminn.“

En að endingu var móðir Doron of veik til að vinna. Síðasti dagurinn hennar var „tilfinningaþrunginn“, skrifaði Doron á Twitter. Hann þakkaði Sainsbury's fyrir að hafa verið móður hans frábær vinnuveitandi. „Yfirmenn hennar sýndu einstaka mannúð, virðingu og reisu.“

Samfélagsleg ábyrgð

Þessi hjartnæma Twitter-frásögn kom mér til hugar þegar ég las örstutta aðsenda grein í Fréttablaðinu í vikunni. Greinin lét lítið yfir sér. Um var að ræða skrif starfsmanna Vinnuálastofnunar sem styðja fólk með skerta starfsgetu til þátttöku á almennum vinnumarkaði. Tilefnið var „blár aprílmánuður“, vitundarvakning um einhverfu. Með greininni vildi starfsfólki þakka þeim fyrirtækjum sem stofnunin hefur verið í samstarfi við jafnframt því að hvetja fleiri fyrirtæki til að „skoða landslagið hjá sér og athuga hvort ekki séu tækifæri í starfsemi þeirra til að bjóða einstaklingum með einhverfu til starfa“.

Flest tókum við eigin atvinnuþátttöku sem sjálfsgöðum hlut – svo sjálfsgöðum að við eyðum eflaust fleiri stundum í að barma okkur yfir litlu hlutunum sem pirra okkur í vinnunni en að velja fyrir okkur hvaða áhrif atvinna okkar hefur á sjálfsmynd, félagstengsl og velliðan. Ekki eru allir hins vegar svo lánsamir.

Einhverfa. Alzheimer. Ástæður þess að fólk heldist úr lestinni á vinnumarkaði eru margar. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar að tryggja sem flestum tækifæri til atvinnuþátttöku, forða fólk frá samfélagslegri einangrun og gefa því kost á að finna lífsfyllinguna sem fylgir því að tilheyra vinnustað – svo ekki sé minnst á mannauðinn sem nýtist. Rétt er því að ítreka ósk Vinnuálastofnunar um samstarfsaðila. Byr fyrirtæki þitt yfir „mannúð, virðingu og reisu“?

Menntun, skemmtun, menning og þjálfun!

Ferðaskrifstofan Mundo verður með kynningarfund um haustferðir til Georgíu, Íran og Perú, mánudagskvöldið 30. apríl klukkan 20 á Eiðistorgi. Allir hjartanlega velkomnir!

Nánari upplýsingar hjá:
margret@mundo.is

MUNDO
www.mundo.is



RENAULT
Passion for life

SPORTJEPPI

SPARNEYTINN RENAULT KADJAR



RENAULT KADJAR ZEN

Sjálfskiptur, dísil.

Verð frá: 3.850.000 kr.

17" álfelgur, 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, 6 hátalarar, handfjáls símabúnaður, lykillaust aðgengi, regnskynjari á rúðuburrkum, sjálfvirk lækkun á háum geisla aðalljósa, fjarlægðarvarar aftan, tveggja svæða tölvustýrð loftkæling.

Komdu og reynsluaktu nýjum Renault KADJAR – hættu að horfa, farðu að upplifa!



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Pavel Ermolinskij og félagar eru einum sigri frá fimmta Íslandsmeistaratitlinum í röð. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Geta orðið meistarar í dag

KÖRFUBOLTI KR getur orðið Íslandsmeistari karla í körfubolta fimmta árið í röð með sigri á Tindastóli í DHL-höllinni í kvöld.

KR-ingar komu sér í lykilstöðu í úrslitaevnignu með naumum sigri, 75-77, í þriðja leik liðanna á Saudárkróki á miðvikudaginn. Það er eini jafni leikurinn til þessa í evnignu en þeir tveir fyrstu unnust með meira en 20 stigum. Tindastóll vann annan leikinn í DHL-höllinni, 70-98, þrátt fyrir að Antonio Hester væri fjarri góðu gamni vegna meiðsla.

Vinni Tindastóll leikinn í kvöld þurfa liðin að mætast í oddaleik á Króknum 1. maí næstkomandi. – **ips**

Bilun í prentsmiðju

Vegna bilunar í prentsmiðju fór Fréttablaðið fyrr en venjulega í prentun. Af þeim sökum var ekki hægt að greina frá úrslitum í leikjum gærkvöldsins í Pepsi-deild karla. Upplýsingar um þau má finna á vef Fréttablaðsins.

Falleg stund í nýliðavali NFL-deildarinnar



Kraftaverkin gerast Ryan Shazier, varnartröll Pittsburgh Steelers, kom óvænt til að tilkynna valrétt liðsins í nýliðavali NFL-deildarinnar. Shazier lamaðist fyrir neðan mitti í desember og fann ekki fyrir fótunum eftir það. Hann fór í aðgerð til að rétta af mænuna og er hann gekk inn á sviðið reis allur salurinn á fætur til að heiðra hann. Sagt var að hann myndi ekki ganga aftur en hann ætlar að spila ruðning á ný. NORDICPHOTOS/GETTY

MORGUNFUNDUR VERKFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS MÁNUDAGINN 30. APRÍL KL. 8:30 - 10:15

Grand hótél Reykjavík - Gullteigur. Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00.

Minna skrifræði - meiri ábyrgð Skipulagsferli framkvæmda, skilvirkni í þágu velferðar

Vanda þarf til verka þegar fjallað er um áhrif framkvæmda á umhverfið. Ferlið þarf að vera tiltölulega einfalt og skiljanlegt. Æskilegt er að skrifræði sé minna en meira og allir aðilar, hvort sem það eru stjórnvöld, framkvæmdaaðilar, leyfisveitendur, almenningur eða umhverfissamtök, sýni fyllstu ábyrgð.

DAGSKRÁ:

Setning - stutt yfirlit: Páll Gíslason, formaður VFÍ.

Leiðin að framkvæmdaleyfi - hindranir og óskilvirkni.
Ásbjörn Blöndal, framkvæmdastjóri Þróunarviðs HS Orku.

Framkvæmdir í sátt við umhverfi og samfélag.
Íslenskar kröfur í alþjóðlegu samhengi.
Hólmfríður Bjarnadóttir, skipulagsfulltrúi Veitna.

Staðan frá sjónarhóli hönnuða og ráðgjafa.
Egill Viðarsson, sviðsstjóri Samgöngu- og umhverfissviðs Verkis.

Skilvirkari og sanngjarnari löggjöf
– innan ramma Árósasamkomulagsins og ESA.
Arnar Þór Stefánsson, hrl. LEX lögmannsstofu.

Umræður og fyrirspurnir.

FUNDARSTJÓRI:

Kristjana Kjartansdóttir, tæknifræðingur, situr í stjórn VFÍ.

Vitum að þriggja marka forskot er fljótt að fara

Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV, segir að liðið fari kokhraust í seinni leik liðsins gegn Potaissa Turda. Arnar býst þó við erfiðum leik í mikilli gryfju.

HANDBOLTI ÍBV sækir rúmenska liðið Potaissa Turda heim í seinni leik liðanna í undanúrslitum í Áskorendabikars Evrópu í handbolta karla á morgun. Eyjamenn höfðu betur, 31-28, þegar liðin mættust í Vestmannaeyjum fyrir sléttri viku. Sigurliðið í evnignu mætir annað hvort AEK Aþenu eða Madeira Andebol í úrslitum keppinnar.

Jafnræði var með liðunum í fyrri leik liðanna, en ÍBV hafði þó frumkvæðið lengst af í leiknum og fer með þriggja marka forskot í vegnaesti í seinni leikinn.

Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV, segir að lið hans fari hæfilega kokhraust í seinni leik liðanna, en gerir sér jafnframt grein fyrir því að leikurinn verði afar erfiður. ÍBV sé að fara að mæta öflugum liði á afar erfiðum útivelli.

„Þetta er líklega eitt af betri liðum sem við höfum mætt í vetur. Þá er ég ekki að tala um að liðið hafi á að skipa hæfileikaríkustu leikmönnum sem við höfum att kappi við. Ég á frekar við að þetta er massívt lið sem er vel skipulagt og gerir fá mistök. Liðið er massívt og er skipað sterkum leikmönnum sem þekkja sín takmörk,“ sagði Arnar í samtali við Fréttablaðið.

„Við teljum okkur bara eiga góðan

Við erum vanir því að spila leiki þar sem er mikill hávaði og mikið undir. Ég held að það muni ekki hafa slæm áhrif á okkur.

Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV

möguleika á að fara alla leið í úrslitin, en við vitum vel að þriggja marka forskot er fljótt að fara í handbolta. Við lítum bara á þetta sem nýjan leik þar sem við ætlum að fara með sigur af hólmi. Það eru allir leikmenn liðsins [fyrir utan Stephen Nielsen] klárir í slaginn og mikið álag undanfarna daga mun ekki hafa áhrif á okkur,“ sagði Arnar.

„Þetta er erfiður útivöllur og mikil gryfja. Við erum vanir því að spila leiki þar sem er mikill hávaði og mikið undir. Ég held að það muni ekki hafa slæm áhrif á okkur. Við munum reyna að útiloka alla ytri þætti og einbeita okkur bara að því að spila handbolta. Það er það eina sem við getum haft stjórn á þegar á hólminn er komið,“ sagði Arnar enn fremur um leik liðanna á morgun. hjorvaro@frettabladid.is



Sheer
Driving Pleasure

SÝNDU DIRFSKU.



ENHEMM / STA / NAB0817

VERTU ÖÐRUVÍSI.

NÝR BMW X2.

Hægt er að velja á milli 2ja lítra bensín- eða dísilvélar sem nota einungis frá 4,6 lítrum á hverja 100 km. Einnig má velja 7 eða 8 þrepa sjálfskiptingu, framdrif eða fullkomið xDrive fjórhjóladrifskerfi. Bakkmyndavél, 6,5" litaskjár og LED dagljós eru hluti staðalbúnaðar. Auk þess er í boði úrval búnaðar sem gerir nýjan BMW X2 einstakan í sínum flokki.

BMW X2 20i. Bensín, 192 hestöfl, sDrive – verð frá 5.390.000 kr.

BMW X2 20d. Dísil, 190 hestöfl, xDrive – verð frá 6.190.000 kr.

Taktu eigin ákvarðanir og reynsluaktu BMW X2 í dag!



BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

OPÍÐ Í DAG FRÁ 12-16

SÓFA

TAXE

Allir sófar á taxfree ti

EKKI MISSA AF ÞESSU



KIRUNA

Horntungusófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 236 x 200 x 78 cm

145.153 kr. ~~179.990 kr.~~

Reykjavík
Bildshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 29. apríl eða á meðan birgðir endast.

UM LÝKUR
HELKGINA

REE

tilboði*



* Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og jafngildir 19,35% afslætti.

Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐID **HELGIN****Enginn ósigur að vera lifandi**

Ed Viesturs er eini Bandaríkjamaðurinn sem klifið hefur alla fjórtán tinda sem gnæfa yfir átta þúsund metra hæð án aukasúrefnis. Ed ferðaðist um Hornstrandir á fjallaskíðum fyrri skemmstu. Hann ræddi við Fréttablaðið við lok ferðar.

Hornstrandir eru með ólíkindum fallegar. Að standa á skíðum uppi á tindum og horfa yfir öll þessi fjöll og firði, þetta er engu líkt," segir Ed Viesturs, einn af fremstu núlifandi fjallgöngumönnum eftir viku fjallaferð um Hornstrandir á dögunum. Ed hefur sjó sinnum staðið á tindum Everest-fjalls og hefur jafnframt klifið öll fjórtán fjöll veraldar sem gnæfa yfir átta þúsund metra hæð. Allar þessar ferðir fór hann án þess að notast við viðbótarsúrefni, eins og algengast er þegar fjallafólk nær slíkri hæð.

Hann segir að litlu fjöllin séu ekkert síðri en þau stóru. Ævintýrin og útiveran séu hið eiginlega markmið. „Ég þarf hreint ekki að klifa upp í átta þúsund metra. Stóru fjöllin urðu mér ekki áráttu en þegar ég hafði ákveðið að komast á þessa fjórtán tinda þá var ég mjög einbeittur að ná því markmiði. Þegar ég hafði lokið við að komast á Annapurna þá var ég mjög hamingjusamur við tilhugsunina um að þessu væri lokið. En ég held auðvitað áfram að sækjast eftir ævintýrum.“

Án súrefnis í fyrsta skiptið

Eftir að hafa lært fjallaleiðsögn á Rainier-fjalli í Washington í Bandaríkjunum læddist sú hugsun að Ed að hann ætti erindi á háu fjöllin í Himalaja-fjallgarðinum.

„Ég ímyndaði mér að það yrði forvitnilegra og mun meiri áskorun að klifra án auka súrefnis. Þegar maður tekur súrefni með sér þá er maður í raun að lækka fjallið. Fari ég upp í 8.848 metra hæð, þá vil ég finna hvernig það er og upplifa það á eigin skinni. Ég vil takast á við hina andlegu áskorun. Fyrir mig persónulega snerist þetta sem sé ekki um það hvort ég kæmist á toppinn eða ekki, heldur hvernig þetta væri í raun og veru. Því setti ég mér þessa reglu að klifra án súrefnisbirgða. Ef ég kæmist ekki upp án þess, þá færi ég ekki á toppinn," segir Ed.

Hann segir það raunar hafa verið algjöra ráðgáttu í upphafi hvort hann gæti komist á þetta há fjöll án súrefnis. „Sumt fjallgöngufólk heldur að líkami þeirra ráði við þetta og vilja láta á það reyna. Síðan gerist það að þau nálgast toppinn og allt verður erfitt. Þá gripa þau í súrefnisgrímuna, af því að flestir vilja auðvitað frekar ná toppnum en að snúa við. En ég var alveg ráðinn í þessu.“

Átján ára verkefni

Ég var fimmti maðurinn í heiminum sem komst á alla þessa fjórtán risatinda án súrefnis og það tók mig alls átján ár. Árið 1987 kleif ég Everest. Hugmyndin um að klifa alla fjórtán tindana fæddist þó ekki strax. Þegar ég hafði klifið Everest, K2 og Kangchen-



„Ég ímyndaði mér að það yrði forvitnilegra og mun meiri áskorun að klifra án aukasúrefnis," segir Ed Viesturs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



„Ég raunverulega elska fjallgöngur og útivist, en ég elska líka lífið," segir Ed.

**ÉG HAFÐI TEKID RANGA****ÁKVÖRDUN OG VARD****FYRIR MIKLUM VON-****BRIGÐUM.**

unga tóku mér að berast boð um að klifra önnur stór fjöll, þá hugsaði ég sem svo að þetta væri gerlegt markmið, eitthvað sem ég gæti mögulega ráðið við. Þetta yrði stórbrotið verkefni sem ég gæti auðvitað ekki vitað almennilega framvinduna á. En mér var líka sama um það, ég bara hélt ótraudur áfram.“

Annapurna var þröskuldurinn

„Annapurna er ekki hæsta fjallið og ekki heldur það tæknilega erfiðasta en engu að síður er það sennilega hættulegasta fjallið af þessum fjórtán. Þar eru íshamrar og linnulaus og ófyrirsjáanleg snjóflóðahætta. Maður getur verið besti klifari í heimi og samt dáið á Annapurna. Tvisvar sinnum fór ég á Annapurna og sneri við vegna hættulegra skilyrða. Loksins, í þriðja skiptið, var allt eins og það þurfti að vera að mínu mati. Annars hefði ég bara snúið við enn einu sinni. Ég hafði ekki hugsað mér að deyrja á Annapurna. Við hittum vel á og fjallið hleypti okkur upp, ef svo má að orði komast.

Þegar ég fór á Annapurna þá hafði einn af hverjum þremur fjallgöngumönnum látið lífið á fjallinu. Einn af hverjum fjórum deyr á K2 og einn af hverjum sjö á Everest. Þessi tölfræði er ansi skuggaleg.

K2 er tæknilega erfiðara fjall og er jafnan skilgreindt sem erfiðasta fjallið af þessum fjórtán. K2 er bara aðeins lægra en Everest, en brattari og veðrið getur verið mun ófyrirsjáanlegra. Þess vegna er þetta sérlega erfitt fjall, og flestir sem reyna að komast þangað upp þurfa frá að hverfa.“

Elskar lífið

En hvernig fer maður að því að fara á þessi hættulegu fjöll og komast frá því lifandi?

„Góður undirbúningur og það að hugsa með ábyrgum hætti um hvert einasta skref, hverja einustu ákvörðun er lykilatriði. Þegar ég hreifst af fjallgöngum og klifri í upphafi var það skilningur minn að öll áhætta og hættumat væru hlutlæg. Margt fjallafólk er dugmikið og áráðið og getur jafnvel verið að vera hrokafullt. Fólk vill sigrast á fjöllum. Þessi viðhorf geta hæglega reynst lífs-hættuleg.

Ég raunverulega elska fjallgöngur og útivist, en ég elska líka lífið. Allt mitt viðhorf og ákvarðanir hafa því verið með íhaldssamasta móti. Ef aðstæðurnar eru ekki fullkomnar þá sný ég við. Ég hef líka hlustað á mína eigin edlisávisun. Ef ég er ekki sáttur við eitthvað þá bara hætti ég við. Þetta hefur haldið mér á lífi. Ég hef heldur aldrei upplifað utanaðkomandi þrýsting á að gera

eitthvað sem ég ekki vil. Hvorki frá fyrirtækjum sem styrkja mig né frá fjölmiðlum. Hugmyndin um að það sé einhvers konar ósigur að snúa við getur reynst hættuleg. Ég sneri heldur aldrei við af því að ég komst ekki lengra heldur af því að áhættan var óásættanleg. Það er ekki ósigur í mínum huga, bara aðeins minni árangur.

Mistök á K2

Erfiðar ferðir, þar sem allt orkar tvímælis og kviðinn tekur völdin er eitthvað sem sumir þekkja úr fjallamennsku. Spurður hvort hann eigi slíkar minningar kveður Ed það eiga við um ferðina á K2.

„Ég var kominn í fustu búðir með félögum mínum tveimur. Þarna höfðum við beðið í þrjá daga eftir rétta veðrinu til þess að komast á toppinn. Ef veður hefði ekki tekið að lagast þá hefðum við klárað vistirnar, bæði mat og eldsneyti og því þurft að snúa við. Þarna hafði leiðangurinn staðið í tvo og hálfan mánuð. Loksins birti til og við hófum að klifra upp lokahnykkinn. Þetta tók alls tíu stundir og eftir hér um bil hálfra leið færðist skjáþykki yfir og það byrjaði að snjóa af miklum krafti. Við höldum áfram en allt-af hugsaði ég með mér að ef þetta heldi áfram þá yrði niðurleiðin stórhættuleg vegna snjóflóðahættu. Aftur og aftur spurði ég félagi mína hvernig þeim litist á stöðuna. Þeir voru virkilega stemmdir fyrir því að komast upp og þetta gerði mig ákaflega kviðinn. Það var einlæg tilfinning mín að ég ætti að losa mig úr línunni og snúa við. Ég hugsaði mig um, aftur og aftur, en lét svo aldrei verða af því, heldur hélt ég áfram. Við komumst á toppinn. Á niðurleiðinni var metraþykkt lag af nýjum snjó á fjallinu og ég var alveg sannfærður um að við myndum ekki komast lifandi frá þessu. Snjóflóð á K2 falla alla leið að fjallsrótum og ef einhver dettur, þá dettur hann líka alla leið. Ég hugsaði því sem svo að ég myndi áreiðanlega deyrja og eina leiðin væri því að halda bara áfram. Augljóslega komst ég niður, en í grunnbúðum það kvöld upplíði ég enga sigurtílfirringu eða gleði. Ég hafði tekið ranga ákvörðun og varð fyrir miklum vonbrigðum með að hafa ekki hlytt þeirri edlisávisun sem alltaf hafði reynst mér vel. Ég efaðist aldrei framur um eigin ákvarðanir og hugboð á fjöllum.“

Þegar ég fór á Annapurna þá hafði einn af hverjum þremur fjallgöngumönnum látið lífið á fjallinu. Einn af hverjum fjórum deyr á K2 og einn af hverjum sjö á Everest. Þessi tölfræði er ansi skuggaleg.

Fjölskyldan sátt

Stendur fjölskyldulífinu aldrei ógn af eilífu fjallabroti?

„Þegar ég kynntist konunni minni hafði ég þegar staðið á Everest-fjalli nokkrum sinnum og hafði farið á K2 og Kangchenjunga, þannig að fjallgöngur voru þegar orðnar að ævistarfi mínu. Hún vissi því allt um fjallamennskuna og bæði samþykkti hana og studdi mig og treysti mér. Ég nálgast verkefni mín af varfærni eins og hef áður og hef aldrei reynt að stytta mér leið á toppinn til þess að verða fljótari heim. Ég vil frekar vera lifandi.

Síðar áttum við börn og það varð þeim hversdagslegur veruleiki að á hverju vori væri ég í löngum ferðum. Á móti kom að ég hafði mikinn tíma fyrir fjölskylduna þess utan. Það hefur gefið mér mikið.“

sigtryggur@frettabladid.is

Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS



Þetta er Sigurður. Hann hefur alltaf verið nýttinn og sparsamur og á húsráð undir rífi hverju.

Sigurður Sigurðsson er skynsamur og spilar í Happdrætti DAS

Vikulegir útdrættir

Mestu vinningslíkurnar - skynsamlegasti kosturinn

Nýtt
happdrættisár
hefst í maí

Einfaldur miði				Tvöfaldur miði			
Vinningar	Fjöldi	Upphæð	Samtals	Vinningar	Fjöldi	Upphæð	Samtals
Aðalvinningur	6	15.000.000	90.000.000	Aðalvinningur	12	15.000.000	180.000.000
Aðalvinningur	6	3.000.000	18.000.000	Aðalvinningur	12	3.000.000	36.000.000
Aðalvinningur	40	2.000.000	80.000.000	Aðalvinningur	80	2.000.000	160.000.000
Vinningar	208	150.000	31.200.000	Vinningar	416	150.000	62.400.000
Vinningar	1.248	50.000	62.400.000	Vinningar	2.496	50.000	124.800.000
Vinningar	5.200	20.000	104.000.000	Vinningar	10.400	20.000	208.000.000
Vinningar	19.050	10.000	190.500.000	Vinningar	38.100	10.000	381.000.000
Samtals	25.758		576.100.000	Samtals	51.516		1.152.200.000

Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

Miðaverð er 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða



Fylgstu með okkur á Facebook og á das.is





„Ég hætti í stjórnárum af því ég var ekki nógu góður hrossakaupamaður.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útilokar ekki að snúa aftur í pólitík

Gísli Marteinn Baldursson segist vera óopinber borgarfulltrúi. Gott sé að hafa frelsi til að segja nákvæmlega það sem manni finnst.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Blaðamaður hittir Gísla Marteinn á kaffihúsinu á Melhaga sem hann átti þátt í að stofna og heitir einfaldlega Kaffihús Vesturbæjar. Kaffihúsið er þéttsetið þennan daginn eins og flesta aðra og óhætt er að segja að það hafi lifað upp á Vesturbæinn. „Ég held að ekkert sem ég gerði á mínum ferli í borgarstjórn, sem var yfir áratugur, hafi haft jafn mikil áhrif á borgina og opnun þessa kaffihúss. Þannig að maður getur haft góð áhrif á samfélag sitt án þess að vera kjörinn borgarfulltrúi,“ segir Gísli Marteinn. Hann stjórnar hinum vinsæla spjallþætti Vikan með Gísla Marteini á RÚV en þátturinn er nýkominn í sumarfrí. „Það er algjörlega frábært að stjórna þætti eins og þessum og vera í þeirri stöðu að geta kallað til viðtals áhugavert fólk sem

hefur eitthvað fram að færa. Með því hefur maður einhver áhrif á þjóðmálaumræðuna,“ segir hann.

Blaðamaður hefur orð á því að það hljóti að vera mikill munur á því að starfa í sjónvarpi og vera í pólitík. Gísli Marteinn svarar því með samblandi af glettni og alvöru: „Það er mikill munur að koma úr stjórnárum yfir í sjónvarpið af því samstarfs- og yfirmennirnir þar eru að vinna með manni og róa í sömu átt en eru ekki að reyna að bregða fyrir mann fæti eins og er lenskan í stjórnárum, bæði flokka á milli og innan flokka. Það er ótrúlega mikið betra fyrir sálarlífið.“

Óopinber borgarfulltrúi

Afhverju hættirðu í stjórnárum?

„Að hluta til vegna þess hversu gaman mér finnst að vinna í sjónvarpi. En það var líka vegna þess að þrátt fyrir að borgarmálin brenni á mér þá fannst mér það vera orðin vond staða að vera aðallega farinn að rifast við samherja mína innan Sjálf-

stæðisflokksins. Það stefndi í of mikil persónuleg átök og jafnvel illindi, sem mig langaði ekki til að standa í.

Mig langaði þá og langar enn að gera borgina betri. Við þurfum borgarfulltrúa sem þykir vænna um Reykjavík en flokkinn sinn. Mér þótti miklu vænna um Reykjavík en Sjálfstæðisflokkinn, en mér fannst eins og mörgum þar þætti miklu vænna um Sjálfstæðisflokkinn en Reykjavík. Þetta gildir líka í landsmálunum. Það eru stjórnárumenn á Alþingi sem þykir miklu vænna um flokkinn sinn en þjóðarhag. Mér finnst í vaxandi mæli að við þurfum að finna stjórnárumfélkið sem þykir vænna um þjóðarhag en flokkana sína.“

Svo fannst mér líka að ég væri farinn að vera hálfgerður aktivisti í alls konar málum þegar stjórnárummenn eiga ekki nauðsynlega að vera þar fremstir í flokki eða róttækastir. Þjóðfélagið er líka orðið miklu valddreifðara og auðvelt að hafa áhrif til góðs í gegnum ýmiss konar



VIÐ ÞURFUM BORGAR-

FULLTRÚA SEM ÞYKIR

VÆNNA UM REYKJAVÍK

EN FLOKKINN SINN. MÉR

ÞÓTTI MIKLU VÆNNA UM

REYKJAVÍK EN SJÁLF-

STÆÐISFLOKKINN, EN MÉR

FANST EINS OG MÖRGUM

ÞAR ÞÆTTI MIKLU VÆNNA

UM SJÁLFSTÆÐISFLOKK-

INN EN REYKJAVÍK.

hverfasamtök, foreldrafélög, skokkhópa eða Facebook-grúppur. Ég er í nokkrum samtökum sem berjast fyrir því að Vesturbærinn verði betri og hef verið virkur í samtökum um billausan lífsstíl, svo ég nefni eitt-hvað. Það er ótrúlega gott að finna frelsið sem fylgir því að geta sagt nákvæmlega það sem manni finnst um alla hluti og tekið þátt í störfum hópa sem eru að berjast fyrir góðum málum, þótt róttæk séu. Það er gaman að þurfa ekkert að passa sig, eins og stjórnárummenn gera sífellt, heldur geta sagt sannleikann beint út. Ég hef í gríni sagt að ég sé óopinber borgarfulltrúi, því mér finnst að allir eigi að vera góðir fulltrúar borgarinnar og taka þátt í að gera hana betri.“

Hefði gert fullt af mistökum

Þig hlýtur á tímabili að hafa dreymt um að verða borgarstjóri?

„Það voru auðvitað ýmsar kannanir sem sögðu mér og öðrum að ég yrði næsti borgarstjóri. Ég reyndi að láta það ekki stíga mér til höfuðs. Það var prófkjör milli mín og Vilhjalms Þ. Vilhjálmssonar. Hann vann og varð borgarstjóri og í hönd fór mikið glundroða kjörtímabil sem varð til þess, ásamt öðru, að Besti flokkurinn sigraði með hinni ágætu ábendingu: Við getum varla verið verri en þau sem hafa verið að stjórna á þessu kjörtímabili.“


Sagðirðu Vilhjálmni að þér þætti hann ekki góður borgarstjóri?

„Það lá ljóst fyrir frá því í prófkjörinu að ég taldi hann ekki vera rétta manninn til að leiða borgina í nýja tíma, og já, ég sagði það við hann. Það var aldrei neitt illt á milli okkar og við gátum alltaf talað saman,“ segir Gísli Marteinn. Hann nefnir REI-málið sem kom upp í október 2007 og snerist um sölu og kaup á Reykjavík Energy Invest og varð til þess að meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í borginni féll. „Þegar ég og fleiri stoppuðum REI-málið, sem ég er enn mjög stoltur af, þá voru Vilhjálmur og stuðningsmenn hans fljótir að segja að það væri vegna þess að ég væri tapsár. Það var ekki rétt. Jafn furðulegt og það er þá var ég ekki svekktur yfir að hafa tapað prófkjörinu. Við Vala fórum heim þegar úrslitin lágu fyrir og opnuðum kampavín. Ekki af því okkur langaði að tapa, heldur af því við vissum að fórnirnar fyrir stóru embættin geta verið miklar og fyrst þetta fór svona sáum við fram á einfaldari, innihaldsrík og skemmtileg ár fram undan, sem varð raunin.“

Hvernig borgarstjóri heldurðu að þú hefðir orðið?

„Ég hefði verið ágætur, vona ég. Ég held samt eftir á að hyggja að ég hafi ekki verið alveg tilbúinn. Ef ég hefði orðið borgarstjóri á þessum tíma þá hefði ég gert fullt af mistökum sem ég hefði hugsanlega þurft að sjá eftir lengi. Ég hefði kannski líka fallið í þá gryfju að sitja fastur við minn ➔

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is**

Glæný og fersk störf í hverri viku.

SUMARKROPPID 2018



SUDRÆNT OG
SEIÐANDI

Ungt fólk í stjórn málum

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Dóra Björt Guðjónsdóttir er alin upp í Árbænum, nánar tiltekið á Rafstöðvarvegi í Elliðaárdal. Þar naut hún þess að alast upp í návigi við náttúruna í miðri borg. Foreldrar hennar, Guðrún Tryggvadóttir og Guðjón Sigurbjartsson, unnu langa daga þegar hún var lítil og Dóra var svo lánsöm að búa undir einu þaki með þremur kynslóðum. „Fjölskylda mín bjó í Vesturbænum þegar ég fæddist, á Ásvallagötunni, og þar bjó ég til fjögurra ára aldurs. Og svo fluttum við í Elliðaárdalinn á Rafstöðvarveginn. Pabbi var að vinna hjá Rafmagnsveitunni sem nú er hluti af Orkuveitu Reykjavíkur, þá bauðst starfsfólki að leigja þar íbúðir.

Afi minn og amma úr Þykkvabænum fluttu sig um set til okkar í Elliðaárdalinn þegar ég var lítil og bjuggu lengi á efri hæðinni hjá okkur þangað til þau keyptu kjallaraíbúðina undir okkar íbúð þegar húsið var sett á sölu. Þannig að ég ólst lengi upp undir einu þaki með þremur kynslóðum og það var mér dýrmætt. Afi Sigurbjartur kom fyrstur eftir að hann hætti að starfa sem bóndi og oddviti í Þykkvabæ til að aðstoða mómmu og pabba sem ráku saman fyrirtæki.

Í pössun hjá ömmu og afa

Mamma og pabbi þurftu því að vinna gríðarlega mikið og því var ég oft í pössun hjá ömmu og afa. Það voru sjaldan einhver edlileg sumarfrí eða jólafrí hjá okkur. Allt snérist um hvenær væri rólegt að gera í fyrirtæki mómmu og pabba,“ segir Dóra sem segist hafa lært dugnað og vinnusemi afforeldrum sínum. „Ég lærði dugnað og vinnusemi af mómmu og pabba og að ekkert kæmi ókeypis. Þau unnu svakalega langa daga,“ segir Dóra, þegar hún eltist hafi hún þó áttað sig á að svona þyrfti lífið ekki að vera. Dugnaður væri ekki ædsta dyggðin. „Þegar ég flutti til Noregs sá ég hvernig fjölskyldulíf gæti verið öðruvísi og að það væri í lagi að setja fjölskylduna í fyrsta sæti. Ég lærði að lífið snerist ekki bara um að vinna,“ segir Dóra.

„Ég var í fyrstu svekkt yfir því að búa þarna í dalnum fjarri Vesturbænum. En smám saman settist ég við það. Þarna var gott að leika sér og gott að hafa náttúruna allt í kring. Mér fannst gott að klifra upp í tré og lesa bók ef ég var eitthvað ósátt við heiminn.

Barnasirkusinn í götunni

Ég og Elisabet Hugrún vinkona mín settum gjarnan upp sirkus með krökkunum á Rafstöðvarvegi á sumrin með frekar metnaðarfullum atríðum. Svo var nágrönnum boðið á sýningar. Við stofnuðum líka bakari með mjög glæsilegu drullumallsbakkelsi þar sem við buðum upp á fíflate. Þetta var einnig nokkuð vel sótt af hvetjandi nágrönnum. Elliðaárdalurinn og sérstaklega gatan mín var alveg sérstakt borgarsamfélag. Ég man eftir því að hafa kunnað svo vel við að heimsækja Elisabetu Hugrúnu vinkonu mína og nágrannakonunni en pabbi hennar var listmálarinn Georg Guðni Hauksson heitinn. Við vorum oft að slæpast í kringum hann þegar hann var að störfum og ég tengi enn rosalega sterkar og góðar tilfinningar við lýktina af olíumálningu. Hann málaði dreymandi en hlýjar náttúrumyndir sem mér þykir mjög vænt um,“ segir Dóra.

Mjólkaði safnkúna

„Á sumrin fór ég oft í sveit í Þykkvabæ þaðan sem pabbi er ættaður og þar sem við eigum stóra fjölskyldu. Eða þá að ég heimsótti afa á Rauða-



Dóra Björt fyrir framan æskuheimilið á Rafstöðvarvegi og uppi í trénu sem hún klifraði stundum upp í ef hún var ósátt við heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Alin upp í Elliðaárdal

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í Reykjavík, er einnig yngsti frambjóðandi á lista. Hún bjó erlendis í sjö ár og flutti heim fyrir tveimur árum til þess að láta að sér kveða.

Myndir úr lífi Dóru



Ég og stóra systir mín í fangi pabba.

Með forlata dúkkuvagn sem sló í gegn.

Ég og kötturinn minn Branda sem ég átti þangað til hún varð 19 ára.

sand á Vestfjörðum þar sem ég lærði að handmjólka en einnig nota mjaltavélar. Þetta kom sér vel síðar þegar ég hóf störf sem leiðsögukona á Árbæjarsafni í sumarstarfi þar sem eitt verkefna var að mjólka safnkúna.

Dóra segist hafa verið orkumikið barn sem þó hafi haft þörf fyrir einveru og rólegheit inn á milli. „Það er kannski lýsandi dæmi um mig frá æsku að eitt árið var ég sífellt há. Foreldrar mínir fóru með mig til sérfræðings sem sagði: Það er ekkert að, hún talar bara of mikið,“ segir Dóra og hlær. „Mér lá alltaf mikið á hjarta,“ segir hún og segist hafa fundið fleiri farvegi til að tjá sig en að tala.

„Ég byrjaði snemma að yrkja ljóð og vísur. Og skrifa. Ritlist varð uppáhaldsfagið í skólanum. Í seinni tíð fæ ég útrás í greinaskrifum,“ segir Dóra. Fjölskylda Dóru er tónelsk. „Ég hef sungið í kórum hér og þar. Pabbi gripur oft í gítarinn og við syngjum saman. Við sungum dúett í fermingunni minni. Ég hef tekið upp á því að rappa í stað þess að halda ræðu í veislum,“ segir hún.

Dóra langaði alltaf að fara í nám erlendis. „Ég tók norsku sem valfag í MH og náði að læra hana nokkuð vel. Eftir stúdentsprófið flutti ég til Osló í nám við Háskólann í Osló. Ég kláraði BA í heimspeki og síðar BA í

alþjóðafræði og bjó þarna úti í sjö ár en fór einnig til Berlínar í skiptinám,“ segir Dóra frá.

„Það er gott og gefandi að kynnast nýjum hugsunarhætti í öðru landi. Ég nefni oft Noreg sem dæmi þegar ég er að tala um hvað megi bæta hér í borgarlífinu í Reykjavík. Í Osló eru frábærar almenningssamgöngur sem bæta lífsgæði allra íbúa. Þar er einnig mun meira jafnvægi á milli einkalífs og vinnu. Samt segir enginn að Norðmenn séu ekki duglegir. Fólk er einfaldlega stolt af því að setja sig og fjölskylduna fyrst. Fólk mætir á milli 8 og 9 og er farið heim um fjögurleytið. Á föstudögum fer fólk um tvöleytið heim til að fara með fjölskyldunni í sumarbústað eða í einhverja útivist. Þarna er rými fyrir fólk til að lifa lífinu. Þetta var svo nýtt fyrir mér. Og mikil uppvakning. Má það sem sagt? Sleppa því að vinna sig inn í heilsuleysi. Vanrækja ekki fjölskylduna. En samt sýna dugnað,“ segir Dóra og segir það ábyrgðarhluta að koma á svipaðri vinnu- menningu á Íslandi. Dugnaðurinn eigi ekki að vera á kostnað lífsgæða fólksins. Það sé engin dygd að slíta sig út í vinnu á kostnað fjölskyldunnar.

Skömmuðust sín

„Norðmenn sýna einnig ábyrgð á öðrum sviðum sem eru til eftirbreytni. Samband þeirra við peninga er öðruvísi. Þú verður að eiga fyrir því sem þú eyðir í. Skólafélagarnir skömmuðust sín ef þeir þurftu að nota kreditkort. En hér heima erum við með allt í ólagi, eyðum því sem við eigum og spörum ekki því við erum hrædd við verðbólguna. Við treystum því ekki að sparnaðurinn geymist og ávaxtist,“ segir Dóra. „Þess utan þá á ungt fólk á Íslandi ekkert aflögu í sparnað. Við þurfum að bæta lífsgæði og aðbúnað ungs

fólks töluvert til þess að það vilji búa hér. Reykjavík þarf að verða spennandi menningarborg með góðar almenningssamgöngur. Ungt fólk á ekki að þurfa að eyða öllu sínu fé í húsnæðiskostnað og að reka bíl. Ungt fólk hefur algjörlega setið eftir og finnst bara skrytið að heyra miðaldra fólk tala um að nú hafi það allir svo gott. Það er bara ekki rétt,“ segir Dóra og leiðir hugann að rótum menningar okkar og sambandi við peninga.

„Á Íslandi á fólk oft erfitt með að vera stolt af því að vera verkafólk vegna þess að samfélagið kann ekki að meta það. Í Noregi er það stolt.

Og samfélagið er stolt af framlagi þess. Stærsti stjórnmálaflokkurinn í Noregi er verkamannaflokkur.

Hér hefur síðustu áratugi efna- mesta fólkið þótt það merkilegasta í samfélaginu og aðrir reyna að elta það og samsama sig því. Og Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn. Þessum viðhorfum þarf að breyta. Verkafólk ber samfélagið uppi og allir aðrir standa í þakkar- skuld við það.“

Dóra ákvað að að flytja aftur til Íslands eftir sjö ára búsetu í Noregi og Þýskalandi. Hún stundar meistaranám í alþjóðasamskiptum. Samhliða því starfar hún með Pírötum og sem aðstoðarkona fatlaðs manns í námi. „Ég hafði fylgst með Pírötum frá stofnun. Hann er eini flokkurinn sem hugsar af alvöru um lýðræði. Það kom enginn annar flokkur til greina. Á meðan ég bjó í Noregi gat ég tekið þátt í starfi flokksins. Við kjósum um allar okkar stefnur á netinu og mikið af starfi flokksins er aðgengilegt á netinu. Mig langaði hins vegar að taka enn meiri þátt og sneri því aftur heim til Íslands. Ég er dæmigerður stúdent. Bý á stúdenta- gördum, þarf að lifa spart og að reida mig á almenningssamgöngur.“



Mahad Mahabi les úrskurð Kærufndar.

Íslendingar senda Mahad aftur til Noregs

Íslensk yfirvöld munu senda Mahad Mahamud aftur til Noregs, þar sem hann var sviptur ríkisborgararétti sínum. Hann kom til Noregs fjórtán ára gamall og starfaði á Ullevåll-sjúkrahúsinu í sérfróðu teymi lífeindafræðinga að greiningu hættulegra veira á borð við ebólu.

Mahad Mahamud sem var sviptur ríkisborgararétti í Noregi eftir sautján ára búsetu í landinu hefur verið hafnað um hæli á Íslandi. Umsókn hans verður ekki tekin til efnis meðferðar samkvæmt úrskurði Kærufndar útlendingamála og hann verður sendur aftur til Noregs samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni, ekki síðar en 8. maí.

„Nú hef ég misst alla von og baráttuþrek,“ segir Mahad. „Mig langar ekki til að lifa lengur, líf mitt er einskis virði,“ segir hann og kvíðir því að vera sendur til Noregs.

Fréttablaðið fjallaði um aðstæður Mahads í febrúar á þessu ári. Norsk yfirvöld segja hann hafa komið frá Djibúti sem barn. Ekki Sómalíu. Það er grundvöllur þess að hann er sviptur norskum ríkisborgararétti. Hann er nú sendur aftur til Noregs þrátt fyrir endurkomubann og að „mega ekki“ koma þangað aftur í tvö ár.

Í Noregi bjó Mahad utan kerfis eftir að hafa misst öll réttindi sín í Noregi. „Mín biður líf á götunni,“ segir hann. Honum mun þó bjóðast dvöl í móttökustöð í dreifbýli Noregs. „Það er bara fangelsi,“ segir Mahad um þær aðstæður sem biða hans.

Norsk yfirvöld halda því fram að Mahad hafi komið frá Djibúti sem barn. Ekki Sómalíu. Það er grundvöllur þess að hann er sviptur norskum ríkisborgararétti. Þegar hann var sviptur ríkisborgararéttinum var honum tjáð að færi hann úr landi, mætti hann ekki koma aftur í tvö ár.

„Það er því kaldhæðnislegt að Íslandi sendi mig aftur þrátt fyrir að ég „megi ekki“ koma þangað,“ segir Mahad.

Í samantekt Kærufndar útlendingamála kemur fram að norsk stjórnvöld hafi fallist á að taka við kæranda og umsókn hans um alþjóðlega vernd á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Niðurstaða kærufndar sé því að rétt sé að synja því að taka til efnis meðferðar umsókn kæranda um alþjóðlega vernd hér á landi og senda hann aftur til Noregs.

Mahad flúði til Noregs fjórtán ára gamall.



ÞANNIG ER EKKI UM AÐ RÆÐA AÐ EINSTAKLINGUR SÉ „SENDUR SEM“ RÍKISBORGARI TILTEKINS RÍKIS EDA SEM RÍKISFANGSLAUS EINSTAKLINGUR.

Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður kærufndar útlendingamála.



Hann varð vel liðinn samfélagsþegn. Hann starfaði á Ullevåll-sjúkrahúsinu í sérfróðu teymi lífeindafræðinga að greiningu hættulegra veira á borð við ebólu.

Einn daginn barst hins vegar nafnlaus ábending til útlendingayfirvalda í Noregi. Í ábendingunni var því haldið fram að Mahad hefði þrátt fyrir að vera barn að aldri komið sem njósnari til Noregs. Hann væri ekki frá Sómalíu heldur nágrennalandinu Djibúti.

Útlendingastofnun á Íslandi hafnaði því að taka umsókn Mahads til umfjöllunar og vill senda hann aftur til Noregs samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni. Ákvörðunin var kærð og nú liggur fyrir niðurstaða kærufndar útlendingamála. Ákvörðun Útlendingastofnunar stendur og Mahad verður sendur úr landi til Noregs.



Mahad Mahamud segist hafa misst lífsvon sína. Líf hans þyki einskis virði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Úrskurður Kærufndar útlendingamála

Sagður sómalískur í úrskurðinum

Í úrskurði Kærufndar vekur athygli að Mahad er sagður ríkisborgari Sómalíu. Þvert á það sem norsk yfirvöld halda fram. Hjörtur Bragi Sverrisson hjá Kærufnd útlendingamála segir það ekki hafa þýðingu. „Að því er varðar beitingu Dyflinnarreglugerðarinnar hefur það ekki þýðingu frá hvaða ríki viðkomandi einstaklingur er eða hvort hann sé ríkisfangslaus, sbr. c-lið 2. gr. reglugerðarinnar. Þannig er ekki um að ræða að einstaklingur sé „sendur sem“ ríkisborgari tiltekins ríkis eða sem ríkisfangslaus einstaklingur,“ segir Hjörtur sem segir að aftur á móti geti ríkisfang umsækjanda eða ríkisfangsleysi komið til skoðunar hjá íslenskum yfirvöldum þegar lagt er mat á hvort sérstakar ástæður eða sérstök tengsl við landið eigi að leiða til þess að umsókn sé tekin til efnis meðferðar hér á landi. „Þegar einstaklingur ber fyrir sig ríkisfangsleysi skoða íslensk stjórnvöld t.d. hvaða úrræði eru í boði fyrir þá sem leita verndar vegna ríkisfangsleysis í viðtökuríkinu. Ef leikur vafi á því hvaða ríkisfang viðkomandi hefur, eða hvort hann er ríkisfangslaus, eru einstaklingsbundnar aðstæður skoðaðar með hliðsjón af þeim vafa,“ segir Hjörtur Bragi.

Skrípaleikur með líf

Þá kemur fram í úrskurðarorðum að athugun kærufndar á aðstæðum umsækjanda um alþjóðlega vernd í Noregi hafi ekki leitt í ljós gögn sem gefi tilefni til að líta svo á að aðstæður eða móttökuskilyrði þeirra þar í landi séu þess eðlis að hætta sé á að endursending kæranda þangað brjóti í bága við samninga um mannréttindi. Þá bendi öll gögn til þess að kæranda séu tryggð úrræði til að leita réttar síns í Noregi, bæði fyrir landsrétti og fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Enn fremur sé haft til hliðsjónar að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hafi ekki lagst gegn endursendingu umsækjanda um alþjóðlega vernd til Noregs á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

„Þetta er bara skripaleikur með raunverulegt líf fólks,“ segir Mahad. „Ég sem réttindalaus maður sem hefur að auki misst allt, get ekki sótt rétt minn. Ég hef ekki efni á því. Ég reyndi að sækja réttlætið með því að biðja yfirvöld hér á landi um hjálp,“ segir Mahad. „Ég get ekki treyst norskum yfirvöldum eftir meðferð máls míns þar í landi,“ bætir hann við.

„Ég óttaðist alltaf að yfirvöld hér myndu ekki þora að fara gegn ákvörðun norskra útlendingayfirvalda sem ákváðu að treysta ábendingu frá ókunnugri manneskju um að ég hefði komið til Noregs sem njósnari á barnsaldri og væri ekki sómalískur. Það reyndist síðar ómögulegt að senda mig til Djibúti því þarlend yfirvöld neita því staðfastlega að ég sé þaðan. Á meðan þá hafa sómalísk yfirvöld ítrekað staðfest að ég er þaðan.“

Þetta er vandræðalegt mál fyrir norsk yfirvöld. En ég vonaði samt að Íslendingar myndu skerast í leikinn. Því ég hef verið

beittur miklu óréttlæti. Ég var norskur Sómalí. Nú er ég ekkert. Ríkisfangslaus og líf mitt er algjörlega einskis virði,“ segir Mahad.

„Mér leið í nokkrar vikur eins og manneskju hér á landi. Ég gat verið á meðal fólks. En ég vil vinna, ég menntaði mig til þess að hjálpa fólki og gera samfélaginu gagn. Ég hélt að Íslendingar vildu nýta sér sérfræðiþekkinguna sem ég bý yfir. En nú er ég á leiðinni til Óslóar. Verð á götunni, án vinnu, án þaks yfir höfuðið. Ég tilheyri engu, mér liður satt best að segja svo illa í hjartanu að ég finn til líkamlegs sársauka. Þetta er skerandi sársauki.“ kristjana@frettabladid.is

GLAMOUR

ÁSKRIFTARTILBOÐ

5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect

AÐEINS 9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.



EGF serum húddroparnir frá Bioeffect eru margverðlaunuð vara sem hefur farið sigurför um heiminn. Öflugt og hreint serum sem eykur kollagen- og elastínmyndun húðarinnar, auk þess að draga úr hrukkum, gefur henni meiri raka og eykur þykkt hennar.

* Aðeins takmarkað magn í boði - fyrstir koma, fyrstir fá!

Þrjár auðveldar leiðir til að skrá sig í áskrift

1. Farðu inn á Glamour.is og skráðu þig í áskrift
2. Hringdu í síma: 512 5550
3. Sendu okkur tölvupóst á glamour@glamour.is

FYLGSTU MED OKKUR Á SAMFÉLAGSMIDLUNUM

Facebook – Glamour Iceland
Instagram @glamouriceland #glamouriceland
Twitter - GlamourIceland

2008-2018

VERUM VIRK

Aukin þátttaka – betra samfélag



Afmælisráðstefna Silfurbergi Hörpu föstudaginn 4. maí

Nánari upplýsingar og
skráning á virk.is



DAGSKRÁ

- 8.30** Húsið opnar – morgunhressing
- 9.00** **Ávarp**
Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra
- VIRK í 10 ár**
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK
- 10.00** Kaffihlé
- 10.20** **Positive Health - A New Definition of Health**
Machteld Huber, læknir og heimspekingur, Institute of Positive Health
- Fram á veginn - mikilvægi forvarna og samvinnu stofnanna**
Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu
- Heilsa og virkni**
Alma Möller, landlæknir
- 12.15** Hádegisverður
- 13.10** **Hamingjan á vinnustaðnum**
Anna Lóa Ólafsdóttir, atvinnulífstengill VIRK
- Looking Beyond Return to Work: Towards Sustainable Work Functioning**
Ute Bultmann, prófessor við Gronigenháskóla
- 14.25** Kaffihlé
- 14.45** **Homo nútímus - þetta getur bara ekki klikkað**
Hrund Gunnsteinsdóttir, þróunarfræðingur og frumkvöðull
- Erindi til forstjóra framtíðarinnar**
Herdís Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála og samskipta
hjá Reiknistofu bankanna
- Lokasláttur – Hundur í óskilum**
- 16.00** Dagskrárlök

Ráðstefnustjóri: Þórunna Jónsdóttir, ráðgjafi og lektor við Háskólann í Reykjavík
Ráðstefnugjald kr. 3500 - skrá skal þátttöku á virk.is

NÝR VOLVO XC40 FRUMSÝNING Í DAG

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT. ENGU OFAUKIÐ.

Það eru breyttir tímar. Meira er ekki lengur allt.
Volvo XC40 hefur allt sem þú þarft. Engu er ofaukið.
Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan.
Svo mjög að hann hefur verið valinn Bíll ársins í Evrópu 2018.

Komdu á frumsýningu á þessum stórkostlega jeppa í nýjum,
glæsilegum Volvo sýningarsal laugardaginn 28. apríl kl. 12-16 að Bíldshöfða 6.

Volvo XC40 D4 190 hestöfl AWD sjálfskiptur
Verð frá 5.990.000 kr.

MADE BY SWEDEN



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050



Volvo XC40
er Bíll ársins 2018
í Evrópu



„Það kemur mér stöðugt á óvart að skynja hversu sterk áhrif bækunnar hafa á lesendur,“ segir Dan Brown. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er gaman að vera í fjársjóðsleit

Metsöluhöfundurinn **Dan Brown** var á Íslandi í vikunni. Þurfti að læra að takast á við frægðina. Gleðst yfir áhrifum bóka sinna.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Dan Brown, einn vinsælasti rit höfundur heims, var hér á landi í vikunni en nýjasta skáldsaga hans Uppruni er komin út í íslenskri þýðingu. Söguhetja þeirrar bókar er Robert Langdon, prófessor í táknafræði. Brown hefur skrifað

nokkrar bækur um Langdon, sú þekktasta er Da Vinci lykillinginn sem skaut höfundinum upp á stjörnuhimininn. Brown er einstaklega geðþekkur maður í viðkynningu, skemmtilegur, alúðlegur og með mikla persónutöfra.

„Ég á vini sem hafa komið hingað, foreldrar mínir komu á síðasta ári og fóru Gullna hringinn og voru stórhreifin, bróðir minn er ljósmyndari og kemur oft hingað og hefur sagt mér að náttúran hér á landi sé einstök. Mér fannst næstum glæpsamlegt að hafa ekki komið til Íslands,“ segir Brown



EFTIR ÚTKOMU DA VINCI

LYKILSINS LEIÐ MÁNUÐUR

ÞAR SEM ÉG SKRIFADI

OG HUGSAÐI: „MILLJÓNIR

EIGA EFTIR AÐ LESA ÞETTA,“

OG EYDDI SÍÐAN TEXTANUM.

þegar hann er spurður af hverju hann hafi viljað koma til Íslands.

Ólst upp í heimi tákna

Tákn, dulmál, þrautir og ráðgátur eru áberandi í skáldverkum Browns. Hann segir skýringuna liggja í barnæskunni. „Faðir minn er stærðfræðingur og mamma tónlistarmaður. Það er margt líkt með stærðfræði og tónlist og það má segja að ég hafi alist upp í heimi tákna. Þegar við systkinin vorum krakkar og vöknudum á jóladag voru jólagjafirnar ekki undir jólatrénu heldur voru þar skilaboð á dulmáli sem við urðum að ráða. Þar gat til dæmis staðið: „Littu inn í ísskápinn,“ og í ísskápnum var að finna önnur skilaboð um að leita skyldi áfram á ákveðnum stað. Þetta var eins og fjársjóðsleit sem leiddi okkur að lokum til gjafanna. Alveg frá því ég var lítill drengur hef ég hrist af dulmáli, þrautum og ráðgátum. Það er gaman að vera í fjársjóðsleit og þess vegna ákvað ég að skrifa bækur um trúarbrögð og listir.“

Varð sjálfsmeðvitaður

Da Vinci lykillinginn er ein vinsælasta skáldsaga allra tíma. Hún var þriðja bók höfundarins og færði honum bæði heimsfrægð og ríkidæmi. Hann er spurður hvort hin skyndilega frægð hafi ekki verið nokkuð yfirþyrmandi.

„Þetta gerðist allt svo hratt,“ segir hann. „Maður gerist ekki rithöfundur til að verða ríkur og frægur, það eru auðveldari leiðir til þess. Maður skrifar vegna þess að maður hefur þörf fyrir það og hefur eitthvað að segja. Ég skrifa vegna þess að ég hef unun af því og vil segja sögur. Í byrjun vonaðist ég til að einn daginn myndi mér vegna það vel að ég ætti fyrir leigunni og í mig og á. Velgengni Da Vinci lykilsins var meiri en nokkur hefði getað látið sig dreyma um. Sú bók vakti líka athygli á fyrri bókum mínum sem urðu fyrir vikið mjög vinsælar.“

Ég er oft spurður hvort það að verða ríkur hafi breytt mér. Svarið er nei. Það hefur ekki breytt því hvernig ég skrifa, skriftirnar kosta enn mikla vinnu. Það eina sem hefur breyst er að fólk er sífellt að velta fyrir sér hvað ég ætli að skrifa um næst og mér er mikið í mun að halda því leyndu. Þegar ég vinn rannsóknarvinnu fyrir bók þarf ég að ræða við fólk til að fá alls kyns upplýsingar. Stundum þarf ég að þykjast vera annar en ég er því ég vil ekki að það leki út hvað ég er að fást við þá stundina. Ég spyr líka alls konar spurninga sem tengjast því sem ég er vinna við ekki neitt, þannig að fólk heldur að ég sé að gera eitthvað allt annað en ég er að gera.“

Da Vinci lykillinginn kom út árið 2003 og það liðu sex ár þar til næsta bók kom út, Týnda táknið. Af hverju var svona langt á milli bóka?

„Ég varð mjög sjálfsmeðvitaður. Áður en Da Vinci lykillinginn kom út spurði ég sjálfan mig: „Hvernig bók vil ég lesa, hvað vil ég að gerist, um hvað vil ég fræðast?“ Þannig varð Da Vinci lykillinginn til. Eftir útkomu Da Vinci lykilsins leið mánuður þar sem ég skrifaði og hugsaði: „Milljónir eiga eftir að lesa þetta,“ og eyddi síðan textanum. Svo kom að því að ég sagði við sjálfan mig: „Þú hefur gert þetta áður. Andaðu djúpt, skrifaðu bók sem þér finnst spennandi og ef þér finnst hún spennandi mun öðrum einnig finnast það.“

Þetta tók tíma af því líf mitt hafði breyst svo mikið. Ég þurfti að læra að takast á við frægðina. Fólk þekkti mig og það tók mig tíma að venjast því. Það var gerður vikmyndasamningur. Dómsmál voru höfðuð gegn mér þar sem ég var sakaður um að hafa stolið hugverkum annarra og svo voru margir öskureiðir og sögðu mig vera andsnúinn kristni. Allt þetta tók á. Svo var erfitt að skrifa Týnda táknið vegna þess að efnið krafðist mikillar heimildavinnu.“



EINHERJIR VONUÐUST

TIL AÐ ÞEGAR ÉG FRÉTTI

AF LÖGSÓKN MYNDI ÉG

BORGA ÞEIM FYRIR AÐ

HÆTTA VIÐ HANA. SLÍKT

GERI ÉG EKKI, ÉG BERST.

Upplognar sakir

Hann er spurður um dómsmálin þar sem hann var sakaður um að hafa stolið efni og notað í Da Vinci lykillinginn. „Þetta var þreytandi því ég þurfti að undirbúa vörnina en það var líka erfitt að vita til þess að bornar væru á mig upplognar sakir bara til að ná í peninga. Einhverjir vonuðust til að þegar ég frétti af lögsókn myndi ég borga þeim fyrir að hætta við hana. Slíkt geri ég ekki, ég berst. Ég hef unnið hvert einasta mál sem hefur verið höfðað á hendur mér og þau eru mörg.“

Hvað með ásakanir um að þú sért andstæðingur kristinnar trúar?

„Ég ólst upp í trúarlegu umhverfi. Mamma var organisti í kirkjunni og ég söng í kórnum. Ég las Biblíuna og trúði öllu sem þar stóð. Þegar ég var tíu ára kynntist ég þróunarkenningunni. Ég fór til prests og spurði hvor sköpunarsagan væri rétt, sagan um Adam og Evu eða þróunarkenningin. Hann sagði: „Góðir drengir spyrja ekki svona spurningar.“ Þar og þá ákvað ég að þetta væri spurningin sem ég myndi spyrja.“

Í mörg ár fjarlægðist ég trúna en eftir því sem ég sókkti mér meir ofan í vísindin færðist ég nær hinu andlega. Trúin hefur fært heiminum margt gott en einnig margt slæmt. Þegar ég skrifa um trúarbrögð leitast ég við að sýna þeim virðingu en ég vil einnig vera heiðarlegur.“

Gagnrýni og aðdáendur

Brown á ótal aðdáendur víða um heim en gagnrýnendur eru ekki allir jafnhrífnir. Hann er spurður hvernig hann taki neikvæðri gagnrýni.

„Ég er kominn í mikla æfingu,“ segir hann og hlær og bætir við: „Þegar Da Vinci lykillinginn kom út voru fyrstu dómarnir frábærir. Bókin var sögð skemmtileg, snjöll og fersk. John Grisham sagði við mig: „Þú skalt vera viðbúinn viðsnúningi.“ Og svo snerist þetta skyndilega við og bókin var sögð hræðileg. Fólk sagði ekki bara að því líkaði ekki stíllinn heldur væri ég andsnúinn trúarbrögðum og auk þess lygari. Ég var ekki vanur því að fólk hataðist við mig en ég vandist því.“

Ég var nýlega gestur í sjónvarpsþætti hjá BBC, sem var í beinni útsendingu klukkan 7 um morgun. Fyrsta spurningin var: „Góðan daginn, herra Brown. Guardian segir að þú sért versti rithöfundur heims og nýjasta bók þín Uppruni sé algjört drasl. Hver eru viðbrögð þín við því?“ Ég gat ekkert annað gert en að hlæja og segjast óska þess að allir hefðu gaman af bókunum mínum. Þannig er það samt ekki og ég sætti mig við það.“

Með jafn öflugan aðdáendahóp og Brown á getur hann samt ekki annað en verið sáttur. Hann segist hafa mikla ánægju af að hitta lesendur sína. „Það kemur mér stöðugt á óvart að skynja hversu sterk áhrif bækunnar hafa á lesendur. Ég hitti fólk sem segir að bækur mínar hafi breytt því og orðið til þess að það tók aðra stefnu í lífinu. Það er gríðarlega hvetjandi að vita af slíkum áhrifum.“

Mótorhjól

LAUGARDAGUR 28. APRÍL 2018

Kynningar: Sniglar bifhjólasamtök lýðveldisins



Þann 1. maí næstkomandi halda Sniglar sína árlegu hópkeyrslu, þar sem farið verður frá Laugavegi og alla leið á planið hjá Bauhaus. MYND/STEFÁN

Sniglar að skriða í gang

Sniglar, hagsmunasamtök mótorhjólamanna setja aukinn kraft í starfið. Hin árlega 1. maí keyrsla verður stærri en áður og svo á að gefa út bók, safna liði og sinna öflugri hagsmunagæslu. ➔2

Framhald af forsiðu →

Sniglar eru hagsmunasamtök bifhjólafólks á Íslandi sem hafa starfað síðan árið 1984 og beita sér fyrir hagsmunamálum bifhjólafólks hvað varðar umferðaröryggi og -reglur. Samtökin vilja nú láta meira að sér kveða en þau hafa gert undanfarin ár, auka sýnileika sinn, fá fleiri meðlimi, sinna hagsmunagæslu fyrir alla mótorhjólamenn á Íslandi af fullum krafti og styðja við menntun mótorhjólamanna með útgáfu nýrrar kennslu- og handbókar fyrir bæði byrjendur og lengra komna.

Vilja safna liði

Elias Fells er gjaldkeri samtakanna og tekur þátt í skipulagi hinnar árlegu keyrslu Snigla 1. maí. „Þessi viðburður hefur farið fram áratugum saman, en þarna bjóða Sniglar öllu bifhjólafólki að mæta, hvort sem það er í Sniglum eða ekki,“ segir Elías. „Þátttakendur hafa verið á bilinu frá svona 300 upp í sirka 1.400, þannig að þetta er nokkuð stór viðburður og það er mikill undirbúningur að baki keyrslunni, sem er langstærsti viðburður ársins hjá okkur.

Hugmyndin er sú að við séum aðeins sýnilegri þegar við komum út á vorin. Viðburðurinn vekur alltaf mikla athygli, því við fyllum Laugavegin af hjólum, og þetta vekur vonandi fólk til vitundar um að við séum að koma út í umferðina svo það verði meira vakandi fyrir að sýna okkur tillitssemi,“ segir Elías.

„Partur af þessu er líka að reyna að fá fleiri félaga inn í samtökin. Það er mjög mikilvægt að reyna að ná sem flestum bifhjólamönnum inn í samtökin til að þau verði raunverulega eitthvað, en það er náttúrulega mjög mikilvægt fyrir bifhjólafólk að eiga sér talsmenn þegar kemur að umferðaröryggismálum og fleira,“ segir Elías. „Það hefur ekki gengið nógu vel síðustu ár að fá nýja félaga en nú erum við að spýta í lófana og gera meira og verða sýnilegri, svo fólk sjái að þetta séu virk samtök og sjái sér hag í að vera í Sniglum. Svo er náttúrulega líka bara skemmtilegt að sameinast og gera eitthvað saman.“

Stærri viðburður en áður

„Í ár verður viðburðurinn stærri en hann hefur yfirleitt verið. Við keyrum niður Laugaveg, um Lækjargötu sem leið liggur fram hjá Hörpu eftir Sæbraut, upp Ártúnsbrekku alla leið á planið hjá Bauhaus. Þetta er lengra en áður því okkur hefur þótt þetta aðeins of stutt hingað til,“ segir Elías. „Á Bauhaus-planinu verða mótorhjólaumboðin með sýningarbasa og þar verður hljómsveit, veitingasala, áhættuökumenn að sýna listir sínar og fleira.

Þetta hefur verið svolítið þannig að menn mæta á planið þar sem keyrslan endar og þar hefur lítið tekið við, svo fólk staldrar stutt við,“ segir Elías. „En við ætlum að reyna að halda aðeins í hópinn í ár, gera meira úr þessu en áður og hafa viðburðinn stærri og skemmtilegri. Við hvetjum að sjálfsögðu alla sem hafa áhuga á að vera með til að mæta upp í Bauhaus og taka þátt í þessum hluta viðburðarins, hvort sem fólk á mótorhjól eða ekki.“

Handbók fyrir byrjendur og lengra komna

Steinmar Gunnarsson er ritari samtakanna og hefur haft yfirmensjón með nýrri hand- og kennslubók sem Sniglar eru að fara að gefa út með Netöskólunum. „Þetta er bók sem var upprunalega gefin út af NMCU, systursamtökum Sniglanna í Norge. Bókin er ætluð sem kennslubók fyrir bifhjólmenndur en



Það er nóg að gera hjá Elíasi og Steinmari við skipulag 1. maí keyrslunnar, bókaútgáfu og Evrópusamstarf. MYND/STEFÁN

gagnast líka alveg ákaflega vel fyrir mótorhjólamenn sem vilja rifja upp hvernig er best að stjórna mótorhjóli á sem öruggastan hátt,“ segir Steinmar. „Við ákváðum, í samstarfi við Netöskólann, að láta þýða bókina og taka nýjar myndir fyrir hana hér á landi. Nú stendur lokafrágangur á henni yfir og hún verður gefin út fyrir sumarið á netinu. Þar verður hún ókeypis en það verður líka hægt að kaupa prentaða útgáfu.

Við vonumst til að þessi bók verði notuð sem handbók og kennslubók við bifhjólakennslu og að mótorhjólafólk um allt land nýti hana sér til framdráttar,“ segir

Steinmar. „Þetta er góð handbók og fínt að hafa hana á náttborðinu hjá sér, sama hvaða reynslu maður hefur, því maður getur alltaf lært.“

Vinna með evrópskum hagsmunasamtökum

Steinmar er einnig FEMA-fulltrúi Snigla. „FEMA er Federation of European Motorcycle Associations og hefur aðsetur í Brussel. Fyrir samtökin starfa löbbistar sem vinna að hagsmunum og hagsmunagæslu mótorhjólafólks fyrir hönd aðildarsamtaka í Evrópu,“ segir Steinmar. „Hópurinn berst fyrir því að ekki séu settar íþyngjandi reglur sem bitna ein-

“**Það er náttúrulega mjög mikilvægt fyrir bifhjólafólk að eiga sér talsmenn þegar kemur að umferðaröryggismálum og fleira.**

göngu á mótorhjólafólki, eins og stjórnvöld í ýmsum löndum hafa reynt. Í gegnum þessi samtök komu Sniglar því til dæmis til leiðar að það sé hægt að slökkva á ABS-bremsukerfum í torfæru-mótorhjólum þegar þau eru keyrð

í ófærð, en það væri ákaflega vont ef ABS-bremsukerfi væri virkt í slíkum akstri.

Mitt hlutverk er að taka þátt í fundum samtakanna fyrir hönd Snigla og bæði veita Sniglum upplýsingar um það sem samtökin eru að vinna að og koma séróskum frá Íslandi á framfæri til samtakanna,“ segir Steinmar. „Við eru ánægð með að hafa aðild að þessum samtökum, sem sinna mikilvægri hagsmunagæslu fyrir mótorhjólafólk, bæði erlendis og hér á Íslandi. Sem einu hagsmunasamtök mótorhjólafólks á Íslandi taka Sniglar það hlutverk mjög alvarlega.“

SUMARIÐ ER TÍMINN

TRUVE
SPIRIT



Z900RS MODERN CLASSIC 2018

Einstaklega vel heppnað hjól þar sem tímalaus hönnun ræður ríkjum en allur búnaður er af nýjustu gerð. Ergo-Fit stillingar á sæti, pedulum og stýri, ABS bremsur, Dual inngjöf, KTRC spólvörn og Assist & Slipper kúpling.

Verð 1.995.000,-



Versys 650

Frábært allhlíða ferðahjól. Tveggja cylindra, 4 ventla, bein innspýting, ABS bremsur, stillanleg rúða.

Verð 1.399.000,-



H2SX

Flottasta götuhjólíð á markaðnum. 1000 kúbik með Supercharger. Uni-Trak gasdempari, ABS.

Verð 3.199.000,-



ZZR1400

Frábærir aksturseiginleikar og endalaus kraftur! Bein innspýting, K-Track spólvörn, ABS.

Verð 2.725.000,-



VulcanS

Er hægt að vera flottari en þetta? 650cc, bein innspýting, stillanlegir pedalar, þægilegt sæti, eyðslugrant.

Verð 1.320.000,-



Z650

Hjólíð sem erfitt er að taka augun af. Mikið tog, slipper kúpling, ABS bremsur, létt og meðfærilegt.

Verð 1.180.000,-



Nítró sport / Kirkjulundi 17 / 210 Garðabæ / Sími 557 4848 / www.nitro.is

Verð miðast við gengi 27. maí 2018. Flest hjólin þarf að sérpanta og það tekur um 3 vikur.

Kawasaki

Sport sem spornar við öldrun

Mótorhjóláahuginn hefur fylgt Óla Ársæls í rúma sex áratugi. Fyrsta mótorhjólíð keypti hann af dönskum fjósamanni og verðandi eiginkona hans fékk far heim á öðru mótorhjólínu hans.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Mótorhjóláahuginn hjá Jóhanni Ólafi Ársælssyni, sem jafnan er kallaður Óli Ársæls, byrjaði mjög snemma og tengist án efa áhuga hans á vélum og tækjum. Hann ólst upp í nálægð við slippinn í Dröfn og vélsmiðju Hafnarfjarðar og fékk oft að fylgja pabba sínum um borð í togara þar sem hann var vélstjóri. Í dag er Óli 76 ára og nýtur lífsins í botn á Yamaha Silverado 1100 sem er afskaplega fallegt og þægilegt hjól fyrir kall á hans aldri eins og hann orðar það sjálfur. „Sem drengur var mér sagt að pabbi hefði átt mótorhjól sem hann notaði í og úr vinnu og fannst mér það frekar svalt. Hugurinn festist talsvert við þessa hugsun og í skólanum átti ég það til að teikna mótorhjól í kennslubækurnar í stað þess að hlusta vel á kennarann.“

Þegar Óli var 14-15 ára komst hann yfir lítinn bensínmotor sem var sérstaklega ætlaður aftan á reiðhjól. „Þessu kom ég einhvern veginn saman og brunaði um göturnar í Hafnarfirði, en með smá basli þar sem keðjan frá mótornum vildi oft detta af tann-



Óli Ársæls er 76 ára mótorhjólátöfari sem kann svo sannarlega að lífa lífinu. Í dag ekur hann Yamaha Silverado 1100.

Þessar hendingar urðu til síðasta vor þegar Óli var að ýta vinum sínum af stað eftir veturinn:

Nú komið er vorið og ef að þið þorið þá fylgið mér vegunum á. Þetta er sport fyrir strákka með gljáfægða fáka og hnakkaskraut aftan á. Við brunum um dali og fjallasali og veðrið er fagurt og flott við stoppum samt stundum og við okkur dundum að fá okkur pylsu og gott. Ef tinist af tíma við gripum upp síma og SMS sendum heim við erum á leiðinni nú á háheiddinni það er gustur af görpunum þeim.

síðar til Merkúrs hf. þar sem Óli var starfsmaður og hluthafi. „Á þessum árum var mikil vakning í mótorhjólamenningunni hér á landi og áður en varði var maður kominn á fullt aftur. Konan mín elskulega vissi sem var að þessi della færi ekkert úr mér og gaf mér splunkunýtt Yamaha Drag Star 650 þegar ég varð 60 ára en í dag ek ég Yamaha Silverado 1100.“

Æskuvinir leika sér

Félagsskapurinn í kringum mótorhjólín skiptir mjög miklu máli. Á árunum 2000-2004 voru margir af gömlu félögum hans komnir með stór mótorhjól og allt að gerast, eins og hann orðar það. „Menn höfðu nú bæði tíma og peninga til að setja í þetta draumasport. Áður enn varði hafði myndast hópur manna úr Hafnarfirði og hágrenni sem hittast enn í dag á þriðjudögum kl. 17.30 yfir sumartímann og aka saman 100-150 km um nærliggjandi sveitir og nágrannabæi ef veður leyfir.“

Félagsskapurinn kallast Dindlarnir, enda er þeir saklausir eins og litlu lömbin sem dilla dindlunum sínum, segir Óli. Á félagaskránni eru um 35 meðlimir sem eru misvirkir en kjarninn er öflugur.

Það felst ótrúlegt frelsi í því að vita að í skúrnum biði gljáfægður gæðingur, tilbúinn í lengri eða skemmri ferðir, segir Óli. „Við höfum farið víða um landið og margir okkar hafa ekið talsvert erlendis. Það er ótrúlega skemmtilegt að enn skulum við fjórir kunningsjarnir leika saman sama leikinn og þegar við vorum 15-16 ára á skellinöðrunum en nú á stórum og öflugum mótorhjólum. Við urðum allir 75 ára á síðasta ári, þ.e. ég, Hjörtur Guðmundsson, Júlíus Bess og Pálmi Sigurðsson. Við erum alveg vissir um að þetta sport sporni við öldrun, eins og sjá má af myndinni hér í greininni.“

Sumarið að nálgast

Það styttesti óðfluga í hjólatímabilið en Óli vill þó leyfa hitastiginu að hækka aðeins og leyfa Vegagerðinni að laga stærstu holurnar eftir erfiðan vetur. „Við munum halda okkur við þriðjudaga og til greina kemur að bæta við morgunferðum þar sem margir af félögum eru komnir á eftirlaunaaldur og hafa því líka lausan tíma fyrri hluta dags. Þannig að einhvern næstu daga verður sparkað í gang.“

Leðurjakkar og leðurbuxur fyrir bæði dömur og herra



3-4 gerðir af hönskum

Góð pakkaverð



Allt fyrir hjólafolk

Þér líður vel í leðri frá Kós



Sendum fritt um land allt

sími: 551 9044 gsm: 898 9944
Laugaveg 94 - 101 Reykjavík



hjólinu sem boltað var á teinana í afturgjörðinni. Í framhaldi af þessu ævintýri var fjárfest í KK-50 skellinöðru og þá var maður orðinn maður með mönnum og gat fylgt félögum sem höfðu eignast svipadar nöðrun en þetta var á árunum 1956-1958.“

Eiginkonan fékk far

Fyrsta mótorhjól Óla var þýskt NSU Fox 125 CC sem hann keypti af dönskum fjósamanni sem vann á Vífilstöðum. „Þetta var afskaplega lipurt og fallegt hjól og ég fór víða á því, m.a. í veiðiferð til Þingvalla með vin minn Gísla Helgason fyrir aftan mig.“ Næsta hjól var öllu stærra, breskt herhjól af gerðinni Panther með stórum motor þar sem gert var ráð fyrir hliðarvagni. „Nú var orðinn stæll á mínum og notaði ég hjólið talsvert á leið í vinnuna meðan ég var að læra vélvirkjun til að undirbúa mig undir Vélstjóráskólann.“

Á þessu hjóli sótti hann eitt sinn seint um kvöld Sirry Karls, stúlkuna sem hann var að reyna við á þessum árum og er nú eiginkona hans. „Hún var þá að vinna í sjoppu. Ég kom á rólegri ferð rétt í því sem hún var að tölta af stað og spyr hvort hún vilji þiggja far heim. Hún þáði boðið en hefði án efa ekki gert það ef hún hefði vitað að hjólið var án hljóðklúts þar sem ég hafði verið í einhverju viðgerðarstússi með gripinn. Einn rúntur um bæinn með miklum hávaða kostaði það að þessi prúða mæri rauk af hjólinu þegar ég stoppaði heima hjá henni, skellti hurðinni og talaði ekki við mig næstu tvær vikurnar en þetta jafnaði sig með smá lagni.“

Alvaran tekur við

Eftir að Óli og Sirry giftu sig tók alvaran við. Þau kláruðu námið, keyptu íbúð og seinna byggðu þau sér hús. „Á þessum tíma var mótorhjóláahuginn settur á bið. En það skemmtilega gerist að ég fer að vinna hjá bilaumboðinu Bilaborg sem þá seldi Mazda-bíla og Yamaha-mótorhjól og þá blossaði bakterían upp aftur og hefur verið viðvarandi síðan.“

Yamaha-umboðið færðist



LAUGARDAGUR 28. APRÍL 2018

Heilsa



Það verður mikið um dýrðir og gobbidigobb í miðbæ Reykjavíkur í dag þegar hestar og frægir knapar ríða um göturnar á Hestadögum. Hægt verður að klappa hestunum og jafnvel komast á bak. →8

ERTU Í
LEIT AÐ
DRAUMA-
STARFINU?



Finndu þitt starf á
atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ IS Job.is



Blephaclean hreinsar varlega viðkvæmt augnsvæði og er bæði rakagefandi og mýkjandi. MYND/EYÞÓR

Lausn við hvarmabólgu og frjókornaofnæmi

Blephaclean og Blephagel eru góðar lausnir fyrir fólk sem glímir við þurr augu, hvarmabólgu og frjókornaofnæmi. Blephaclean og Blephagel eru klínískt viðurkenndar vörur sem virka vel og létta fólki lífið. →2

Framhald af forsiðu →

Hvarmabólga er líklega einn algengasti augnsjúkdómur á Íslandi. Hann er talinn vera ofnæmi fyrir bakteríum sem við erum öll með á hvörmunum. Ofnæmið veldur bólgu í hvörmum, með roða og þrota sem truflar oft starfsemi fitukirtla. Fitukirtlarnir búa til fitubræk ofan á tárnum svo þau haldist og smyrji nægjanlega, annars gufa tárinn hratt upp og renna niður kinnarnar. Því eru þurr augu oft fylgifyiskur hvarmabólgu.

Helstu einkenni hvarmabólgu

- Sviði
- Óskýr sjón
- Aðskotahlutartilfinning, píringur
- Smákláði
- Roði í hvörmum og augum
- Óþægindi í augum eftir tölvuvinnu, lestur eða við áhorf á sjónvarp
- Bjúgur á hvörmum

Oft er erfitt að greina á milli einkenna hvarmabólgu og þurra augna. Þurr augu og hvarmabólga koma oft fram saman og þarf því oft að meðhöndla hvort tveggja.

Daglegt hreinlæti á augum er afar mikilvægt í bland við heita bakstra fyrir árangursríka meðferð á mismunandi augnvandamálum eins og hvarmabólgu, þurrum augum, slími vegna ofnæmis o.fl.

Þurr augu

Þurr augu eru algengt vandamál en þá hefur orðið truflun á framleiðslu tára svo augun framleiða ekki nægilega mikið af þeim eða tárinn eru ekki nægilega vel sett saman og þau gufa upp of fljótt.

Helstu einkenni þurra augna

- Táraflæði
- Óskýr sjón
- Aðskotahlutartilfinning, píringur
- Smákláði
- Óþægindi í augum eftir tölvuvinnu, lestur eða við áhorf á sjónvarp
- Roði í augum

Aldur hefur áhrif á augnþurrk, hann er algengari tengdur ýmsum gigtar- og sjálfsöfnæmissjúkdómum, hjá fólki með ofnæmi og hjá þeim sem nota snertilinsur. Þá geta utanaðkomandi atriði valdið eða viðhaldið þurrum augum, t.d. lyf, áfengi, tölvunotkun, víftur o.fl.

» **Blephagel og Blephaclean eru hágæða vörur fyrir þá sem glíma við hvarmabólgu, þurr augu eða frjókornaofnæmi. Blephagel er dauðhreinsað kælandi gel til daglegrar notkunar. Blephaclean eru blautþurrkur til að hreinsa í kringum augnsvæðið.**

Ekki er hægt að lækna þurr augu en unnt er að meðhöndla einkenni sjúkdómsins með gervitárum eins og Thealoz sem fást án lyfseðils í apótekum.

Sjá nánar á www.provision.is



Blephaclean hreinsar varlega viðkvæmt augnsvæði.

Blephagel

Blephagel er dauðhreinsað kælandi vatnskennt gel til daglegrar hreinsunar á viðkvæmum, þurrum eða klístruðum augnlokum og augnhárum. Það vinnur vel á hvarmabólgu og frjókornaofnæmi. Það er ofnæmisprófað af bæði augnlæknum og húðsjúkdómalæknum. Blephagel er einnig rakagefandi og mýkjandi fyrir augnlokin án þess að hafa áhrif á náttúrulegt pH-gildi húðarinnar. Það er án rotvarnarefna, ilmefna og alkóhóls og er hvorki feitt né klístrað.

Mælt er með því að nota Blephagel bæði kvöld og morgna eða eins oft og þörf er á. Gelinu er nuddað varlega á lokað augnlokið og augnhárarætur með hringhreyfingum. Þannig leysist upp slím og agnir sem síðan eru þurrkaðar af með hreinni grísku en ekki skolaðar af. Blephagel er þróað og unnið í samvinnu húðlækna og augnlækna.



Blephaclean

Blephaclean eru hágæða blautklútar til að hreinsa mjúklega slím og húðskorpu af augnhvörmum og augnhárum. Þeir vinna vel á hvarmabólgu og innihalda rakagefandi róandi efni sem stuðla að hjöðnun á þrota á augnsvæði án þess að erta augu eða húð. Þetta eru einu blautklútar sinnar tegundar sem klínískt sannað er að virki og hafa verið prófaðir af bæði augnlæknum og húðlæknum. Virka vel á frjókornaofnæmi og dregur úr kláða og þrota.

Blephaclean blautklútar innihalda meðal annars hýalúrónsýru sem gefur raka, Iris Florentina rót sem er bólgueyðandi og Centella asiatica rót sem flýtir fyrir gróanda, styrkir og eykur blóðflæði. Blautklúturnir eru einnota, dauðhreinsaðir og án rotvarnarefna, ilmefna og sápu. Þeir eru einstaklega mildir fyrir viðkvæmt augnsvæði og má nota fyrir ungbörn frá þriggja mánaða aldri.



» **Blephaclean er þróað og unnið í samvinnu húðlækna og augnlækna.**

Eiginleikar Blephaclean

- Hreinsar varlega viðkvæmt augnsvæðið
- Græðir og endurnýjar húðina
- Rakagefandi og mýkjandi
- Verndar gegn þurrki

Náttúruleg vörn gegn augnþurrki

Thealoz®, Thealoz Duo® og Thealoz Duo Gel® eru einstakar vörur sem viðhalda raka og verja augun fyrir þurrki á náttúrulegan hátt. Í þeim er trehalósi sem er náttúruleg sameind sem kemur jafnvægi á frumur hornhímnunnar og verndar þær fyrir þurrki. Auðvelt að nota, milt fyrir augun.

Thealoz

Thealoz eru rakagefandi augndropar sem vernda yfirborð augans og fást í dag í þremur mismunandi tegundum.

Aðalinnihaldsefnið í þeim er trehalósi, náttúrulegt efni sem finnst í mörgum plöntum og hjálpar þeim að lifa í þurr umhverfi. Trehalósi eykur viðnám þekjufruma hornhímnunnar gegn þurrki og kemur á jafnvægi og verndar frumur hornhímnunnar. Thealoz sækir innblástur til náttúrunnar og er sérstaklega milt fyrir augun. Það kemur í mjúkri fjölskammtaflösku sem er auðvelt að nota.

Thealoz Duo

Thealoz Duo er einstök samsetning náttúrulegra og mýkjandi efna til meðhöndlunar á augnþurrki. Hér er um tvöfalda virkni að ræða þar sem notað er náttúrulega efnið trehalósi en einnig hýalúrónsýra sem gefur raka og smyr fyrir langvarandi létti. Thealoz

Duo þykkir táfílmuna og endist sexfalt lengur en hýalúrónsýra ein og sér og má nota með snertilinsum. Formúlan er án rotvarnarefna í fjölskammtaflösku sem nota má í 3 mánuði eftir opnun.

Thealoz Duo Gel

Thealoz Duo Gel er fyrsta samsetningin af trehalósa, hýalúrónsýru og karbómer í gelformi og gefur ennþá lengri virkni í samanburði við augndropa. Þess vegna hentar gelið einstaklega vel á nóttunni þegar minni virkni er í táfílmunni sem og á daginn þegar augun þurfa extra hjálp til að viðhalda raka. Á nóttunni minnkar virkni táfílmunnar sem veldur því að einkenni augnþurrks verða verri eftir að augunum er lokað, óháð því hvernig einkennin voru fyrir svefn. Karbómer gerir það að verkum að gelið endist lengur en dropar og hentar því einstaklega vel til stuðnings á nóttunni en má að sjálfsgöðu nota yfir daginn líka.

- **Trehalósi** er náttúruleg sameind sem eykur viðnám þekjufruma hornhímnunnar gegn þurrki.
- **Hýalúrónsýra** gefur raka og smyr fyrir langvarandi létti.
- **Karbómer** gerir það að verkum að gelið helst lengur og veitir langvarandi létti.
- Sérstaklega milt fyrir augun.
- Mælt með fyrir augnlinsur.
- Án rotvarnarefna.



Pizza og bjór með bestu lyst

Enzymedica eru gríðarlega öflug meltingarensím sem hafa slegið rækilega í gegn á Íslandi. Þau auðvelda meltingu á flestum mat og losa fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu.

Færðu í magann, uppþembu og loft þegar þú borðar steik? Hvað með pizzu og bjór? Það vandamál er ótrúlega vel þekkt og fjölmargir hreinlega hætta að leyfa sér slíkan munað. Sumir fá líka óþægindi og uppþembu eftir máltíðir en vita ekki af hverju en afar líklegt er að þetta tengist skorti á meltingarensímum því þau sjá um niðurbrot fæðunnar.

Ensim brjóta niður fæðuna

Meltingarensím eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munnum. Þar eru fyrstu meltingarensím sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Sumir þola ekki ákveðnar fæðutegundir og stundum gerist það þegar við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm að líkaminn nær ekki að „lesa skilaboðin rétt“ eða getur ekki framleitt nægilega mikið af ensímum. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu, fæðuþoli eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn á að skila okkur.

Pizza og bjór með bestu lyst

Haraldur Egilsson er 46 ára sjómaður og mikill ævintýramaður sem hefur bæði gaman af því að elda góðan mat og borða hann. Haraldur hefur oft fundið fyrir uppþembu eftir matinn og eitt af því sem hann hefur nánast þurft að sleppa alveg í einhverjum árum er að fá sér

„Mér finnst rosalega gott að fá mér bjór með pizzu en því miður verð ég alltaf rosalega útþaninn eftir það. Ég ákvað að prófa að taka Digest Gold fyrir máltíðina og viti menn, þetta bara svínvirkaði!“

Haraldur Egilsson, 46 ára sjómaður og ævintýragjarn matgæðingur

pizzu og einn iskaldan bjór með. Þegar hann prófaði svo eitt hylki af Digest Gold með uppáhalds föstudagsmatnum, varð alger viðsnúningur og það vottaði ekki fyrir þeim óþægindum sem höfðu hrjáð hann áður.

„Mér finnst rosalega gott að fá mér bjór með pizzu en því miður verð ég alltaf útþaninn eftir það. Ég er ekki mikið fyrir að borða einhver bætiefni, en eftir að konan var búin að ýta þessu að mér nógu oft, ákvað ég að prófa að taka eitt hylki af Digest Gold fyrir máltíðina og viti menn, þetta bara svínvirkaði.“

1 hylki sýnir árangur

Meltingarensím eru eitt af fáum bætiefnum þar sem ekki þarf að biða eftir árangri. Einungis eitt hylki þarf til að finna muninn en það er tekið við upphaf máltíðar og ensímur verða virk strax. Taka þarf hylki með öllum máltíðum sem geta valdið óþægindum og hafa ensímur ekki nein áhrif á aðra líkamsstarfsemi. Við fáum meltingarensím að stórum hluta úr ávöxtum,



Haraldur Egilsson sjómaður með bjórinn góða.

» Digest Gold er öflugasta varan frá Enzymedica og inniheldur auk ensíma: ATP, Q10 og magnesíum sem eykur orku og ýtir undir þarmahreyfingar.

grænmeti og flestu hráfæði en þau „deyja“ flest við eldun. Enzymedica eru náttúruleg meltingarensím og má líkja hverju hylki við fulla skál af salati þegar horft er til magns meltingarensíma.

Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið viðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba

- Kvíðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Góð meltingarensím vinna einnig vel með mjólkursýrugerlum þar sem ensímur brjóta niður fæðuna og auðvelda þ.a.l. upptöku næringarefna og gerlarnir byggja upp öfluga þarmafloðu.



40+ FEMARELLE REJUVENATE

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári



Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle



50+ FEMARELLE RECHARGE

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi



Femarelle skiptir Valgerði miklu máli



60+ FEMARELLE UNSTOPPABLE

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín,
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle



Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast - vertu með okkur

Elskaðu. Lifðu. Njóttu.

Femarelle
vörulínan

Bíður spennt eftir sumrinu

Matreiðsla og íþróttir skipa stóran sess í lífi Berglindar Sigmarsdóttur sem rekur veitingastaðinn GOTT. Fram undan er líflegt sumar sem inniheldur góðan mat og fullt af skemmtilegum fótbolta.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Það stýttist í sumarið og Berglind Sigmarsdóttir, veitingahúsa eigandi og matreiðslubókarhöfundur, er farin að hlakka til sumarsins í Vestmannaeyjum þar sem hún býr og rekur veitingastaðinn GOTT ásamt eiginmanni sínum Sigurði Gíslasyni. „Við erum mjög spennt fyrir sumrinu. Hér er eitthvað að gerast um hverja helgi yfir sumarið, t.d. golfmót, fótbolamót, Goslokahátíð, Þjóðhátíð og svo mætti lengi telja. Því er heilmikið um að vera alla daga yfir sumartímann. Einnig er von á nýrri ferju í haust svo hér ríkir mikil bjartsýni og gleði. Svo verðum við aðeins á ferðinni og fylgjumst með GOTT Reykjavík auðvitað.“

Sem fyrr er mottóð hjá henni að bjóða upp á næringarríkan en um leið safaríkan og bragðmikinn mat sem búinn er til nánast frá grunnni. „Glænýr fiskur dagsins er alltaf vinsæll á sumrin enda fimm mínútna gangur niður á höfn. Einnig má nefna vinsælu klassísku vefjurnar sem við bökkum um leið og við fyllum. En svo er alltaf eitthvað nýtt á boðstólum yfir sumartímann, t.d. meira úrval af grænmetisréttum, nýjar útfærslur af fiskréttum og ný



Berglind Sigmarsdóttir, veitingahúsa eigandi og matreiðslubókarhöfundur.

matarmikil salöt. Einnig erum við að flytja inn einstakt lífrænt hvítvín frá Toskana á Ítalíu.“

Berglind gefur lesendum uppskrift að rúgbrauði í dós. *Hvað er það besta við að búa í Vestmannaeyjum?*

Nálægðin við náttúruna, að geta labbað allt eða hjólað sem maður þarf að fara. Getað reddað öllu á fimm mínútum og eiga þá meiri tíma eftir fyrir sína nánustu.

Hvað finnst þér best að fá í morgunmat um helgi?

Heimagerðar hafrapönnukökur með bönnunum, fullt af berjum og jafnvel stevíu nutella (spari) ásamt vel sterku espresso með smá mjólk.



Vestmannaeyjar skarta sínu feegursta jafnan yfir sumartímann. MYNDIR/KRISTBJÖRG SIGURJÓNSDÓTTIR

Ef þú vilt gera vel við þig í mat og drykk um helgi, hvað verður fyrir valinu?

Þetta er mjög erfið spurning fyrir manneskju sem er alltaf að spá í mat og fer svoltið efir augnablikinu. Alvöru eldbökuð pítsa með rauðvinsglasi er frábær yfir enska boltanum. Laugardagskvöld með kallinum og vínun gæti innihaldið nauta-carpaccio, ostafyllt ravioli með fullt af parmesan og eðal tiramisú í eftirrétt. Eða bara nýbökuð skúffukaka og ísköld mjólk með krökkunum mínum á góðum sunnudegi.

Hvernig er draumahelgin?

Þá sef ég til níu og tek svo góðan bröns með allri fjölskyldunni. Næst tekur við Facetime með elsta syninum sem er í skiptinámi í Frakklandi. Svo myndi ég taka góða göngu með hundinn. Einnig er gaman að sitja úti í góða veðrinu og horfa á fótbolta. Best er ef það væri kvenna- og karlaleikur sömu helgi hjá ÍBV. Síðan myndi ég grilla með vínun mínum um kvöldið og eiga svo sunnudaginn í hengirúminu í garðinum og fá þá samt frá GOTT og GOTT Reykjavík þess efnis að það sé brjáláð að gera en samt sé allt „under control“. Ekki væri verra ef skúffukakan með mjólkinni yrði þá tilbúin.

Hvernig mat færðu þér þegar þú borðar úti?

Ég er orðin frekar leið á þessum klassíska mat. Ég væri miklu spenntari fyrir nýrri útgáfu af „spicy“ kebab þar sem vefjan er bökuð um leið og allt er ferskt og bragðmikið, frekar en venjulegri steik og sósu.

Hvada áhugamál áttu utan matreiðslunnar?

Ég elska íþróttir og þá helst handbolta og fótbolta. Ég á eina unglíngalandsliðsstelpu í fótbolta og við hjónin eltum U-16 ára landsliðið til Litháen fyrir tveimur vikum þar sem hún var fyrirliði. Ég er í knattspyrnuráði kvenna ÍBV og Anton, níu ára strákurinn minn, er líka í fótbolta svo margar helgar fara í að horfa á leiki.

Ertu spennt yfir HM í fótbolta í sumar?



Dósin heldur rakanum inni svo að brauðið verður mjúkt og gott.

Já, geggjað spennt. Ég fór á EM kvenna í Hollandi í fyrra og á eftir að fylgjast mjög spennt með HM í sumar.

Rúgbrauð í dós

Margir Vestmannaeyingar nýttu hitann í hrauninu eftir eldgosid 1973 til að baka rúgbrauð. Deiginu var skellt í dós sem var grafin í hrauninu og 6-8 klukkutímum síðar var það tilbúið. Þetta gerðu Eyjamenn til margra ára en nú hefur hraunið náð að kólna mikið og erfiðara að finna staði til að baka.

Þó svo að fólk baki ekki lengur rúgbrauð í hrauninu er mjög sniðugt að baka rúgbrauð í dós inni í ofni því lokuð dós heldur rakanum inni svo brauðið verður mjúkt og gott.

- 6 bollar rúgmjöl (110-120 g hver bolli)**
- 3 bollar heilheiti (110-120 g hver bolli)**
- 2 tsk. matarsódi**
- 2½ tsk. lyftiduft**
- 1 tsk. sjávarsalt**
- 2 dl lífrænt hlýnsiróp**
- 1 lítri ab-mjólk**
- Smjör til þess að smyrja með**
- 1 bolli vatn**

Hitið ofninn í 100 gráður (ég nota blástur). Blandið öllum þurrefnum saman í skál og hrærið. Blandið þá ab-mjólk og hlýnsirópi saman við og hrærið þar til allt hefur blandast vel saman en athugið að þetta er klístrað deig. Setjið bókunarpappír í dósina og smyrjið létt með smjóri eða olíu. Hellið deigi í formið, jafnið út og hellið svo vatninu yfir deigið. Lokið dósinni og setjið beint inn í ofn. Bakið í 6½ klst.

FYRIR PARMAFLÓRUNA!



Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins.

Probi Mage LP299V® (*Lactobacillus plantarum* 299v) er söluhæsti mjólkursýrugerillinn í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi! 1 hylki á dag.

Finndu muninn með Probi Mage LP299V®.

Fæst í apótekum og heilsuverslunum, í Melabúðinni, Hagkaup og Fræinu, Fjarðarkaupum auk valdra útsöluastaða um land allt.

abel heilsuvörur

Selena
SUNDFÖT
2018



Bláa húsin v/ Faxafen • www.selena.is • 553 7355

Bætiefni Röggu Nagla

Ragga Nagli heilsusálfræðingur hefur hjálpað ótal manns við að ná tökum á mataræðinu með góðum árangri. Hún æfir lyftingar, CrossFit og spretthlaup og til að ná sem bestum árangri notar hún bætiefni og vítamín frá NOW.

Ragnhildur Þórðardóttir, eins og Ragga Nagli heitir í vega-bréfinu, býr og starfar við sitt fag í Kaupmannahöfn þar sem hún rekur eigin sálfræðistofu. „Ég vinn mikið með fólki sem glímur við ofát og hef sérhæft mig í því sem kallast Mindful Eating, eða borðað í núvitund.“ segir Ragga sem kemur reglulega til Íslands og heldur vinsæla fyrirlestra og námskeið sem snúast um mataræði án ófnga og betri heilsu. Sjálf æfir hún lyftingar, CrossFit og spretthlaup af krafti og notar vítamín og bætiefni frá NOW til ná sem bestum árangri.

„Ég mæli með því að taka Magnesium & Calcium og B12-vítamín fyrir svefninn til að auka endurheimt vöðva yfir nóttina. Ég tek B12-vítamín því það er streituvítamínið okkar og skortur á því getur valdið síþreytu. Við upplifum þá þrekleysi og ýmsa verki og það verður erfitt að æfa því andardrátturinn verður grynri. B12-vítamín hjálpar til við að mynda rauð blóðkorn og ef það er skortur á þessu mikilvæga vítamíni verður svefninn grynri og um leið hvílumst við verr. Þess vegna er gott að taka þessa blöndu áður en farið er í háttinn,“ segir Ragga glaðlega og bætir við að þótt ótrúlegt megi virðast sé skortur á magnesium nokkuð algengur meðal Vesturlandabúa. „Hann lýsir sér þannig að blóðþrýstingurinn hækkar og glúkósaþol lækkar en það er þol okkar fyrir kolvetnum.“




Ragga Nagli tekur bætiefni og vítamín frá NOW. MYND/STEFÁN

D-vítamín daglega

Ragga segist einnig taka D-vítamín á hverjum degi til að halda beinheilsunni og augnheilsunni í góðu lagi. „Ég gantast stundum með að ég þurfi að hafa þrjá gaura í lífi mínu, það eru Baldur eða B-12 vítamín, Maggi eða magnesium og Dagur fyrir D-vítamín. Það er gott að muna þetta svona. D-vítamín er bráðnaðsynlegt alhlíðavítamín fyrir okkur sem búum á norðurhvara veraldar, þar sem varla gætir birtu stóran hluta ársins. D-vítamínskortur getur komið fram með ýmsum verkjum og kvillum sem fólk upplifir en áttar sig ekki á að um D-vítamínskort er að ræða,“ greinir Ragga frá.

Ragga tekur Amino Power fyrir æfingar.

Chicken Bone Broth er gott út í sjeika og smúðinga, að sögn Röggu.



MTC-olían er full af hollri fitu úr kókoshnetum og pálmaolíu.



B12-vítamín er bráðnaðsynlegt fyrir þá sem búa á norðurhvara veraldar.



Ragga fær sér Spirulina með morgunmatnum og segir það ofurfæðu.


Verndar vöðvamassann

Að lokinni æfingu fær Ragga sér yfirleitt sjeik eða smúðing til að fá orku og næringu. „Ég er nýbyrjuð að nota Bone Broth frá NOW og set það út í sjeikana mína til að fá meira prótín en prótínið verndar vöðvamassann. Það hefur gefist mjög vel og fer vel í magann á mér. Bone Broth er púdur, unnið úr kjúklingabeinum og í mörgum samfélögum er það algeng fæða. Bone Broth er gott fyrir fólk sem er með fæðuofnæmi eða óþol fyrir t.d. laktósa. Það hentar líka þeim sem eiga erfitt með að brjóta niður prótínduft eða bauna-próttín því það fer vel í maga. Það inniheldur hvorki egg né mjólkurvörur. Í því er smá koffín sem er

unnið úr grænu tei og mér finnst það vera í réttu magni,“ upplýsir Ragga.

Spirulina með morgunmatnum

„Svo tek ég MCT-olíu daglega. Hún er ofsalega góð fyrir okkur því hún er full af hollri fitu úr kókoshnetum og pálmaolíu. MCT-olían er bragðlaus og getur vel komið í staðinn fyrir t.d. hörfráolíu. Síðan tek ég steinefnablöndu sem heitir Full Spectrum Minerals frá NOW. Við sem svitnum mikið spænum upp steinefni og söltin og þess vegna er mikilvægt að taka steinefni til að halda líkamanum í jafnvægi,“ segir Ragga og nefnir að á hverjum morgni fái hún sér



„Við sem svitnum spænum upp steinefni og söltin og þess vegna er mikilvægt að taka steinefni til að halda líkamanum í jafnvægi,“ segir Ragga.



Góðgerlar eru mikilvægir fyrir æfingameli, að sögn Röggu því þeir stuðla að betri meltingu og bæta þarmaflórana.

Ragga tekur Magnesium & calcium til að bæta svefninn.

„Ég gantast stundum með að ég þurfi að hafa þrjá gaura í lífi mínu, það eru Baldur eða B-12 vítamín, Maggi eða magnesium og Dagur fyrir D-vítamín.“

Ragga Nagli

Spirulina. „Ég borða það með morgunmatnum mínum. Ég fæ mér egg og dýfi Spirulina í þau. Mér finnst þetta kombó rosalega gott. Spirulina er full af B12-vítamíni, steinefnum, söltum og aminosýrum. Í raun er þetta algjör ofurfæða. Svo fæ ég mér líka fjölvítamín á hverjum degi og mæli með að allir geri það.“

Góðgerlar fyrir þarmaflórana

Ragga notar líka góðgerla til að halda þarmaflórinni í blússandi botni. „Rannsóknir sýna að margir sjúkdómar byrja í þarmaflórinni, jafnvel andlegir sjúkdómar eins og kvíði og þunglyndi. Góðgerlar stuðla að betri meltingu með því að örva hreyfingu í meltingarvegnum og bæta ónæmiskerfið. Fyrir æfingameli eru góðgerlar mikilvægir því þeir hjálpa til við niðurbrot, upptöku og nýtingu á næringu, bætiefnum og vítamínum sem við guffum í okkur. Sérstaklega aminosýrum og steinefnum. Þannig geta þeir hjálpað til við að bæta frammistöðu á æfingum,“ segir Ragga að lokum.

Kostir þess að vera einfari

Einsemd getur haft neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu ef hún er ekki valkvæð. En rannsóknir hafa sýnt að einvera getur gert mikið gagn fyrir þá sem kjósa hana.

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Sumt fólk hikar við að blanda geði þegar það þarf þess ekki og veit fátt betra en að fá að vera í næði og einrúmi. Slikar tilhneigingar geta skapað hættu á einangrun, sem hefur neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu, eins og sést til dæmis mjög skýrt þegar fólk er einangrad í langan tíma í fangelsum, þar sem það getur leitt til ofskynjana og annarra geðrænna vandamála. En það eru nýjar vísendingar um að fólk sem kys einfaldlega að vera mikið eitt græði á einverunni.

Aukin sköpunargáfa

Einn ávinningur af einveru er aukin sköpunargáfa. Gregory Feist, sem rannsakar sálfræði sköpunargáfu við San Jose State háskólann í Bandaríkjunum, segir að það séu nokkur persónueinkenni sem sé algengt að fylgi sköpunargáfu. Þau er í fyrsta lagi að vera opin fyrir nýjum hugmyndum og upplifunum, í öðru lagi að vera sjálfum sér nægur og hafa sjálfstraust og í þriðja lagi að sýna sjálfstæði. Sjálfstæðið felur líka stundum í sér „áhugaleysi gagnvart félagslegum viðmiðum“ og „að




Einvera getur haft ýmsa kosti. MYND/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

Allt sem þú þarft ...



kjósa frekar einveru“. Rannsóknir Feists á bæði vísindamönnum og listamönnum hafa sýnt að einn mest áberandi eiginleikinn sem skapandi fólk á sameiginlegan er skertur áhugi á félagslegum samskiptum.

Ein ástæðan fyrir þessu er að þetta fólk er líklegt til að eyða töluverðum tíma eitt síns liðs til að vinna í iðn sinni. Feist segir líka að margir listamenn séu „að reyna að átta sig á innri veruleika og innri upplifunum sem þeir er að reyna að tjá og gefa merkingu í gegnum list sína“. Einvera býður upp á hugleiðingar og athugun sem er nauðsynleg fyrir skapandi ferli.

Jákvæð áhrif ófélagslyndi

Rannsóknir sálfræðingsins Julie Bowker við háskólann í Buffalo í Bandaríkjunum hafa rennt stóðum undir þessar hugmyndir. Hún rannsakar fólk sem dregur sig út úr félagslegum samskiptum. Slikri hegðun er yfirleitt skipt í þrjá flokka, feimni sem stafar af ótta eða kvíða, það að forðast félagsleg samskipti því viðkomandi líkar þau ekki og ófélagslyndi, þar sem fólk kys frekar einveru.

Rannsóknir Bowker og kollega hennar sýndu að þessi síðasti flokkur, ófélagslyndi, gæti haft jákvæð áhrif, því það voru sterk tengsl milli þess og sköpunargáfu. Rannsóknirnar sýndu líka að það væru ekki tengsl milli ófélagslyndis og árásargirni hjá fólki, en það sama gildir ekki um fólk sem er feimið eða forðast samskipti því þeim líkar þau ekki.

Þetta voru fyrstu rannsóknirnar sem sýndu að ófélagslyndi gæti haft kosti. Bowker segir að ófélagslynt fólk hafi ekkert á móti því að vera með öðrum, þó að það kjósi einveru, og eigi oftast nægileg félagsleg samskipti.

Bætir minni og einbeitingu

Einn kostur sem fylgir ófélagslyndi er að þegar fólk er eitt fer heilinn í virkt hvíldarástand sem er ekki mögulegt þegar aðrir eru nálægt, því maður kemst ekki hjá því að veita fólkinu í kringum sig athygli.

Þetta hvíldarástand hjálpar heilanum meðal annars að styrkja minnið og átta sig á tilfinningum

» **Þetta hvíldarástand hjálpar heilanum meðal annars að styrkja minnið og átta sig á tilfinningum annarra.**

annarra. Þegar maður leyfir huganum að reika batnar líka skilningur á sjálfum sér og öðrum og það verður auðveldara að einbeita sér þegar þörf krefur.

Þannig að stutt tímabil einveru getur hjálpað fólki með félagsleg samskipti þegar þau hefjast á ný og skortur á einbeitingu bætir hana til lengri tíma lítið.

Innhverfir eru glaðir líka

En einhvers staðar liggur línan milli nýtsamlegrar einveru og hættulegrar einangrunar. Þessi lína er ekki alltaf augljós, en einveran verður vandamál þegar hún leiðir til vanlíðanar og skertrar félagsþæfni. Það er heldur ekki heilbriggt að missa algjörlega áhugann á öðru fólki og hætta samskiptum. En það er erftitt að þekkja sjálfan sig vel og ná algjörrri afslöppun ef maður fær aldrei næði. Þetta snýst því um jafnvægi.

Innhverft fólk á oftast færri vini en tengist þeim sterkari böndum og þessi sterku bönd hafa verið tengd við aukna hamingju. Að rækta fá og góð sambönd getur oft verið hollara en að reyna að fylla lífið af samböndum við alls konar fólk.

Þannig að fólk sem er frekar innhverft og ófélagslynt ætti ekki að hafa áhyggjur og reyna að neyða sig til að haga sér öðruvísi. Ólíkir hlutir henta ólíku fólki og hver þarf að finna sinn farveg. Svo lengi sem þetta fólk á í reglulegum samskiptum við annað fólk, á nokkra góða vini, einveran lætur því líða vel og það velur einsemd, í stað þess að henni sé þröngvað upp á það, er ekki nauðsynlegt að reyna að breyta neinu. Þannig að ef þig langar frekar að vera heima og horfa á Netflix á kvöldin um helgar, í stað þess að fara út á lífið, þá ættirðu kannski bara að láta það eftir þér.



Talmeinafræðingur

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir stöðu talmeinafræðings lausa til umsóknar.

Umsækjandi hafi starfsbundin réttindi talmeinafræðings.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Skriflegar umsóknir er tilgreini nöfn 2ja umsagnaraðila, menntun, fyrri störf og sakavottorð berist undirrituðum sem jafnframt veitir frekari upplýsingar.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSS) annast félags- og skólaþjónustu og barnavernd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, þ.e. Snæfellsbæjar, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps.

Hjá FSS starfa auk forstöðumanns, skólasálfræðingur, 2 félagsráðgjafar, 2 þroskaþjálfar, náms- og starfsráðgjafi, talmeinafræðingur auk starfsfólks dagþjónustu- og hæfingarstöðva, heimaþjónustu og annarra þjónustupátta fatlaðs fólks.

Umsóknarfrestur er til 31. maí

Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður

Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ

sveinn@fssf.is; s. 430 7800 og 861 7802



HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Heilsuvernd óskar eftir hjúkrunarfræðingum til starfa. Fjölbreytt störf í boði í vaxandi fyrirtæki.

- Starf hjúkrunarfræðings við starfsmannaheilsuvernd. Meðal verkefna eru heilsuefning, forvarnir, fræðsla og ráðgjöf til fyrirtækja í þjónustu Heilsuverndar. Starfshlutfall 75-90%.
- Starf heilsugæsluhjúkrunarfræðings við Heilsugæsluna Urðarhvaði. Meginstarfssvið er almenn móttaka á heilsugæslustöð og ungbarnavernd. Starfshlutfall 75-90%.

Áhugasamir hafi samband við Fríði Brandsdóttur í síma 510-6500 eða gegnum netfangið fridur@hv.is



HEILSUVERND

því hver dagur er dýrmætur

Fyrirtæki og fjárfestar



Viðskiptastjóri

Við leitum að reynslumiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni í jákvæðum og skemmtilegum hópi Innviða og fjárfesta, sem er teymi innan sviðs Fyrirtækja og fjárfesta. Teymið ber m.a. ábyrgð á þjónustu við stærstu viðskiptavinum bankans í mannvirkjagerð, orkuviðnaði, stóriðju sem og fasteigna- og fjárfestingarfélag.

Hlutverk viðskiptastjóra er að koma auga á, greina, þróa og loka viðskiptatækifærum með núverandi og nýjum viðskiptavinum. Hann þarf að hafa frumkvæði til að koma á nýjum viðskiptasamböndum og drifkraft til að leita nýrra viðskiptatækifæra. Viðskiptastjórnun og yfirsýn er rauði þráðurinn í þessu starfi. Starfið er fjölbreytt og snýr að flestum þeim verkefnum sem teymið ber ábyrgð á.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi og þekking á íslensku atvinnulífi
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Reynsla af störfum hjá fjármálafyrirtæki æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og kraftur
- Gott vald á notkun íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is.
Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk.

Nánari upplýsingar veita:

Hjörtur Þór Steindórsson, forstöðumaður Innviða og fjárfesta, hjortur.steindorsson@islandsbanki.is 844 4503.

Á Mannauðssviði, Sigrún Ólafsdóttir sigrun.olafs@islandsbanki.is, 844 4172.



Veðurstofa Íslands



Náttúruvár- sérfræðingur

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða tvo sérfræðinga í vöktun náttúruvár. Um er að ræða fjölbreytt vaktavinnustarf og eru vaktir unnar á öllum tímum sólarhringsins. Starfið heyrir undir **Eftirlits- og spásvið** og starfa um 50 manns á sviðinu.

Meginhlutverk

- ▶ Veðurathuganir í Reykjavík og almenn vöktun á veðri.
- ▶ Fylgjast með ástandi jarðskorpu og greina breytingar á virkni í jörðu. Staðsetja og yfirfara jarðskjálfta.
- ▶ Fylgjast með virkni vöktunarkerfa.
- ▶ Meta stöðu íslenskra vatnsfalla og mögulega flóðahættu..
- ▶ Útgáfa tilkynninga um náttúruvá.
- ▶ Frágangur gagna.
- ▶ Miðlun upplýsinga til almennings, fjölmiðla og hagsmunaaðila, þ.m.t. útvarpslestur.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf á sviði náttúru- og/eða raunvísinda. eða sambærileg menntun.

- ▶ Greiningarhæfni gagna og gott vald á úrvinnslu þeirra.
- ▶ Góð tölvufærni.
- ▶ Skipulagshæfni og nákvæmni.
- ▶ Geta til að vinna undir álagi.
- ▶ Hæfni til að miðla upplýsingum.
- ▶ Góð hæfni í samstarfi og mannlegum samskiptum.
- ▶ Hæfni til að taka skjótar ákvarðanir og sýna frumkvæði.
- ▶ Gott vald á töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Kristín Jónsdóttir**, hópstjóri náttúruvörvöktunar (kristinj@vedur.is) og **Borgar Evar Axelsson** mannauðsstjóri (borgar@vedur.is) í síma **522 6000**.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfín á www.starfatorg.is.

Umsóknarfræstur er til og með **14. maí. 2018 nk.**

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 110 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökklum og hafi. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

www.vedur.is
522 6000

Visir hf. óskar eftir að ráða vélavörð sem getur leyst yfirvelstjóra af á Fjölni GK 1136. Fjölnir er línuveiðiskip með beitningarvél.

Nánari upplýsingar um borð í síma 856-5735 eða 851-2215 eða á heimasíðu Vísir www.visirhf.is.



Flöskumóttaka Endurvinnslan

Verkstjóri

Endurvinnslan hf óskar eftir að ráða öflugan verkstjóra til starfa.

Um er að ræða krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki. Verkstjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi, leiðir hóp starfsmanna og ber ábyrgð á frammistöðu hópsins og samskiptum við viðskiptavinum.

Starfssvið:

- Ábyrgð á daglegum rekstri móttöku vara.
- Úrlausn vélabilana og vandamála varðandi vélbúnað.
- Ábyrgð á því að öryggisreglum sé fylgt.
- Ábyrgð á því að starfsmenn framfylgi stefnu fyrirtækisins.
- Umsjón með starfsmannamálum og vaktaplani.

Umsóknir berist á evhf@evhf.is og upplýsingar gefnar í síma **5888522**



HEFUR ÞÚ FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTULUND OG VILT VINNA Í SKEMMTILEGU TEYMI?

Sölumaður nýrra og notaðra bíla

Bílabúð Benna leitar að öflugum einstaklingi í starf sölumanns nýrra og notaðra bíla á Krókhálsi 9, Reykjavík. Starfið felur í sér kynningu, sölu, frágang og afgreiðslu á nýjum og notuðum bílum. Umsækjandi þarf að hafa góða framkomu, vera þjónustulipur, samvisskusamur og geta sýnt frumkvæði í starfi. Um framtíðarstarf er að ræða. Aðeins vanir sölumenn koma til greina.

Starfssvið:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Gerð tilboða

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku er skilyrði
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Útsjónarsemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um stöðuna.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist í síðasta lagi mánudaginn 07. maí, merkt: „Sölumaður-nýir og notaðir“ á netfangið: benni@benni.is. Fullum trúnaði er heitið.

Gjaldkeri í bílasölu

Bílabúð Benna leitar að þjónustulundaðum einstaklingi í starf gjaldkera í sölu nýrra og notaðra bíla í Reykjavík. Í starfinu felst frágangur á lánamálum, reikningagerð og uppgjör við viðskiptavinum. Umsækjandi þarf að hafa góða framkomu, vera þjónustulipur, samvisskusamur og nákvæmur. Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfssvið:

- Umsjón með uppgjörum
- Frágangur lánaumsókna
- Gerð reikninga
- Umsjón með rekstrarleigu

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi þjónustulund og lausnamiðuð vinnubrögð
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Útsjónarsemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um stöðuna.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist í síðasta lagi mánudaginn 14. maí, merkt: „Gjaldkeri“ á netfangið: benni@benni.is. Fullum trúnaði er heitið.



Bílabúð Benna ehf. er 43 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamansins. Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða. Bílabúð Benna ehf er umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Opel og SsangYong. Sölueld er staðsett í nýjum og glæsilegum sýningarsal við Krókháls.





Rekstraraðili óskast

Skeljungur hf. auglýsir eftir aðila til að taka við rekstri verslunar fyrirtækisins við bensinstöð Orkunnar á Fáskrúðsfirði.

Um er að ræða sjálfstæðan rekstur og umsjón með bensinstöð.

Hér er á ferðinni spennandi tækifæri fyrir traustan aðila með áhuga á fjölbreyttu starfi í beinum samskiptum við viðskiptavini.

Reynsla af rekstri æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Logi L. Hilmarsson í síma 444 3000 eða á netfangið llh@skeljungur.is



GAKKTU TIL LIÐS VIÐ KRAFTMIKINN HÓP

Við hjá Kletti - sölu og þjónustu óskum eftir að ráða þjónustulipran og ábyrgðarfullan sölumann í varahlutadeild Kletts.

HÆFNISKRÖFUR

- Þekking á vörubílum og vinnuvélum
- Lausnamiðuð, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og snyrtimennska
- Frumkvæði og geta til að vinna eftir stöðlum framleiðanda
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði töluð og rituð
- Góð tölvukunnátta

Umsóknir sendist á svsi@klettur.is til og með 12. maí 2018. Óskað er eftir ferilskrá með meðmælum og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða þess að sótt er um starfið. Nánari upplýsingar veita Sveinn Símonarson, framkvæmdastjóri þjónustusviðs (svsi@klettur.is, s. 825 5752) og Bjarni Friðrik Jóhannsson, verslunarstjóri (bfj@klettur.is, s. 825 5754).

Klettur er leiðandi í sölu og þjónustu vörubíla, vinnuvéla og tækja. Hjá Kletti vinna um 95 manns við þjónustu og sölu á meðal annars Scania og Caterpillar tækjum og vélum, IR loftpressum og Goodyear hjólbörðum.

Gildi Kletts eru heiðarleiki, fagmennska, liðsheilid og staðfesta.

KLETTUR



SCANIA

CAT

MULTI ONE

GOODYEAR

IR Ingersoll Rand

KLETTAGARÐAR 8-10
590 5100
www.klettur.is

Air Atlanta is looking for quality people



Manager Safety

Manager Safety monitors and administers the daily activities of the Safety Management System.

Main Tasks:

- Administration of the Safety Management System
- Managing the Internal Occurrence Reporting system
- Analysing data and statistics preparation
- Responsible for promoting Safety and Training
- Managing the Emergency Response Plan

Qualifications

- Education related in the field of aviation
- Experience in the aviation field, operations or maintenance
- Knowledge of aviation regulatory environment
- Knowledge in statistical analysis
- Very good computer knowledge
- Good knowledge of the English language

Manager Compliance - Operations

Manager Compliance - Operations, monitors the daily activities in flight operations, ground operations and crew training departments, to verify that the operations activities are in compliance with the organisation's procedures and accepted standards.

Main Tasks:

- Responsible for the administration of the Compliance Monitoring System for flight operations, ground operations and crew training
- Conducting internal and external audits
- Liaising with internal departments regarding compliance issues
- Liaising with authorities and external auditing entities

Qualifications

- Education related in the field of aviation
- Experience in the aviation field, preferably in the area of airline operations
- Experience in compliance monitoring
- Knowledge of aviation regulatory environment
- Good computer knowledge
- Good knowledge of the English language

Operations Officers

Operations Officers are a part of the Operations Control Center (OCC). The team prepares, plans and controls the ongoing flight operation in accordance with procedures. The Operation Control Center operates shifts 24/7.

We are looking for people who have:

- Experience in airline operations environment would be preferred
- Skills to work under intensive time pressure
- Good English proficiency
- Great computer skills
- Completed secondary school or similar education

Visit airatlanta.com for further information and apply online. Application deadline: 10th May, 2018

About Air Atlanta Icelandic

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service providers in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry. The current fleet consist of fifteen wide-body aircraft of two types; Boeing 747-400 and Airbus A340-300. We have a worldwide operation but the Company's headquarters is located in the municipality of Kópavogur, Iceland.



Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

Skólastjóri

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða skólastjóra við Grunnskólann í Þorlákshöfn. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu og skýrri sýn á skólastarf og veitir faglega forystu til framtíðar þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn að viðhalda þeim góða skólabrag sem hefur einkennt starf Grunnskólans í Þorlákshöfn.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst næstkomandi eða fyrr eftir samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi aðili verði búsettur í sveitarfélaginu.

Umsóknarfrestur

21. maí

Meginhlutverk skólastjóra er að

- Veita faglega forystu og móta framtíðarsýn í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6650

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða.
- Farsæl stjórnunar- og kennslureynsla og reynsla af grunnskólastarfi.
- Færni í starfsmannastjórnun sem og í fjármálastjórnun og áætlunargerð.
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á þróunarstarfi.



Í skólanum eru um 230 nemendur í 1.-10. bekk. Við skólann starfar hæft og vel menntað starfsfólk og stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru: Vinátta, virðing og velgengni. Skólinn er Grænfánaskóli þar sem nemendur vinna af metnaði að umhverfismálum og minnkun matarsóunar. Húsnæði skólans er afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamállum af miklum metnaði og styður við menntun grunnskólakennara sinna. Í skólanum er lögð rík áhersla á að koma til móts við fjölbreyttar þarfar allra nemenda.

Hamingjan er hér!



Leikskólinn Kópasteinn - aðstoðarleikskólástjóri

Við erum að leita að þér!

Við í Kópasteini erum að leita að metnaðarfullum og áhugasömum aðstoðarleikskólástjóra til að taka þátt í skemmtilegu skólustarfi.

Leikskólinn Kópasteinn tók til starfa árið 1964 og er elsti leikskóli Kópavogs. Hann er staðsettur á fallegum stað í vesturbæ Kópavogs, við Borgarholtið. Kópasteinn er fjögurra deilda leikskóli og þar dvelja 73 börn á aldrinum eins til sex ára. Húsakynni og umhverfi leikskólans býður uppá spennandi tækifæri til náms og starfa fyrir börn og starfsfólk. Leikskólustarfið byggir á tónlist, hreyfingu, skapandi starfi og lífsleikni. Kópasteinn er þátttakandi í vináttuverkefni Barnaheilla. Einkunnarorð skólans eru: **Gaman saman.**

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun er skilyrði
- Framhaldsmenntun (MA, MED, MBA eða diplóma að lágmarki) á sviði leikskólafræða, stjórnunar eða sambærilegra greina æskileg
- Reynsla af starfi í leikskóla er skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri mikilvæg
- Hæfni til að leiða faglega forystu og góð færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenski tungu
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL.

Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2018.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Heiða Björk Rúnarsdóttir leikskólástjóri heidab@kopavogur.is, Sigurlaug Bjarnadóttir deildarstjóri leikskóladeildar sigurlaugb@kopavogur.is

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Röntgen Domus auglýsir eftir sumar- afleysingu í móttöku, 100% starf í boði.

Um er að ræða móttökurastöðu á líflegum og skemmtilegum vinnustað þar sem samheldinn hópur starfsmanna vinnur að sameiginlegu markmiði. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið ragga@rd.is.
Umsóknarfrestur er til og með 7.maí nk.

Röntgen Domus | Sími 551-9333 – www.rd.is



GOTT FÓLK ÓSKAST

VIÐGERÐARMENN

Við leitum að starfskröftum með reynslu og góða hæfni til vinnuvélavíðgerða.

MECHANICS

We seek to employ mechanics with experience and good qualifications to work on machinery repairs.

Umsóknir sendist á hg@velafl.is
Umsóknarfrestur er til 15. maí 2018.



Rauðhelli 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



KJARAFÉLAG
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA
OG HAGFRÆÐINGA

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er stéttarfélag og hefur þann megin tilgang að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta réttinda þeirra. Félagsmenn starfa á öllum vinnumarkaðinum og félagið er óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda og ráðningarfórm. Félagið er þriðja fjölmennasta stéttarfélag innan Bandalags háskólamanna. www.kjarafelagvh.is

Framkvæmdastjóri KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra.

Starfssvið:

- Rekstur og dagleg umsjón skrifstofu
- Ber ábyrgð á starfsemi félagsins gagnvart stjórn
- Ráðgjöf til félagsmanna vegna kjara- og réttindamála
- Undirbúningur og gerð kjarasamninga félagsmanna

Hæfniskröfur:

- Viðskiptafræði- eða hagfræðimenntun
- Reynsla af kjarasamningsgerð
- Þekking og reynsla af vinnumarkaðsmálum
- Góð greiningarhæfni áskilin
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti áskilin
- Rík þjónustulund og færni í samskiptum og samvinnu
- Geta til að mæta álagi
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í störfum



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí.

Barnaheimilið Ós óskar eftir leikskólakennara eða áhugasömum leiðbeinanda.

Ós er lítill leikskóli með langa sögu og stórt hjarta. Skólinn er rekin af foreldrum barnanna hverju sinni og þar er rík áhersla lögð á metnaðarfullt faglegt starf og nána samvinnu. Ós er til húsa við Skerplugötu 1 í vesturbæ Reykjavíkur. Um er að ræða 100% starf.

Nánari upplýsingar veitir **Sigrún Eiríksdóttir, leikskólastjóri (leikskolastjóri@barnaheimilidos.is / 552 3277).**

Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR



Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 122 fasteignir og er heildarverð safnsins um 329 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

Fjármálasvið Regins leitar að öflugum liðsmanni

Vegna aukinna umsvifa óskar Reginn eftir að ráða öflugan liðsmann á fjármálasvið félagsins. Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af bókhaldi og hafa komið að flestum þáttum þess.

Starfssvið:

- Ábyrgð og umsjón með skráningu bókhalds
- Afstemmingar banka- og bókhaldsreikninga, viðskiptamanna og lánardrottna
- Umsjón með uppáskriftarkerfi og gerð greiðslubunka í samráði við gjaldkera
- Umsjón með reikningagerð
- Umsjón með uppgjörum húsfélaga
- Eftirlit með sjóðsuppgjöri og afstemming á því
- Uppgjör á virðisaukaskatti
- Almenn upplýsingagjöf
- Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin af yfirmanni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Menntun á sviði bókhalds eða fjármála
- Þekking á Navision er kostur
- Tölugleggni, metnaður og drifkraftur
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Hæfni í samskiptum og rík þjónustulund
- Góð aðlögunarhæfni og jákvæðni



Upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Um er að ræða starf á grundvelli 33. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Til aðstoðar dómurum eru ráðnir lögfræðingar sem fullnægja skilyrðum 2.-6. tölul. 2. mgr. 29. gr. sömu laga og starfa þeir á ábyrgð dómstjóra. Nánari upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna má finna á vef dómstólanna, www.domstolar.is.

Löglærður aðstoðarmaður dómara

Laus er staða löglærðs aðstoðarmanns dómara við Héraðsdóm Reykjaness. Aðstoðarmaður dómara þarf að búa yfir skipulagshæfileikum og vera sjálfstæður í starfi, ásamt því að vera sveigjanlegur og sýna færni í mannlegum samskiptum. Laun eru í samræmi við ákvæði stofnanasamnings Stéttarfélags lögfræðinga og dómstólaráðs. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af störfum innan dómskerfisins og geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Meðferð útvistarmála í eigin nafni, þ. á m. áritun stefna og ritun dóma og úrskurða
- Áritun sektarboða og aðfararbeiðna
- Umsjón með reglulegu dómþingi í einkamálum, gjaldprotamálum og sakamálum
- Frumskoðun sakamála, útgáfa fyrirhalls og þingfesting máls
- Ritun úrskurða / ákvarðana í eigin nafni í útburðar- og innsetningarmálum og gjaldprotamálum, sem og úrskurða á grundvelli laga um skipti á dánarbúum, enda sé vörnum ekki haldið uppi
- Meðferð greiðsluaðlögunarmála og aðstoð við dómara í ágreiningsmálum vegna slíkra mála
- Meðferð sífjamála og vitnamála
- Aðstoð við samningu dóma og úrskurða í almennum einkamálum þar sem tekið er til varna, svo og aðstoð við samningu úrskurða í ágreiningsmálum er varða gjaldprotaskipti, dánarbússkipti, sviptingu lögræðis, aðfaragerðir, nauðungarsölu og þinglýsingar



Upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir
 inga@hagvangur.is
 Ráðningin er tímabundin til 5 ára.
 Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.
 Umsóknir skulu gilda í allt að 6 mánuði.
Umsóknarfrestur er til og með 14. maí nk.
 Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Kópavogsbær óskar eftir deildarstjóra gatnadeildar

Deildarstjóri gatnadeildar ber ábyrgð á rekstri gatnadeildar. Í því felst meðal annars ábyrgð á götum, vatnsveitu, fráveitu, opnum svæðum, lóðum og leikskólasvæðum. Hann ber m.a. ábyrgð á sorphirðu, mengunarmálum, vinnuskóla, sumarvinnu og vörslu bæjarlands.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðu starfsumhverfi hjá framsæknu sveitarfélagi sem er í mikilli uppbyggingu. Starfið býður upp á mikla möguleika og fjölbreytni fyrir öflugum verk- eða tæknifræðingum.

Helstu verkefni

- Annast rekstur þjónustumiðstöðvar
- Rekstur og viðhald gatna, gangstétta og stíga.
- Rekstur vatns- og fráveitu.
- Rekstur opinna svæða og lóða.
- Vinnsla fjárhagsáætlunar fyrir gatnadeild.
- Umsjón með vinnuskóla og sumarvinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf, BS í verk- eða tæknifræði.
- Reynsla af rekstri og framkvæmdum æskileg.
- Reynsla af opinberri stjórnslu æskileg.
- Reynsla af starfsmannamálum æskileg.
- Þekking í Navision, Autocad, Word og Excel
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikrar nauðsynlegir
- Skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Frekari upplýsingar

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018.

Upplýsingar veitir Steingrímur Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs, í síma 441-0000 eða í tölvupósti steingr@kopavogur.is

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Verkefnastjóri í hugbúnaðarþróun

OR samstæðan er á fullu að undirbúa framtíðina og það reynir mikið á sérfræðingum okkar í upplýsingatæknimálum. Við þurfum að bæta í öflugan hóp okkar og leitum að **framsýnum verkefnastjóra** til að reka hugbúnaðarverkefni frá greiningu til afhendingar. Í þessu felst að **greina og meta þarfir** í samvinnu við hagsmunaaðila, koma þeim í **forritun** innan fyrirtækis eða utan, **prófa og samþykkja lausnir** og **koma þeim í rekstur**.

Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is.

Umsóknarfrestur er til og með **10. maí 2018**.

Upplýsingatækni OR þróar og rekur fjölmargar hugbúnaðarlausnir. Þér mun gefast færi á að leiða fjölbreytt verkefni í samstarfi við breiðan hóp sérfræðinga innan og utan samstæðunnar. Til að takast á við verkefni þarft þú **menntun** sem nýtist í starfi ásamt **þekkingu** á ferli hugbúnaðargerðar og **reynslu** af verkefnastjórnun. Ef þú hefur þetta allt og hugsar að auki í **lausnum** er þér ekkert til fyrirstöðu að sækja um starfið.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Orkuveita Reykjavíkur

Störf fyrir framsækið fólk

Við leitum að metnaðarfullu fólki með þjónustulund sem er reiðubúið til að takast á við spennandi verkefni í líflegu starfsumhverfi. Um er að ræða nokkur störf á ólíkum sviðum innan Advania. Við leitum að framúrskarandi fólki í teymi á sviði stjórnendaráðgjafar, þjónustu- og launamála.

Ráðgjafateymi Advania Advice

Markmið ráðgjafateymis Advania Advice er að auðvelda fyrirtækjum stafræna stefnumótun, hjálpa stjórnendum að fóta sig í flóknum tækniheimi og ná auknum árangri.

- Stjórnendaráðgjafar

Stjórnendaráðgjafar vinna náið með stjórnendum fyrirtækja og hjálpa þeim að skilgreina þá þætti sem færa viðskiptavinum virði. Í starfinu færðu tækifæri til að vera leiðandi afl í stefnumótun og þróun stafrænnar umbreytingar. Auk þess munt þú koma að vörubrúun, þjálfun og fræðslu, ýmist í formi einstaklingsráðgjafar eða með því að stýra vinnustofum.

- Ráðgjafar á sviði sölu- og markaðsmála

Hlutur stafrænnar sölu og markaðssetningar í starfi viðskiptavina okkar er sífellt að aukast. Við leitum að reynslumiklum sölu- og markaðsráðgjöfum sem geta unnið með fyrirtækjum að gerð stafrænna sölu- og markaðsáætlana sem taka mið af nútíma kröfum. Í starfinu felst ráðgjöf um val tæknilausna sem gerir viðskiptavinum kleift að ná markmiðum sínum í sölu og markaðssetningu.

- Þjónustuhönnuðir

Við leitum að fólki sem kann að hugsa hlutina upp á nýtt og getur gert viðskiptavinum Advania kleift að fara fram úr væntingum sinna viðskiptavina. Meðal helstu verkefna eru greining á ferðalagi viðskiptavina, stefnumótun og þróun nýrra þjónustuaðferða. Reynsla af grafískri hönnun, viðmótshönnun og almennri myndrænni framsetningu er kostur.

- Agile verkefnastjórar

Við leitum að verkefnastjórum sem starfa eftir Agile-aðferðafræðinni til að sjá um daglega stjórnun teyma. Í sameiningu vinna teymin fjölbreytt verkefni fyrir viðskiptavinum Advania. Meðal verkefna má nefna hugbúnaðarþróun og þróun stafrænna vara.

Þjónustufulltrúi

Við leitum að manneskju með þjónustulund sem elskar mannleg samskipti og hefur gaman af upplýsingatækni. Starf þjónustufulltrúa er tvíþætt en um er ræða starf í móttöku í höfuðstöðvum Advania og vinnu á þjónustuborði þar sem viðkomandi sinnir fjölbreyttum málum fyrir viðskiptavinum.

Launaráðgjafi

Við leitum að talnaglöggi manneskju með reynslu af launavinnslu, góða tölvukunnáttu og samskiptafærni. Þekking á H3-launakerfinu er mikill kostur. Launaráðgjafi þjónustar launafulltrúa fyrirtækja og veitir viðskiptavinum Advania ráðgjöf á sviði launavinnslu. Auk þess kemur launaráðgjafi að innleiðingu og uppsetningu launakerfa, og aðstoðar viðskiptavinum við ferla sem snúa að launavinnslu.

Kynntu þér störfin nánar á www.advania.is/atvinna.
Nánari upplýsingar veitir Sigríður Gisela Stefánsdóttir,
radningar@advania.is / 440 9000.

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Ef þú leitar að spennandi verkefnum, góðu vinnuumhverfi og hressum vinnufélögum, þá finnur þú það hjá okkur. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!

Fjármálastjóri á skapandi vinnustað

Íslenska auglýsingastofan auglýsir eftir hæfileikaríkum og kraftmiklum fjármálastjóra til starfa.

Íslenska hefur verið í fremstu röð auglýsingastofa á Íslandi um árabíl og starfar fyrir mörg af öflugustu fyrirtækjum og vörumerkjum landsins. Stofan hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga hér heima og erlendis og hefur verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi mörg undanfarin ár.

Íslenska veitir viðskiptavinum sínum heildarþjónustu á sviði markaðsmála. Þar starfa nú um 50 manns í skapandi, krefjandi og umfram allt skemmtilegu umhverfi.

Starfssvið

- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi og fjárreiðum félagsins
- Gerð og eftirfylgni fjárhags- og rekstraráætlana
- Ábyrgð á mánaðar-, árshluta- og ársuppgjöri
- Undirbúningur gagna fyrir stjórnarfundum og aðalfund félagsins
- Greining og úrvinnsla tölulegra upplýsinga fyrir stjórnendur og viðskiptavinum
- Gerð ársreikninga í samstarfi við endurskoðanda
- Samningar við birgja og aðra samstarfsaðila
- Skattaleg uppgjör og skil á gögnum til yfirvalda
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun
- Góð tölvukunnátta og þekking á Excel
- Góð þekking á Navision fjárhagskerfinu
- Færni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum skilyrði
- Þekking á rekstrarumhverfi t.d. verkfræði-, arkitekta- eða auglýsingastofa er kostur
- Áhugi á skapandi greinum

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem – sverrir@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is og er umsóknarfrestur til og með 9. maí 2018.



islenska.is



Verkstjóri í malbikun

Vegna aukinna umsvifa og góðrar verkefnastöðu óskar Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas eftir umsóknum um starf verkstjóra í malbikun. Um er að ræða framtíðarstarf. Við leitum að að stundvísu og metnaðarfullum starfsmanni. Við höfum uppá að bjóða fyrsta flokks vinnu- aðstöðu, hvetjandi vinnuumhverfi og góðan hóp starfsmanna með mikla reynslu.

Helstu verkefni:

- Stjórnun framkvæmda á verkstað
- Umsjón og skipulagning vinnusvæða
- Þátttaka í áætlanagerð og samskipti við undirverktaka
- Skráning tækja, dagskýrsla o.fl
- Magntaka og pöntun efnis
- Ásamt fleiri atriðum sem snúa að stjórnun.

Hæfniskröfur og reynsla:

- Reynsla af stjórnun í malbikun eða öðrum framkvæmdum
- Þekking á vélum og tækjum í mannvirkjagerð
- Bílpróf og vinnuvélaréttindi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af mannaforráðum
- Menntun sem nýtist í starfi, kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð tölvuþekking s.s. á Outlook, Word og Excel
- Góð íslenskukunnátta
- Rík þjónustulund

Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf er stærsta malbikunarfyrirtæki landsins og starfssvæði er allt landið. Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir. Hlaðbær Colas hf hefur bæði ISO 9001 gæðavottun, OSHAS 18001 öryggisvottun og ISO 14001 umhverfisvottun.

Nánari upplýsingar veitir Herdís Rós Kjartansdóttir mannauðsstjóri í síma 660 1908. Umsóknir skulu sendar á netfangið herdis@colas.is.

Umsóknarfrestur er til og með 6. maí 2018.

SVIÐSSTJÓRI STERKSTRAUMS

RAFMENNT, fræðslusetur rafiðnaðarins, óskar eftir að ráða sviðsstjóra í sterkstraumi.

RAFMENNT er samstarfsvettvangur Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og hefur það hlutverk að bjóða fræðslu og styðja fræðslutengd verkefni með það að markmiði að uppfylla fræðsluþörf á sviði rafiðnaðar og svara þannig þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Félögin eru í eigu SART og RSÍ.

STARFSSVIÐ

- Skipulag og umsjón námskeiða
- Handleiðsla og kennsla
- Þróun og nýsköpun
- Kynningarmál
- Gæðamál

HÆFNISKRÖFUR

- Góð reynsla innan sterkstraums
- Reynsla af forritun stýringa kostur
- Reynsla af kennslu kostur
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
- Gott vald á íslensku og ensku í tali og ritun

MENNTUNARKRÖFUR

- Sveinspróf innan rafiðngreina sterkstraums
- Iðnmeistararéttindi á sviði sterkstraums
- Kennsluréttindi kostur
- Tæknimenntun á háskólastigi kostur

Umsóknir skulu sendar í netfangið rafmennt@rafmennt.is. Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg ferilsskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 6. maí nk.

RAF MENNT

fræðslusetur rafiðnaðarins



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru neðangreindar stöður lausar til umsóknar.

- Umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi.
- Umsjónarkennarar á elsta stigi, meðal kennslu greina eru stærðfræði og tungumál.
- Sérkennari.
- Umsjónarmaður skólabókasafns.

Í skólanum eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>
Umsóknarfrestur er til 6. maí 2018 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2018.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólastjóri



Framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) auglýsa eftir framkvæmdastjóra. SSNV er þjónustu- og samstarfsveitvangur sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra og sér um mikilvæga sameiginlega málaflokka og hagsmunamál sveitarfélaga á starfssvæðinu. Verkefni SSNV eru fjölbreytt og snúa að hagsmunum svæðisins, atvinnuþróun og rekstri sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna sem að því standa. Höfuðstöðvar SSNV eru á Hvammstanga, sjá www.ssnv.is.

Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði og hefur góða hæfileika í mannlegum samskiptum.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi og marktæka reynslu af rekstri. Þekking á sveitarstjórnarmálum æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí nk. Gengið verður frá ráðningu sem fyrst. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirbyggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

Stefán Vagn Stefánsson, formaður SSNV veitir nánari upplýsingar í síma 847-7437 og **Guðný Harðardóttir** hjá STRÁ ehf. í síma 896-3034 / 588 3031 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur.

STRÁ



VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM LIÐSFÉLAGA

VEITINGASTJÓRI

Við leitum að öflugum starfskrafti til að sjá um veitingastarfsemi félagsins en Olís rekur vörumerkin Grill 66 og Quiznos auk þess að selja fjölbreytt úrval annarra veitinga.

Starfssvið:

- Vöruþróun Grill 66 og Quiznos ásamt öðrum mat
- Gæðaeftirlit með veitingastöðum Olís, eftirlit með vöruúrvali og birgðum og samskipti við eftirlitsaðila
- Þjálfun starfsmanna, samskipti við birgja og framstillingar
- Umsjón með viðhaldi eldunartækja og búnaðar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Matreiðslumenntun er æskileg, sem og reynsla af matreiðslu og verslunarstörfum
- Góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði, sjálfstæði, skipulagshæfni og nákvæmni
- Hæfileiki til að miðla þekkingu



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

Umsóknir berist í tölvupósti til rbg@olis.is fyrir 6. maí nk.



Vinur við veginn



Geirabakarí Borgarnesi

VANTAR VANAN BAKARA SEM FYRST!

Um er að ræða stöðu yfirbakara í 100% starf.

Nánari upplýsingar veitir
Geiri bakari
í síma 437-1920/696-0025

Læknamóttökuritari

59% staða sem getur tímabundið krafist hærra hlutfalls. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi.

Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs- og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskyldu-hagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

Spennandi atvinnutækifæri í Fjarðabyggð

Deildarstjóri sérkennslu við Nesskóla

Frá og með næsta skólaári er laus staða deildarstjóra sérkennslu við Nesskóla í Neskaupstað. Starf deildarstjóra er 75% starf stjórnanda og 25% starf sérkennara.

Nánari upplýsingar veitir Einar Már Sigurðarson skólastjóri, s. 477-1124, netfang: ems@skolar.fjardabyggd.is.

Lausar kennarastöður við Grunnskóla Reyðarfjarðar skólaárið 2018-2019.

Eftirfarandi kennarastöður eru lausar við Grunnskóla Reyðarfjarðar skólaárið 2018-2019:

- Sérkennsla
- Raungreinakennsla
- UT kennsla
- Nýbúakennsla
- Almenn bekkjarkennsla - umsjónarkennari

Nánari upplýsingar veita Ásta Ásgeirsdóttir skólastjóri, asta@skolar.fjardabyggd.is og Guðlaug Árnadóttir aðstoðarskólastjóri, gudlaug@skolar.fjardabyggd.is í síma 474-1247.

Nánari upplýsingar um störf má finna inn á www.fjardabyggd.is. Hægt er að skila umsókn um ráðningarfélög Fjarðabyggðar starf.fjardabyggd.is.



FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is



Jafnlausuáttæktir
PwC

Svæðisstjóri og fagstjóri lækninga Heilsugæslunni Grafarvogí

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Grafarvogí. Svæðisstjóri mun jafnframt gegna samhliða starfi fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2018

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni þar sem öllum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og því hafa verið gerðar breytingar á skipulagi heilsugæslunnar sem miða að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukið sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðapróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði
- Sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

Hæfnikröfur

- Heimilislæknir
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg

- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

Aðrir eiginleikar

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

Nánari upplýsingar

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. júlí 2018 eða eftir nánara samkomulagi
- Upplýsingar veitir: Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri, s. 513-5000, svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Svövu K. Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra mannauðs og nýliðunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á viðtölum við umsækjendur og á innsendum gögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar. Öllum umsóknunum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli

- Umsjónakennari á yngsta stig

Flataskóli

- Leikskóla- eða grunnskólakennari

Sjálalandskóli

- Grunnskólakennari á yngsta stig
- Þroskaþjálfari

Holtakot

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

Hæðarból

- Deildarstjóri
- Þroskaþjálfari

Lundaból

- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari eða þroskaþjálfari

Fjölskyldusvið

- Starfsmaður í sumarafleysingu á heimili ungrar fatlaðrar konu

Krókamýri - heimili fatlaðs fólks

- Starfsmaður í sumarafleysingu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarfélög Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Hjúkrunarfræðingar athugið!

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa hjá speglunarþjónustufyrirtækinu Meltingarsetrinu ehf. Læknasetrinu Mjódd.

Um er að ræða hlutastarf í dagvinnu á góðum og áhugaverðum vinnustað.

Umsókn með ferilskrá og/eða fyrirspurnir sendið á: setrid@setrid.is



SECURITY GUARD SHIFT SUPERVIOR AND SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöður Security Guard Shift Supervisor og Security Guard lausar til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með **6 maí, 2018**.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking individuals for the positions of Security Guard Shift Supervisor and Security Guard. The closing date for both positions is

May 6, 2018. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

Please send your application and DS-174 form to:

reykjavikvacancy@state.gov



BIFVÉLAVIRKI FYRIR VOLVO

Brimborg óskar eftir að ráða öflugan bifvélavirkja á nýtt fólkubíla verkstæði Volvo lúxusbíla að Bíldshöfða 6 í Reykjavík. Komdu í góðan og samheldinn hóp fagmanna í framúrskarandi vinnuumhverfi. **Taktu þátt í stórsókn Volvo á Íslandi.**

STUTT STARFSLÝSING

- Vinna við viðgerðir á bifreiðum
- Greina bilanir
- Þjónusta bifreiðar

HÆFNISKRÖFUR

- Meistarapróf í bifvélavirkjun æskilegt
- Gilt bílpróf
- Stundvísi
- Heiðarleg, áreiðanleg og vönduð vinnubrögð
- Framúrskarandi þjónustulund

Vinnutími kl. 8.00-17.15 og föstudaga 8.00-16.15.

Sæktu um á brimborg.is fyrir 7. maí næstkomandi.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaeiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.



ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?

DEILDARSTJÓRI FRAMLEIÐSLUÞRÓUNAR MAREL Á ÍSLANDI

Marel leitar að kraftmiklum og útsjónarsömum einstaklingi til að leiða framleiðsluþróunarteymið á Íslandi. Viðkomandi þarf að brenna fyrir stöðugum umbótum og geta miðlað sinni þekkingu og reynslu af framleiðsluþróun til starfsmanna á einfaldan hátt.

Starfssvið:

- Leiða teymi sérfræðinga í framleiðsluþróun Marel á Íslandi
- Stýra flæði verkefna inn í framleiðsluþróunarteymið
- Samvinna við vöruþróun á Íslandi
- Samvinna við aðrar framleiðslueiningar Marel

Hæfniskröfur:

- M.Sc. gráða í verkfræði
- 3 - 5 ára reynsla af framleiðsluþróun í leiðandi hlutverki
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð þekking á verkfærum og hugmyndafræði straumlínustjórnunar
- Þekking á framleiðslutækni er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **4. maí**. Sótt er um starfið rafrænt á vef Marel, marel.is/36141

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur Þór Ágústsson framkvæmdastjóri framleiðslu, ingolfur.agustsson@marel.com eða í síma **5638000**.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 5.100 starfsmenn, þar af um 600 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugt fólk, konur og karla, sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegt mötuneyti, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.



Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Umsjónarmaður hitakerfa - Þjónustumiðstöð

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir starfsmanni í stöðu umsjónarmanns hitakerfa á Þjónustumiðstöð borgarlandsins.

Þjónustumiðstöðin sinnir margvíslegum verkefnum í borgarlandinu, hreinsun gatna og gönguleiða, vetrarþjónustu, grasslætti, uppsetningu og viðhaldi umferðar- og gangbrautaljósa og umferðamerkja, útleigu á lokunarbúnaði og fánaborgum, umsjón og viðhaldi hitakerfa auk eftirlits með framkvæmdum veitustofnana.

Starfssvið

- Umsjón með hitakerfum í borgarlandinu
- Umsjón með drykkjarfontum í borgarlandinu
- Stjórnun og eftirfylgni verkefna
- Verkbókhald, yfirferð og samþykkt reikninga
- Samskipti við ýmsa hagsmunaaðila, íbúa og aðrar stofnanir Reykjavíkur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Starfið krefst iðnmenntunar sem nýttist í starfi
- Þekking og reynsla af hitakerfum
- Starfsmaður þarf að vera fær í mannlegum samskiptum og búa yfir frumkvæði og skipulagshæfileikum því hann vinnur mjög sjálfstætt
- Almenn ökuréttindi skilyrði
- Vinnuvélapróf er kostur
- Ákveðni, frumkvæði og geta til að vinna undir álagi
- Þekking á gatna og stígakerfi Reykjavíkur

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi kjarafélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Ingvarsson, deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar borgarlandsins bjorn.ingvarsson@reykjavik.is eða í síma 411-1111.

Umsóknarfrestur er til 15.maí nk. Sótt er um starfið á heimasíðu Umhverfis- og skipulagssviðs, www.reykjavik.is undir „Störf í boði“ - „Umsjón hitakerfa.“

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Náms- og starfsráðgjafi Borgarholtsskóli

Laus er til umsóknar staða náms- og starfsráðgjafa við Borgarholtsskóla frá og með 11. ágúst 2018. Um er að ræða afleysingu til 11. mars 2019.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is fyrir 12. maí 2018.

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir lái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir, í bóknaði, listnámi, íðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: agi, virðing, væntingar.



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • sjúðmennt

www.bhs.is

Vilt þú leiða Vegagerðina inn í framtíðina?

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir embætti forstjóra Vegagerðarinnar

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur leiðtogaþæfileika, er framsýnn í hugsun, hefur sýnt hæfni í samskiptum og samvinnu og hefur metnað til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

Forstjóri Vegagerðarinnar stýrir stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri. Vegagerðin hefur það hlutverk að þróa, byggja upp, viðhalda og reka samgöngumannvirki og samgöngukerfi landsins.

Á meðal annarra verkefna Vegagerðarinnar eru nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarf, almenningssamgöngur, samgönguöryggi, upplýsingamiðlun og alþjóðasamstarf.

Í umsókn skal koma fram sá árangur sem umsækjandi hefur náð í starfi og viðkomandi telur að nýttist í starfi forstjóra Vegagerðarinnar.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri. Eins má finna frekari upplýsingar á heimasíðu ráðuneytisins www.SRN.is og starfatorg.is Umsóknum skal skila rafrænt á starf@SRN.is



**SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ**

Grafískur hönnuður / arkitekt

Við leitum að grafískum hönnuði eða arkitekt til liðs við okkur hjá Syrusson hönnunarhúsi.

Um er að ræða 100% starfshlutfall í mjög fjölbreytilegu og spennandi starfsumhverfi þar sem alltaf er eitthvað nýtt og spennandi að gerast

Helstu hæfniskröfur:



- Menntun og reynsla í grafískri hönnun
- Góð færni í helstu forritum svo sem Rhino, Photoshop, Illustrator, Indesign, Lightroom
- Gott vald á íslensku og ensku
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Hæfileiki til að vinna bæði í hópi sem og sjálfstætt



Helstu verkefni:

- Hönnun og hugmyndavinna
- 3D vinnsla á hönnun, rýmum o.fl
- Framleiðsluteikningar fyrir verksmiðjur
- Samskipti við viðskiptavinum, ráðgjöf og sala

Sendið umsókn og ferilskrá á syrusson@syrusson.is

Umsóknarfrestur er til 14.maí

Frekari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 588-4555



Syrusson Hönnunarhús

Síðumíla 33 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

SÉRFRÆÐINGUR Í ÚTLÁNAÁHÆTTU

► Bankasvið leitar að sérfræðingi í útlánaáhættu

Hlutverk bankasviðs er að starfrækja áhættumiðað eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra fjármálfyrirtækja. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi fjármálfyrirtækja á grundvelli gagnaskila, mat á áhættu og áhættustýringu þessara aðila.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að mati og eftirliti með útlánaáhættu, greiningu kerfislegrar útlánaáhættu og þróunar viðmiða Fjármálaeftirlitsins við mat á eiginfjárförf fjármálfyrirtækja vegna útlánaáhættu.

Starfssvið

- Mat og eftirlit með útlánaáhættu fjármálfyrirtækja og lánamarkaði almennt
- Þróun og framfylgni áhættumats varðandi útlánaáhættu
- Þróun og framkvæmd viðmiða Fjármálaeftirlitsins við mat á eiginfjárförf vegna útlánaáhættu
- Greining á aðferðafræði, innri ferlum og áhættustýringu fjármálfyrirtækja er varða útlánaáhættu
- Þátttaka í fjármálastöðugleikasamstarfi við Seðlabanka Íslands
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilegu, einkum á sviði áhættugreiningar
- Viðeigandi þekking og reynsla á fjármálamarkaði
- Reynsla og þekking á útlánaáhættu fjármálfyrirtækja
- Rík greiningarhæfni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu sem og jákvætt viðmót

Frekari upplýsingar veita Elmar Ásbjörnsson, forstöðumaður á bankasviði (elmar@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Viðskiptaráð Íslands auglýsir eftir lögfræðingi ráðsins. Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við bjóðum upp á lifandi vinnustað ásamt ríku tækifæri til að móta eigið starfsumhverfi.

Helstu verkefni

- Gerð umsagna um þingmál
- Seta í nefndum og ráðum fyrir hönd Viðskiptaráðs
- Lögfræðileg ráðgjöf gagnvart framkvæmdastjóra og stjórn
- Skýrsluskrif og önnur útgáfustarfsemi, t.d. á sviði stjórnarháttu fyrirtækja
- Aðstoð við greiningarvinnu tengda efnahagsmálum og rekstrarumhverfi fyrirtækja
- Aðkoma að alþjóðlegu samstarfi
- Umsjón með Gerðardómi Viðskiptaráðs
- Önnur tilfallandi dagleg skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættis- eða grunn- og meistaraþróf í lögfræði (með góðum námsárangri)
- Viðeigandi starfsreynsla er æskileg en ekki nauðsynleg
- Grunnþekking á efnahagsmálum og rekstrarumhverfi atvinnulífsins
- Greiningarhæfileikar og geta til að setja sig hratt inn í ólík viðfangsefni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Afburða hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á vi@vi.is. Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2018. Nánari upplýsingar veitir Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í síma 510 7100.

Viðskiptaráð Íslands var stofnað árið 1917 sem frjáls félagasamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi.

Frekari upplýsingar um starfsemi ráðsins má nálgast á www.vi.is.



Við Grunnskóla Grindavíkur eru eftirfarandi stöður lausar:

Stöður umsjónarkennara á öll skólastig

Staða námsráðgjafa til eins árs

Umsóknarfrestur er til **13. maí** en ráðið er í stöðurnar frá **1. ágúst 2018**.

Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/grunnskolin>.

- Við leitum að einstaklingum með réttindi til kennslu í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, og góðir í mannlegum samskiptum, með skipulagshæfileika, eru sveigjanlegir og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið gudbjorgms@grindavik.is

Nánari upplýsingar veitir **Guðbjörg M. Sveinsdóttir** skólastjóri í síma 420-1200.

Rekstrarstjóri fasteigna Borgarholtsskóli

Laus er til umsóknar staða rekstrarstjóra fasteigna við Borgarholtsskóla frá og með 13. ágúst 2018.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is fyrir 12. maí 2018.

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skipandi skóli sem leggur áherslu á að allir lár nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir: í bóknaði, listnámi, íönnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: agl, virðing, væntingar.



VILTU HAFA GAMAN?

Vegna aukinna umsvífa þarf Ferðaskrifstofan Gaman Ferðir að bæta við sig röggsumum og duglegum starfskrafti sem allra fyrst.

Helstu verkefni eru sala, símsvörun og bakvinnsla ásamt öðrum verkefnum sem falla til á skemmtilegum vinnustað.

Reynsla af ferðamannabrasi er mikill kostur. Mikilvægast er þó að viðkomandi umsækjandi sé hress og skemmtilegur, geti unnið sjálfstætt og sé fljótur að tileinka sér nýja hluti. Vinnutími er alla virka daga milli klukkan 9-17.

Áhugasamir geta sent tölvupóst með umsókn á **vinna@gaman.is**. Umsóknarfrestur er til 7. maí.



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Upplýsingafulltrúi

Dómsmálaráðuneytið leitast að drifandi og dugmiklum einstaklingi til að sinna hlutverki upplýsingafulltrúa ráðuneytisins. Upplýsingafulltrúi ber m.a. ábyrgð á fjölmiðlatengslum og upplýsingagjöf vegna starfsemi ráðuneytisins, annast gerð fréttatilkynninga, ritstýrir innri og ytri vef, annast útgáfumál og kemur að skipulagningu viðburða á vegum ráðuneytisins. Hann er ráðherra, ráðuneytisstjóra og öðrum starfsmönnum til ráðgjafar um kynningarmál og samskipti við fjölmiðla og ber ábyrgð á mótun og eftirfylgni samskiptastefnu ráðuneytisins.

Hæfniskröfur:

- Hæfni til að koma fram fyrir hönd ráðuneytisins
- Hæfni í miðlun upplýsinga
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Færni í textagerð og framsetningu kynningarefnis
- Góð íslensku og enskukunnátta, kunnátta í öðrum tungumálum er kostur
- Geta til að vinna hratt og vel undir álagi
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Samvinnu- og samskiptalipurð og fagleg framkoma

Nánari upplýsingar veitir Haukur Guðmundsson, ráðuneytisstjóri í síma 545 9000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk.

Umsóknir skulu berast í gegnum starfatorg.is

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu um sóknar og hæfni til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.



ÍSAFJARÐARBÆR Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar - Ráðgjafi í barnavernd

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar auglýsir laust til umsóknar starf ráðgjafa í barnavernd. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um er að ræða 100% starfshlutfall og er umsóknarfrestur til og með 2. maí 2018. Næsti yfirmaður er deildarstjóri í barnavernd.

Helstu verkefni

- Móttaka barnaverndartilkynninga og skráning
- Vinnsla barnaverndarmála, samskipti og samvinna við börn og foreldra
- Samskipti við aðrar stofnanir við vinnslu barnaverndarmála
- Situr teymisfundu og aðra fundi samkvæmt samkomulagi við deildarstjóra í barnavernd
- Tekur þátt í siskráningu
- Virk þátttaka í stefnumótun, mótun verkferla, starfsáætlana og endurskoðun á reglum í málaflokknunum

Menntun og hæfniskröfur

- Starfsréttindi félagsráðgjafa
- Starfsreynsla og þekking á sviði barnaverndar æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sveigjanleiki
- Góð yfirsýn, vandvirkni og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Þarf að geta tjáð sig á a.m.k. einu tungumáli öðru en íslensku

Til greina kemur að ráða starfsmann með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfinu ef enginn félagsráðgjafi sækir um. Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félagsráðgjafafélag Íslands eða viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknum skal skilað til Baldurs Inga Jónssonar mannauðsstjóra í tölvupósti balduro@isafjordur.is. Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug M. Júlíusdóttir, deildarstjóri í barnavernd, í síma 450-8000 eða í tölvupósti gudlaug@isafjordur.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

-Við þjónum með gleði til gagns-



Barnaverndarstofa



STARF ÆRAPISTA Í FJÖLKERFAMEÐFERÐ (MST) Sálfræðingur / Félagsráðgjafi

Um er að ræða fullt starf sem felst í meðferðarvinnu með fjölskyldum unglunga sem glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda. Meðferðin fer fram á heimili og í nærsamfélagi fjölskyldunnar í samstarfi við skóla og aðra lykilaðila svo sem heilbrigðisstofnanir, barnavernd og aðra sérfræðinga. Ærapistar starfa undir stjórn sálfræðings sem er handleiðari og teymisstjóri og eftir meðferðarreglum og aðferðum MST. Nánari upplýsingar um starfið má finna á starfatorg.is

Menntun og reynsla

- Krafa um masterspróf og starfsréttindi sem sálfræðingur eða félagsráðgjafi.
- Æskileg sérmenntun í meðferðarvinnu og/eða reynsla í meðferð alvarlegs hegðunarvanda barna og unglunga og fjölskyldna þeirra.
- Krafa um staðgóða þekkingu á kenningarlegum bakgrunni MST.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og kerfisbundið og að geta sett fram niðurstöður skriflega.
- Góð enskukunnátta, bæði munnlega og skriflega.

Persónulegir eiginleikar

- Lögd er áhersla á góða samstarfshæfni, sveigjanleika og jákvætt viðhorf til skjólstæðinga og samstarfsaðila.
- Mikilvægt er að búa yfir hæfni til að vinna skipulega, markmiðatengt og lausnarmiðað.

Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningu á stofuna.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí n.k.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is

Skurðhjúkrunarfræðingur

Handlæknastöðin Glæsibæ, óskar eftir að ráða skurðhjúkrunarfræðinga til starfa. Fullt starf eða hlutastarf kemur til greina.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið atvinna@handlaeknastodin.is fyrir **15. apríl nk.**

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Einarsdóttir deildarstjóri á gudrun@handlaeknastodin.is

Handlæknastöðin hefur starfrækt skurðstofur frá árinu 1984. Við stöðina starfa um 40 læknar ásamt 16 manna starfsliði skipað hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og aðstoðarfólki. Árlega eru rúmlega 7.000 skurðaðgerðir framkvæmdar á Handlæknastöðinni.



HANDLÆKNASTÖÐIN
THE SURGICAL CLINIC

Handlæknastöðin · Álfheimar 74 · 104 Reykjavík
sími: 535 6800 · www.handlaeknastodin.is



Lausar kennarastöður við grunnskóla Norðurþings:

Öxarfjarðarskóli er heildstæður samrekin leik- og grunnskóli með um alls 40 nemendum.

Við leitum eftir umsækjendum í eftirfarandi stöður:

- Íslenskukennari á unglíngastigi sem er tilbúinn að taka þátt í þróun skólastarfs með öðrum starfsmönnum skólans. Meðal kennslugreina eru: íslenska og almenn bekkjarkennsla.
- Íþróttakennari í 50% stöðu.
- Leikskólakennari við aðra leikskóladeild skólans. Þarf að hafa gott vald á íslensku.

Við leggjum áherslu á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, samvinnu og vellíðan starfsfólks og nemenda. Öxarfjarðarskóli er að innleiða uppeldisstefnuna **Jákvæður agi.**

Frekari upplýsingar veitir Guðrún S. Kristjánsdóttir skólastjóri. Sími 465 2246/892 5226
Tölvupóstur: gudrunsk@oxarfjardarskoli.is

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2018



Grunnskóli Raufarhafnar er samrekin grun- og leikskóli með alls um 20 nemendum þar sem verið er að innleiða uppeldisstefnuna **Jákvæður agi.** Skólinn nýtur mikils stuðnings frá samfélaginu og leggjum við áherslu á samvinnu, sveigjanleika sem og jákvæðni. Skólinn er í samvinnu við Rif rannsóknarstöð þar sem unnið er að ýmsum verkefnum tengdum náttúrunni.

Við leitum að áhugasömum, fjölhæfum og jákvæðum kennurum í bekkjarkennslu á yngsta- og unglíngastigi. Þekking á Byrjendalæsi er mikilvæg. Einnig vantar kennara í ýmsar verkgreinar, s.s. handmennt, smíðar, heimilisfræði og íþróttir/sund.

Frekari upplýsingar veitir Birna Björnsdóttir skólastjóri í síma 464-9870 og 893-4698 og á netfanginu birna@raufarhafnarskoli.is

Umsóknarfrestur er til 25. maí 2018

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.

Sumarstarfsmaður óskast

Óskað er eftir þjónustuliprum einstaklingi til sumarstarfa við símsvörun og létt skrifstofustörf. Unnið er eftir ákveðnu vaktafyrirkomulagi þ.e. frá klukkan 7:50 – 14:00 og 14:00 til 18:00. Einungis reglusamir og reyklusir einstaklingar koma til greina.

Umsóknir sendist á netfangið **box@frett.is** merkt „**Sumarstarf**“



Tónfræðakennari

Tónlistarskóli Kópavogs auglýsir eftir tónfræðakennara til að vinna með nemendum í grunn- og miðnámi frá og með skólaárinu 2018-19.

Umsóknir sendist á netfangið **tonlistarskoli@tonlistarskoli.is** fyrir **15. maí næstkomandi.**

Frekari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 893-7410.

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Gunnlaugur sér meðal annars um að öll ljós á Akureyrarflugvelli séu í góðu lagi. Hann er hluti af góðu ferðalagi.



Jafnlaunaúttekt PwC 2017

SÉRFRÆÐINGUR Í INNKAUPAÐEILD

Isavia óskar eftir að ráða sérfræðing í innkaupa-deild. Helstu verkefni eru m.a. umsýja með innkaupapöntunum og þarfa- og kostnaðargreiningu. Undirbúningur og framkvæmd útboða og verðfyrirspurna. Samskipti við birgja og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Kristín Gestsdóttir, deildarstjóri innkaupa-deildar, **kristin.gestsdottir@isavia.is.**

Starfsstöð: Reykjavík

SÉRFRÆÐINGUR VETRARÞJÓNUSTU

Isavia óskar eftir að ráða sérfræðing vetrarþjónustu. Helstu verkefni eru meðal annars þróun samskipta-, vöktunar- og skráningarkerfa vetrarþjónustu, samræmingar á framkvæmd veðurtengdrar þjónustu og gerð og þróun ferla og verklags vetrarþjónustu.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Góð samskiptafærni
- Góð tæknipækking

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Guðjónsdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra, **aslaug.gudjonsdottir@isavia.is.**

Starfsstöð: Keflavík

Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

UMSÓKNARFRESTUR:
13. MAÍ



ISAVIA

Ert þú oft á réttum stað á réttum tíma?

Birtingaráðgjafi með áherslu á net- og samfélagsmiðla

Íslenska auglýsingastofan auglýsir eftir hæfileikaríkum og kraftmiklum birtingaráðgjafa til starfa. Við leitum að manneskju með brennandi áhuga á samfélagsmiðlum og markaðssetningu ásamt þekkingu og reynslu af öðrum fjölmiðlum.

Íslenska hefur verið í fremstu röð auglýsingastofa á Íslandi um árabil og starfar fyrir mörg af öflugustu fyrirtækjum og vörumerkjum landsins. Stofan hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga hér heima og erlendis og hefur verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi mörg undanfarin ár.

Íslenska veitir viðskiptavinnum sínum heildarþjónustu á sviði markaðsmála. Þar starfa nú um 50 manns í skapandi, krefjandi og umfram allt skemmtilegu umhverfi.

Helstu verkefni

- Almenn birtingaráðgjöf, einkum á sviði net- og samfélagsmiðla
- Gerð birtingaáætlana og eftirfylgni
- Skýrslugerð í kjölfar herferða
- Samskipti við viðskiptavini og birtingamiðla
- Samskipti við hugmynda- og hönnunarteymi stofunnar
- Greining og úrvinnsla gagna

Hæfniskröfur

- Háskólapróf eða reynsla af vinnu við birtingar (á auglýsingastofu, fjölmiðli eða sjálfstætt)
- Reynsla af stafrænni markaðssetningu
- Ítarleg þekking á Facebook Business Manager og helstu samfélagsmiðlum
- Ítarleg þekking á Google AdWords og Google Analytics
- Þekking á öðrum PPC/SEM kerfum er kostur
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi

Umsóknir óskast sendar á starf@islenska.is og umsóknarfrestur er til 8. maí 2018.



Íslenska



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Eftirtaldar stöður eru lausar í leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar frá 9. ágúst 2018

Álfheimar

- Leikskólasérkennari, 100% starfshlutfall
- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall

Árbær

- Aðstoðarleikskólalastjóri, 100% starfshlutfall
- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall

Brimver/Æskukot

- Deildarstjóri, 100% starfshlutfall
- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall

Hulduheimar

- Deildarstjórar, 100% starfshlutfall
- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall
- Matráður, 100% starfshlutfall

Jötunheimar

- Leikskólakennarar, 100% starfshlutfall

Umsóknarfrestur er til 15. maí. 2018.

Nánari upplýsingar um störfín eru á vef Árborgar <http://arborg.is/>

Persónuverndarfulltrúi Kópavogsbæjar

Kópavogsbær óskar eftir að ráða persónuverndarfulltrúa vegna innleiðingar bæjarins á nýrri persónuverndarlöggjöf.

Persónuverndarfulltrúinn ber ábyrgð á innleiðingu persónuverndarlöggjafar hjá Kópavogsbæ. Um er að ræða 100% starf. Persónuverndarfulltrúi vinnur með gæðastjóra að rekstri gæðakerfis og tekur við hlutverki gæðastjóra Kópavogsbæjar í framtíðinni.

Helstu verkefni

- Stýrir innleiðingu persónuverndarlöggjafar.
- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um vinnslu persónuupplýsinga gagnvart stjórnendum bæjarins.
- Hefur eftirlit með starfsemi bæjarins við meðferð persónuupplýsinga.
- Annast samskipti við Persónuvernd.
- Annast önnur ytri samskipti bæjarins á sviði persónuverndarmála.
- Sinnir kynningu gagnvart starfsfólki.
- Vinnur með gæðastjóra að rekstri og þróun gæðakerfis bæjarins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi svo sem verkefnisstjórnun (MPM), lögfræði, verkfræði, viðskiptafræði og stjórnsýslufræði.
- Reynsla og þekking á gæðastjórnun, hönnun ferla og viðhald gæðaskjala.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Þekking á lögum og lagafrákvæmd á sviði persónuverndar er kostur.
- Þekking á öryggis- og upplýsingatæknimálum er kostur.
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í vinnubrögðum.
- Góð tölvukunnátta.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Páll Magnússon sviðsstjóri stjórnsýslusviðs (pallm@kopavogur.is). Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2018

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vef Kópavogsbæjar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



bókhald ehf

UN bókhald ehf óskar eftir að ráða starfsmann í 100% starf

Hæfniskröfur:

Viðurkenndur bókarari eða áralöng reynsla við bókhald
Þekking á DK bókhaldskerfi
Exelkunnátta kostur

Umsóknarfrestur er til og með 6. maí n.k.

Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið
unbokhald@unbokhald.is

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Hagstofa Íslands

leitar að metnaðarfullu og áhugasömu starfsfólki



Sérfræðingur á fyrirtækjasviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á fyrirtækjasviði. Í starfinu felst að efla skammtímatölfræði um fyrirtæki eftir atvinnugreinum auk aðkomu að öðrum verkefnum á fyrirtækjasviði.

Á FYRIRTÆKJASVIÐI ER FRAMLEIDD TÖLFRÆÐI UM

- Afkomu og rekstur fyrirtækja eftir atvinnugreinum
- Gistinætur og ferðamál
- Nýsköpun fyrirtækja og útgjöld til rannsókn- og þróunar
- Umhverfismál
- Sjávarútveg og landbúnað

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í hagfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnslu gagna í gagnagrunnsumhverfi er nauðsynleg
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu gagna er æskileg
- Hæfni í greiningu ársreikninga er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð samskiptafærni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Sérfræðingur á félagsmálasviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða starfsmann til starfa við framleiðslu hagtalna um húsnæði og búsetu á Íslandi.

Í starfinu felst að hanna nýjar hagtölur um húsnæði og búsetu, meta breytingar milli tíma-bila og vinna árlega stöðutöku. Starfsmaðurinn mun undirbúa gögn fyrir greiningu, sinna úrvinnslu gagna og sjá um birtingu auk þess að vera í samskiptum við innri og ytri hagsmunaaðila. Um er að ræða nýtt starf innan stofnunarinnar.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking á íslenskum húsnæðismarkaði er kostur
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Góð kunnátta á tölfræðiforritum (s.s. R og SPSS) er mikill kostur
- Reynsla af gagnagrunnvinnslu (t.d. SQL) er nauðsynleg
- Góð samskipta- og samstarfsfærni
- Frumkvæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2018 og skulu umsóknir berast í pósti á: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is

Sérfræðingur í félagsvísunum

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í félagsvísunum.

Starfið felst í gerð félagsvísa sem veita upplýsingar um lífskjör þjóðarinnar og aðstæður ólíkra hópa til dæmis eftir fjölskyldugerð, kyni og aldri. Að auki mun starfsmaðurinn taka þátt í rannsóknarstarfi og öðrum verkefnum innan stofnunarinnar.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking á félags- og velferðarrannsóknum er mikill kostur
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Góð kunnátta á tölfræðiforritum (s.s. R og SPSS)
- Reynsla af gagnagrunnvinnslu (t.d. SQL) er kostur
- Góð samskipta- og samstarfsfærni
- Frumkvæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000

Sérfræðingur á efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í utanríkisverslunardeild. Deildin sér um útreikning á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd. Starfið felur í sér vinnu við mælingu og útreikning vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd, útgáfu fréttatilkynninga, samskipti við gagnaveitendur, þjónustu við notendur, alþjóðlegt samstarf auk annarra tilfallandi starfa.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu
- Þekking á vinnslu gagnagrunna (t.d. SQL) er æskileg
- Afar góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi.
- Frumkvæði og nákvæmni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000

VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ BYGGJA UPP ALÞJÓÐAFLUGVÖLL?

FRAMLENGDUR UMSÓKNARFRESTUR

STAÐARSTJÓRI

Helstu verkefni eru m.a. umsjón og ábyrgð á framkvæmdaverkefnum frá hönnun til reksturs, skipulagning og yfirumsjón framkvæmdaáætlana auk ábyrgðar á fjármálastjórn framkvæmdaverkefna.

Hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun í verk- eða tæknifræði
- Viðtæk reynsla af verkefnastjórnun í mannvirkjagerð
- Reynsla eða menntun í fjármálum í mannvirkjagerð
- Reynsla af verkefnum með hátt flækjustig
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, jakobina.arnadottir@capacent.is.

TÆKNITEIKNARI

Helstu verkefni eru m.a. viðhald BIM líkanna, CAD teikninga, Landupplýsingakerfa sem og viðhald annarra gagna sem tengjast hönnun og framkvæmdum við Keflavíkurflugvöll.

Hæfniskröfur

- Tækniteiknari eða viðeigandi menntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð kunnátta á Autodesk Revit
- Þekking á BIM aðferðafræðinni kostur
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Góð enskukunnátta er skilyrði

Nánari upplýsingar veitir Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, jakobina.arnadottir@capacent.is.

VERKEFNASTJÓRI BIM

Helstu verkefni eru m.a. verkefnastjórnun hönnunar og framkvæmda, eftirfylgni verkáætlana, eftirfylgni samræmingar hönnunar og gæðagreining á hönnunargögnum.

Hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðimenntun
- Reynsla af verkefnastjórnun í mannvirkjagerð er kostur
- Samskiptahæfni og ögun í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is.

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍK

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

UMSÓKNARFRESTUR:
10. MAÍ

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

 **HAGVANGUR**

Maren og Jón Kolbeinn starfa sem verkfræðingar hjá Isavia og vinna að uppbyggingu Keflavíkurflugvallar.



VERKEFNASTJÓRI FRAMKVÆMDA

Helstu verkefni eru m.a. umsjón og ábyrgð á framkvæmdaverkefnum frá hönnun til reksturs, þ.e. vegagerð, flughlöð og akbrautir.

Hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðimenntun
- Reynsla af hönnun og eftirliti í vegagerð
- Reynsla af verkefnastjórnun í mannvirkjagerð er kostur
- Samskiptahæfni og ögun í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is.

VERKEFNASTJÓRI SAMRÆMINGAR

Helstu verkefni eru m.a. að samræma utanumhald verklegra framkvæmda sem eru í hönnun og framkvæmd í samstarfi við verkefnastjóra og verkefnastjórn.

Hæfniskröfur

- Framhalsmenntun í verk- eða tæknifræði, eða verkefnastjórnun
- Reynsla af fjárfestingarverkefnum og verkefnisáætlunum
- Reynsla af skýrslugerð
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is.



Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.



ISAVIA

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



 HAGVANGUR

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR



Reykjavíkurborg



LANGHOLTSSKÓLA

Lausar stöður við Langholtsskóla skólaárið 2018-2019

- Deildarstjóri (50%) og kennari (50%) á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Heimilisfræðikennari í afleysingu í eitt ár
- Sérkennari
- Kennari í sérdeild fyrir nemendur með einhverfu í afleysingu frá 1. ágúst 2018 til 31. janúar 2019
- Skólaliði í mótuneyti og ræstingu (laus nú þegar)

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar:
<http://reykjavik.is/laus-storf> og hjá

Hreiðari Sigtryggssyni skólastjóra í síma 5533188 og á hreidar.sigtryggsson@rvkskolar.is.



Eir og Skjól hjúkrunarheimili óska eftir öflugum rafvirkja/rafiðnfræðingi til starfa

Um er að ræða sumarafleysingu með möguleika á áframhaldandi starfi.

Starfið felur í sér:

- Daglegt viðhald tækja og búnaðar
- Almennar viðgerðir raflagna

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum
- Bílpróf
- Hreint sakavottorð
- Færni í íslensku skilyrði

Upplýsingar veitir Gunnar Snorrason rafvirki í síma 869 3003.

Umsóknir má senda rafrænt í gegnum heimasíðu Eirar www.eir.is auðkenndar með: [Rafvirki_sumarafleysing_2018](#)



Fasteignasalar og nemar

Fold fasteignasala óskar eftir sölumönnum til starfa. Áhugi á sölumennsku og mannlegum samskiptum ásamt faglegum metnaði er skilyrði. Við bjóðum upp á nútímalega, fallega vinnuáðstöðu miðsvæðis í Reykjavík og reynslu-mikið starfsfólk sem vinnur vel saman að úrlausn verkefna. Löggildir fasteignasalar og þeir sem eru í löggildingarnámi geta sótt um.

FOLD
FASTEIGNASALA
Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



Grundarfjarðarbær

Starf skipulags- og byggingafultrúa

Grundarfjarðarbær auglýsir starf skipulags- og bygginga-fultrúa laust til umsóknar. Um er að ræða mjög spennandi starf í áhugaverðu umhverfi. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa starfið á traustum grunni. Skipulags- og byggingafultrúi ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjalddöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

Helstu verkefni:

- Framkvæmd skipulags- og byggingamála
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda skipulags- og umhverfisnefndar
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar, sem vinna að verkefnum á sviði byggingamála
- Yfirumsjón framkvæmda og eignasýslu í sveitarfélaginu
- Önnur verkefni

Hæfniskröfur:

- Menntun og löggilding, skv. ákvæðum 8. og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af úttektum og mælingum
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum og byggingareglugerð
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsókn skal fylgja greinargóð starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2018.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið thorsteinn@grundarfjordur.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri í síma 430 8500 eða í tölvupósti á netfangið thorsteinn@grundarfjordur.is

Leikskóli Seltjarnarness

Leikskólabörnum fjölgar á Seltjarnarnesi og við stækkum leikskólann okkar. Við þurfum því á góðu fólki að halda til liðs við okkar frábæra hóp. Skólinn státar af metnaðarfullri starfsemi og einu hæsta hlutfalli fagmenntaðra starfsmanna á landsvísu.

Frá 1. ágúst nk. óskum við að ráða í eftirfarandi störf:

- Deildarstjórar, fullt starf.
- Leikskólakennarar, fullt starf.
- Leikskólaleiðbeinandur, fullt starf.

Hafið samband og heyrið hvað við höfum upp á að bjóða! Hringið í Soffiu eða Margréti (5959280 / 5959290) eða sendið tölvupóst á netföngin soffia@nesid.is eða mandy@nesid.is

Umsókn ásamt fylgiskjölum er skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar – undir www.seltjarnarnes.is – Störf í boði.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2018.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.



SELTJARNARNESBÆR

Fasteignasali óskast

Fjárfesting Fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema í löggildingu til fasteignasala.

Miklir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á fjarfesting@fjarfesting.is fyrir 2. maí næstkomandi.



Stykkishólmsbær

Lausar stöður við Grunnskólann í Stykkishólmi. 80-100% tímabundin staða íslenskukennara á unglingsstigi frá 1. ágúst. 100% staða stærðfræðikennara á unglingsstigi frá 1. ágúst. 80-100% staða umsjónar/grunnskólakennara, nokkrir möguleikar í bóði. Frá 1. ágúst. 100% tímabundin staða umsjónarkennara frá 1. ágúst til 1. janúar.

Hæfniskröfur

- Kennsluréttindi á grunnskólastigi ásamt leyfisbréfi
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglunga
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði
- Faglegur metnaður
- Áhugi og hæfni til að starfa í teymisvinnu

100% staða deildarstjóra deildarstjóra stöðþjónustu frá 1. ágúst 2018.

Hæfniskröfur

- Menntun í sérkennslufræðum og/eða reynsla af kennslu nemenda með sérþarfir
- Minnst 2 ára reynsla af starfi í grunnskóla
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglunga
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði
- Góð tök á íslenskri tungu í ræðu og riti
- Faglegur metnaður

Stöðu umsjónarmanns í Regnbogalandi (heilsdagsskóli) frá 15. ágúst 2018

Hæfniskröfur:

- Aldurstakmark er 25 ára eða háskólapróf
- Áhugi á að vinna með börnum
- Krafist er íslenskukunnáttu
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglunga
- Tölvulæsi

Ábyrgðasvið:

- Skipuleggur starfið ásamt öðru starfsfólki
- Megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda
- Tekur þátt í uppeldis- og umsjónarstarfi og öðrum þeim störfum sem fram fara innan skólans.
- Veitir fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands og víðeigandi stéttarfélags.

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi eru 160 nemendur. *Gleði – samvinna – sjálfstæði* eru einkunnarorð skólans og störfum við eftir Uppeldi til ábyrgðar. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til að efla starfið enn frekar í þeim anda. Stykkishólmsbær eða „Bærinn við eyjarnar“ er 1100 manna bær á Snæfellsnesi með fallega náttúru og öflugt mannlíf. Í Stykkishólmi er vottað heilsueflandi vatn í sundlauginni.

Láttu Hólminn heilla þig

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Axelsdóttir skólastjóri í síma 433 8178/895-3828 eða á netfangið bergvind@stykke.is.

Skriflegum umsóknum skal skilað til skólastjóra ásamt ferilskrá fyrir **10. maí 2018**.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur í útlánaáhættu	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201804/903
Kennarar	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201804/902
Löglærður aðstoðarm. dómarar	Héraðsdómur Reykjaness	Reykjanessbær	201804/901
Náttúruvísirfræðingur	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201804/900
Sálfræðingar	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201804/899
Læknar	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201804/898
Rekstrarstjóri fasteigna	Borgarholtsskóli	Reykjavík	201804/897
Náms- og starfsráðgjafi	Borgarholtsskóli	Reykjavík	201804/896
Sálfræðingur/félagsráðgjafi	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201804/895
Lektor/dósent/prófessor	Heilbrigðisvísindastofnun HA	Akureyri	201804/894
Akademískar nafnbætur	Heilbrigðisvísindastofnun HA	Akureyri	201804/893
Sérfr. við Miðstöð skólaþróunar	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201804/892
Sérfr. við Miðstöð skólaþróunar	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201804/891
Verkefnastjóri, iðjubjálfunarfræði	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201804/890
Dómvörður	Landsréttur	Reykjavík	201804/889
Sérfræðingur á efnahagssviði	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201804/888
Svæðisstjóri og fagstjóri lækninga	Heilsugæslan Grafarvogis	Reykjavík	201804/887
Verkefnastjóri jafnaunavottunar	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201804/886
Verkstjóri	Vegagerðin	Egilsstaðir	201804/885
Verkfræðingur/tæknifræðingur	Vegagerðin	Akureyri	201804/884
Lögfræðingur	Neytendastofa	Reykjavík	201804/883
Upplýsingafulltrúi	Dómsmálaráðuneytið	Reykjavík	201804/882
Heimilislæknir	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Hverag./Ölfus	201804/881
Sérnámsstöður í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201804/880



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Doktorsnemi í verkfræði	Háskóli Íslands, Verkfr.-/náttúruvís.	Reykjavík	201804/879
Aðjúnkt í upplýsingafræði	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201804/878
Nýdoktor í vélaverkfræði	Háskóli Íslands, Verkfr.-/náttúruvís.	Reykjavík	201804/877
Doktorsnemi í vélaverkfræði	Háskóli Íslands, Verkfr.-/náttúruvís.	Reykjavík	201804/876
Sérfræðingur í fjárhagskerfum	Háskóli Íslands, Upplýsingatækni- og viðurkað	Reykjavík	201804/875
Forritari	Háskóli Íslands, Upplýsingatækni- og viðurkað	Reykjavík	201804/874
Innkaupastj. uppl.tæknibúnaðar	Háskóli Íslands, Upplýsingatækni- og viðurkað	Reykjavík	201804/873
Verkefnisstjóri á Verkefnastofu	Háskóli Íslands, Upplýsingatækni- og viðurkað	Reykjavík	201804/872
Forstöðumaður Listasafns HÍ	Háskóli Íslands	Reykjavík	201804/871
Þjónustufulltrúi	Háskóli Íslands, Menntavísindasvið	Reykjavík	201804/870
Doktorsnemi á sviði heilsueflingar	Háskóli Íslands, Menntavísindasvið	Reykjavík	201804/869
Sumarstörf	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201804/868
Tæknimaður	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201804/867
Sérkennari á sérnámsbraut	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Reykjavík	201804/866
Læknir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrúkur	201804/865
Læknir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201804/864
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201804/863
Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201804/862
Ræsting/þvottahús, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201804/861
Aðstoð í eldhús, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201804/860
Aðstoð í aðhlyningu, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201804/859
Hjúkrunarfræðingur, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201804/858
Hjúkrunarfræðingur, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201804/857
Verkefnastjóri	Landspítali, verkefnastofa	Reykjavík	201804/856
Móttökuritari	Mannvirkjastofnun	Reykjavík	201804/855
Kennari, stærðfræði	Menntaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201804/854
Móttökuritari bráðamóttöku	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201804/853
Skrifstofumaður	Landspítali, kvenna- og barnasvið	Reykjavík	201804/852
Sérfræðilæknir	Landspítali, lyflækningar krabbameina	Reykjavík	201804/851
Sérfræðilæknir	Landspítali, almennar lyflækningar	Reykjavík	201804/850
Námsstöður deildarlækna	Landspítali, geðlækningar	Reykjavík	201804/849
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, bráða- og göngudeild	Reykjavík	201804/848
Sérkennari/þroskaþjálfari	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanessbær	201804/847
Námsráðgjafi	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Grundarfjörður	201804/846
Kennari, íslenska	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Grundarfjörður	201804/845
Kennarar	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Grundarfjörður	201804/844

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Laust er til umsóknar fullt starf þjónustufulltrúa á kennsluskrifstofu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

STARFSSVIÐ

- Afgreiðsla og úrlausn á erindum nemenda, starfsfólks og gesta, þ.m.t. afgreiðsla rafrænna erinda og í síma
- Upplýsingagjöf og aðstoð við nemendur og kennara
- Upplýsingagjöf til umsækjenda um nám
- Umsýsla við móttöku og afhendingu rafrænna lokaverkefna nemenda
- Frágangur gagna fyrir brautskráningu
- Ýmis tilfallandi verk til aðstoðar deildarstjórum á Menntavísindasviði

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2018. Sótt er um starfið á vef Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið á starfatorg.is eða hjá Ásdísi Hrefnu Haraldsdóttur, kennslustjóra, sími 525 5982, netfang asdish@hi.is

HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvufærni
- Góð færni í talaðri og skrifaðri íslensku og ensku
- Ríkulegur þjónustuvilji og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þekking á starfsumhverfi og stjórnsýslu Háskóla Íslands er kostur



HÁSKÓLI ÍSLANDS



NÝ STÖRF Á UPPLÝSINGATÆKNISVIÐI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Upplýsingatæknisvið er nýtt svið innan Háskóla Íslands. Sviðið stýrir þróun upplýsingatæknimála og sér um hugbúnaðargerð háskólans, þ.m.t. Uglu sem er notað sem aðalkerfi flestra háskóla landsins. Sviðið sér um rekstur upplýsinga- og fjarskiptakerfa, notendaþjónustu og innkaup á upplýsingatæknibúnaði.

VERKEFNISSTJÓRI Í VERKEFNASTOFU

Starfssvið

- Þátttaka í mótun verkefnastofu sem ætlað er að stýra upplýsingatækniverkefnum
- Ráðgjöf um upplýsingatækni til sviða háskólans

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af verkefnisstjórnun í upplýsingatækni
- MPM-gráða er kostur

FORRITARI

Starfssvið

- Þróun fjölbreyttra og sérhæfðra hugbúnaðarlausna byggðra á opnum hugbúnaði fyrir háskólasamfélagið
- Forritun og rekstur innri vefs, Uglu, sem er í notkun hjá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólanum á Hólum

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði og/eða reynsla af hugbúnaðarþróun
- Þekking og áhugi á vefforritun og notkun gagnagrunna

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2018.

Sótt er um störfina á vef Háskóla Íslands undir laus störf.

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókn- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn eru í föstum störfum við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

S. Gunnbjörnsson ehf.
heildverslun

Snyrtivöruheildssala leitar eftir samvisskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.

Við leitum að sölumanni/bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum.

Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.

Húðfegrin

Hjúkrunarfræðingur

Við leitum að öflugum hjúkrunarfræðing á húðmeðferðarstofuna Húðfegrin ehf.

Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Um er að ræða 50-80% stöðu og kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 6. maí

Umsókn og ferilskrá sendist á hudfegrin@hudfegrin.is

Verkefnastjóri í verkefnið „Öll vötn til Dýrafjarðar“

Vestfjarðastofa, með stuðningi Byggðastofnunar, auglýsir eftir verkefnastjóra í verkefnið Brothættar byggðir sem fengið hefur nafnið „Öll vötn til Dýrafjarðar“. Verkefnastjóri gegnir hlutverki leiðtoga verkefnisins ásamt verkefnastjórn og starfar hann í umboði hennar að aðgerðum til eflingar byggðar og mannlífs á Pingeyri.

Um er að ræða 100% starf sem skiptist í 50% stöðu verkefnastjóra Brothættra byggða og 50% önnur verkefni Vestfjarðastofu.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Haldbær starfsreynsla og reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking á staðhættum á Vestfjörðum.
- Góð almenn rit- og tölvufærni.
- Þekking, skilningur og reynsla af byggðamálum mikilvæg.
- Frumkvæði, jákvæðni, samstarfsfærni og sjálfstæð vinnubrögð eru mikilvægir eiginleikar.

Helstu verkefni:

- Fylgja eftir ákvörðunum verkefnastjórnar.
- Hafa frumkvæði að nýjum verkefnum í byggðunum.
- Upplýsingamiðlun og skýrslugerð til íbúa og samstarfaðila.
- Íbúafundur og þátttaka í samfélagsverkefnum í sveitarfélaginu..

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Aðsetur verkefnastjóra verður á Pingeyri. Upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is).

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (sirry@vestfirdir.is).

Umsóknarfrestur er til 22. maí 2018.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið: sirry@vestfirdir.is merkt: Öll vötn til Dýrafjarðar.





Hefur þú kíkt á Job.is?

job.is *vísir*

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Grunnskólar

- Forstöðumaður dægradvalar í Hörðuvallaskóla
- Heimilisfræðikennari í Snælandsskóla
- Íslenskukennari á unglingastigi í Kársnesskóla
- Kennari á miðstig í Kársnesskóla
- Kennari í hönnun og smíði í Kópavogsskóla
- Ritari í Kópavogsskóla
- Stærðfræðikennari á unglingastigi í Kársnesskóla

- Proskapjálfi eða sérkennari í Hörðuvallaskóla
- Proskapjálfi eða sérkennari í Kársnesskóla

Leikskólar

- Afleysingastaða deildarstjóra í Sólhvörfum
- Deildarstjóri í Læk
- Fólk í sérkennslu í Fífusölum
- Leikskólakennari eða starfsmaður í Læk
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólakennari í Baug
- Leikskólakennari í Rjúpnahæð
- Leikskólakennari í Sólhvörfum
- Sérkennari/Proskapjálfi í leikskólanum Baug
- Sérkennslustjóri í Fífusölum
- Sérkennslustjóri í Læk
